

**SKOÐUN** Fiskeldi skaðar ekki lífríki Íslands, skrifar Guðbergur Rúnarsson. 19



**MENNING** Mattheusarpassían flutt í Langholtskirkju. 26



**LÍFIÐ** Nemendur í Háskólanum í Reykjavík vinna að framleiðslu á paté úr bleikju. 30



**SPORT** Valskonur tryggðu sér oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn. 34





# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
15. maí 2014
113. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Misræmi hjá vitnum

Framburður tveggja vitna frá Dúbaí stangaðist á við aðalmeðferð Aurum-málsins í héraðsdómi í gær. 6

**Mynda bólfélaga án leyfis** Dæmi eru um að vinahópar stundi að dreifa myndum af bólfélögum sem teknar eru án þeirra vitundar. 2

**Lög sett á verkfall** Sett verða lög á verkfall flugmanna Icelandair í dag og deilan sett í gerðardóm semjist ekki fyrir 1. júní. 4

**Reiði eftir námuslys** Óttast er að um 350 manns hafi látið lífið þegar sprenging varð í kolanámu í Tyrklandi. Stjórnvöld í landinu eru gagnrýnd harðlega vegna málsins. 8




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | VNV | 5 |
| Akureyri | 9° | VSV | 6 |
| Egilsstaðir | 11° | VSV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | VSV | 6 |
| Reykjavík | 8° | VSV | 7 |

**Smáskúrir** vestanlands en bjart austan til. Fremur hægur vindur og hiti frá 4 stigum á Vestfjörðum að 13 stigum suðaustanlands. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**




# Listi fólksins tapar meirihluta

Mynda þarf nýjan meirihluta á Akureyri eftir sveitarstjórnarkosningar þar sem Listi fólksins missir hreinan meirihluta samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Erfitt gæti reynst að mynda tveggja flokka samstarf.

**KÖNNUN** Listi fólksins, sem náði hreinum meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar í sveitarstjórnarkosningunum 2010, tapar meirihluta sínum í komandi kosningum samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Flokkurinn tapar rúmum helmingi fylgisins frá síðustu kosningum, mælist með 22,1 prósent og þrjá bæjarfulltrúa, en fékk sex bæjarfulltrúa eftir stóran sigur í kosningunum 2010.

Landið rís hjá Sjálfstæðisflokknum, sem mælist með 23 prósent atkvæða og þrjá bæjarfulltrúa, en er með einn fulltrúa í dag.

Listi Bjartrar framtíðar, sem býður fram á Akureyri í fyrsta skipti, er þriðja stærsta framboðið. Flokkurinn fær samkvæmt könnuninni 18,3 prósent atkvæða og tvo bæjarfulltrúa.

Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn halda sínum eina bæjarfulltrúa verði niðurstöður kosninga í takt við skoðanakönnunina.

Dögun, sem býður fram í fyrsta skipti á Akureyri, mælist með tveggja prósenta fylgi og á langt í land með að ná manni í bæjarstjórn.

Verði þetta niðurstaðan er eini möguleikinn á tveggja flokka samstarfi stjórn Lista fólksins og Sjálfstæðisflokksins, sem eru samanlagt með sex af ellefu bæjarfulltrúum. - bj / sjá síðu 12






**SJÓSUNDÆÐI** Kvennaskólanemarnir Nils Ólafur Egilsson, Hákon Bjarnason og Unnur Oddný Einarsdóttir stukku í sjóinn í Reykjavíkurhöfn glöð í bragði í gær. Þar með slógust þau í hóp fjölmargra ungmenna sem hafa stundað það undanfarið. Varað hefur verið við því að vera lengur en þrjár mínútur í sjónum vegna hættu á krampa. Sömuleiðis er ráðlagt að vera alltaf fleiri saman og með áætlun um hvernig eigi að komast upp úr sjónum ef eitthvað fer úrskeiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Samninganefndir sveitarfélaga og kennara á maraþonfundi hjá sáttasemjara:

# Samningar við kennara að nást

**KJARAMÁL** Vel miðaði í samningaviðræðum grunnskólakennara og sveitarfélaganna í gær og þegar blaðið fór í prentun voru líkur taldar á að samningar tækjust. Foreldrar grunnskólabarna eru hvattir til að fylgjast með fréttum af viðræðunum nú í morgunsárið.

„Við erum komin skrambi langt í að semja. Meginlínur eru komnar varðandi nýtt vinnumat fyrir kennara. Launaliðurinn er það sem helst hefur strandað á,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara. Samningur þeirra við sveitarfélögin hefur verið laus frá því á hlaupársdag 2012. Viðræður um nýjan samning hafa staðið frá árinu 2011.

Grunnskólakennarar telja sig hafa dregist aftur úr í launum miðað við aðrar háskólamenntaðar stéttir og hafa krafist leiðréttingar á kjörum sínum. Í því sambandi hafa þeir bent á að launahækkanir sem samið var um við framhaldsskólakennara geta numið 29 prósentum á samningstímanum sem er fram á haustmánuði 2016.

Takist samningar mæta 4.500 kennarar til vinnu í 169 grunnskólum í dag þar sem um 43 þúsund nemendur bíða þeirra. - jme







## SPURNING DAGSINS



Benni, skiptir sköpun sköpum?

**„Af hverju í ósköpunum?“**

Tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm, Benedikt Hermann Hermannsson, fjallar um fyrirbærið sköpun í meistaraverkefni sínu við Listaháskóla Íslands.

Þingmenn vilja skýrslu um það hvernig leita á réttar síns hjá hinu opinbera:

# Biðja um leiðarvísi fyrir öryrkja

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka hafa lagt fram á Alþingi beiðni til Eyglóar Harðardóttur félagsmálaráðherra um að skila skýrslu þar sem fram kemur tæmandi listi yfir leiðir öryrkja til þess að sækja réttindi sín hjá opinberri stjórnsýslu og skyldur þeirra samfara því.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Í beiðninni segir að almennir borgarar séu oft óvissir um hvernig þeir geti leitað réttar síns hjá hinu opinbera, og að samkvæmt skýrslu umboðsmanns Alþingis árið 2012 á stjórnsýslan það til að koma í veg fyrir að borgararnir fái skorið úr um réttindi sín.

Meðal þess sem koma þar fram í skýrslunni er hver veitir öryrkjum aðstoð við að sækja rétt sinn innan stjórnsýslunnar og hver úrskurðar um réttindi og skyldur öryrkja sem sækja rétt sinn innan stjórnsýslunnar.

Einnig skal skýrslan fjalla um hvenær heimilt er að kæra úrskurði til æðra stjórnvalds.

Meðal þeirra þingmanna sem lögðu fram beiðnina voru Katrín Júlíusdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Ásmundur Friðriksson, Brynhildur Pétursdóttir, Elsa Lára Arnardóttir og Össur Skarphéðinsson undir beiðnina. - kóh

Flugfreyjur á leið í verkföll:

# Með 550 þúsund á mánuði

**KJARAMÁL** Í samantekt sem Samtök atvinnulífsins hafa gert kemur fram að meðalmánaðarlaun flugfreyja í maí, að vaktaálagi meðtöldu, nam 314 þúsund krónum.

Að viðbættu svonefndu handbókargjaldi, eftirlitsálagi, akstursgreiðslum, sölulaunum og hlunnindum voru regluleg laun þeirra 457 þúsund krónur á mánuði.

Þegar yfirvinnugreiðslur bættust við námu heildarlaun flugfreyja 547 þúsund krónum á mánuði. - jme



**BARÁTTUÓP** Úkraínsk kona hrópar baráttuslagorð er hún og fleiri úkraínskir aðskilnaðarsinnar flykktust út á götur Lugansk eftir að boðað var til atkvæðagreiðslu um sjálfstæði þjóðarinnar fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Um 19 prósent Úkraínumanna segjast hliðholl Rússlandi:

# Fleiri hliðhollir ESB en Rússum

**ÚKRAÍNA Rúmlega 56 prósent Úkraínumanna segja sig vera stuðningsmenn Evrópusambandsins fremur en Rússlands samkvæmt könnun CNN en 19 prósent Úkraínumanna segjast vera hliðholl Rússlandi.**

**Um 67 prósent segjast sátt við refsiaðgerðir Vesturlanda gegn Rússlandi. Þátttakendur voru beðnir að lýsa bæði Barack Obama Bandaríkjaforseta og Vladimír Pútín Rússlandsforseta með einu orði. Flestir lýstu Pútín sem sterkum leiðtoga meðan Obama var lýst sem vinalegum leiðtoga.** - kóh

Tveir dæmdir í fjársvikamáli:

# Höfðu fé af tryggingafélagi

**DÓMSTÓLAR** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt tvo karlmenn á þrítugsaldri í fangelsi fyrir tilraun til fjársvika. Annar þeirra fékk tíu mánaða dóm, þar af átta mánuði skilorðsbundna. Hinn hlaut fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Í öðru tilvikinu unnu mennirnir saman að því að svíkja fé út úr tryggingafélagi en í hinu var annar maðurinn einn á ferð. Sá sem var ákærður fyrir bæði brotin var sá er hlaut lengri dóm.

Sex ár liðu frá því brotin voru framin þar til dómur gekk. - ktd

Lögreglan fær glæný hjól:

# Lögreglumenn hjóla í borginni

**LÖGGÆSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er að taka í notkun nokkur glæný lögreglureiðhjól. Lögreglan ætlar að sinna löggæslu hjólandi í miðborginni í sumar.

Lögreglan hefur lengi haft reiðhjól til afnota, en notkun þeirra hefur verið takmörkuð af ýmsum ástæðum.

Á síðasta ári fóru tveir ungir lögreglumenn á sérstakt námskeið í reiðhjólalöggæslu.

Þeir verða áfram á lögreglureiðhjólum í sumar, en enn fleiri lögreglumenn bætast nú í þennan hóp. - jme

# Vinsælt að mynda bólfélaga án leyfis

Símaforritið Snapchat er orðið vinsælt til dreifingar á grófu myndefni af einstaklingum sem ekki vita að verið er að taka mynd af þeim. Dæmi eru um að heilu vinahóparnir stundi að dreifa myndum af bólfélögum sínum sín á milli.

**SAMFÉLAGSMÁL** Mörg dæmi eru um að myndum af ungu fólki í samförum sé dreift í gegnum samskiptasíðuna Snapchat án vitneskju þeirra sem á myndunum eru. Sérstaklega er algengt að myndum af grunlausum stúlkum sé dreift.

Myndatökurnar virðast hafa náð vinsældum hjá ungu fólki og er í einhverjum tilfellum um að ræða mönunarleiki hjá vinahópum. Samskiptaforritið Snapchat á að vera þess eðlis að myndir eyðast eftir nokkrar sekúndur en auðvelt er að vista myndirnar á farsímum og senda þær áfram á internetið, þar sem þær lifa að eilífu.

Ung kona sem Fréttablaðið ræddi við varð fyrir því að mynd af henni í samförum var komið í almenna dreifingu. Hún varð þess ekki vör þegar maðurinn, sem hún var að sofa hjá, tók myndina. „Myndin af mér fór víða en henni var meðal annars dreift í Háskólanum og varpað upp á skjávarpa,“ segir konan. Hún segir að maðurinn sem tók myndina hafi ekki ætlað sér að hún færi í almenna dreifingu. „Ég var að sjálfsögðu reið en ég gat ekkert gert. Ég forðaðist eiginlega bara að fara út úr húsi.“ Hún segist hafa íhugað að kæra dreifinguna til lögreglunnar. „Ég vissi hver hafði dreift henni upphaflega en svo fór ég aldrei í það. Eftir smástund hættir maður að spá í þetta en svo kemur þetta upp aftur og aftur og ég er enn spurð út í þetta.“

Björn Harðarson sálfræðingur segir að fólk geri sér oft ekki grein fyrir alvöru þess að dreifa slíku efni.

„Það verður einhver brenglun á því hvað er rétt og rangt þarna. Um leið og þetta heitir tækni, til dæmis Facebook eða Snapchat, þá ferðu að geta réttlætt þetta. Fólk heldur að vegna þess að Snapchat geymist ekki þá sé ekki verið að skaða neinn.“ Staðreyndin sé hins vegar sú að dreifingin skaði þá sem fyrir henni verða. „Um leið og þetta er farið að dreifast þá veistu aldrei hvar það endar. Við sjáum stundum áfallastreitu hjá einstaklingum sem er erfitt að vinna í, því áfallið vegna dreifingarinnar kemur aftur og aftur.“

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir að lögreglu hafi ekki borist kærur vegna slíkrar dreifingar enn sem komið er.

snaeros@frettabladid.is



**EFNIÐ OPIÐ ÖLLUM** Það getur haft mjög neikvæð sálræn áhrif á þá sem verða fyrir því að myndum eða myndböndum af þeim við þessar viðkvæmu aðstæður er dreift. Dreifingin brýtur gegn friðhelgi einkalífs.

## Dreifing myndanna getur varðað við lög

Dreifing mynda sem teknar eru án samþykkis brýtur gegn friðhelgi einkalífs. „Þetta fellur algjörlega undir 229. grein almennra hegningarlaga en hver sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, getur átt yfir höfði sér eins árs fangelsi,“ segir Guðrún Sesselja Arnardóttir hæstaréttarlögmaður.

Hún segir málið verða mun alvarlegra þegar um ólögráða einstaklinga er að ræða. „Þá er hreinlega um að ræða dreifingu barnakláms og við því getur verið tveggja ára fangelsi.“




Rannsóknir sýna að hlýtt vor skilar snemmteknum seiðagöngum í Kálfá:

# Laxaseiði ganga snemma í sjó

**NÁTTÚRA** Laxaseiði ryðjast til sjávar þessa dagana, óvenjusnemma vegna hlýinda þetta vorið. Þetta sýna rannsóknir Veiðimálastofnunar á göngum laxaseiða í nokkrum ám hér á landi.

Rannsóknir standa meðal annars yfir í Kálfá, sem er þverá Þjórsár, og eru liður í mati á stofnstærð laxa á vatnasvæðinu í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir Landsvirkjunar í Neðri-Þjórsá.

Gönguseiðagildra til veiða á seiðum var sett niður þann 7. maí og komu laxagönguseiði í gildruna strax fyrsta sólarhringinn. Í fyrra var mun kaldara vor og hófst gangan þá ekki fyrr en 18. maí, en gönguþroski seiðanna er háður vatnshita þannig að göngur hefjast fyrr þegar hlýtt er í veðri.

Í frétt Veiðimálastofnunar segir að út frá heimtum í veiði og talningu á löxum með fiskteljara í Kálfá eru fundnar heimtur úr sjó og veiðihlutfall sem síðan er hægt að nota til að reikna stofnstærð laxa í Kálfá og Þjórsá.

Göngutími laxaseiða úr Kálfá er svipaður og rannsóknir í Elliðaánum hafa sýnt, eða á tímabilinu 11.-23. maí. Á norðanverðu landinu eru laxaseiðin seinna á ferðinni. - shá



**VIÐ KÁLFÁ** Strax á fyrsta degi, 7. maí, skiluðu gönguseiði sér í gildruna. MYND/MAGNÚS JÓHANNSSON




EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn
frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbílanna Suzuki.
Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými,
öflug og sparneytin vél.
Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.

ALLGRIP

**MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:**

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

**Komið og reynsluakið**

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. mars 2014

## SVONA ERUM VIÐ



**5.324** **Íslendingar báru nafnið Jón í árslok 2013.**

**4.920 báru þá nafnið Guðrún.**

Þessir 10.244 einstaklingar eiga fyrsta sætið yfir algengustu eiginnöfn víst næstu árin.

Vinnuhópur um framtíðarskipulag leitar til almennings um hugmyndir:

# Telja ótal möguleika í Gufunesi

**SKIPULAGSMÁL** Vinnuhópur um framtíðarskipulag í Gufunesi leggur til opna hugmyndasamkeppni meðal fagaðila um svæðið.

Minnisblað vinnuhópsins var tekið fyrir í skipulagsráði í gær en fæst ekki afhent fyrr en borgarráð hefur afgreitt það í dag.

Í tilkynningu er haft eftir Ingu Rut Gylfadóttur, verkefnisstjóra hópsins, að mikilvægt sé að fá hugmyndir og skýrar forsendur frá sem flestum aðilum, hagsmunaaðilum, íbúum og öðrum áhugasömum svo skipulagið og framtíðarnotkun svæðisins verði sem best. Fulltrúar starfshópsins kynna málið í nýrri félagsmiðstöð í Spönginni á laugardag.

„Nokkur uppbygging hefur átt sér stað en ótal möguleikar eru til aukinnar eða breyttrar nýtingar í framtíðinni,“ segir tilkynningunni. Hópurinn sem meðal annars á að meta möguleika á uppbyggingu ylstrandar í Gufunesi og smíði brúar út í Viðey, á að skila af sér fyrir 1. október 2014. **-gar**



**Í GUFUNESI** Samtals 1,3 ferkílómetra svæði er til skoðunar í Gufunesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirtæki styrkja lækna:

# Nýr þjarki til Landspítalans

**SAMFÉLAGSMÁL** Hagkaup og Bónus hafa gefið 25 milljónir króna til kaupa á aðgerðarþjarka til skurðlækninga á Landspítala.

Aðgerðarþjarki er vélmenni sem notað er við skurðaðgerðir, sérstaklega þvagfæraskurðlækningar og aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna.

„Við teljum það samfélagslega skyldu okkar að styðja við verkefni sem öll þjóðin nýtur góðs af,“ segir Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups. **- sáp**



**VINSÆLASTA TÍSTIÐ** Hvatning Hugleiks Dagssonar til Pollapönks rétt áður en þeir stigu á svið. MYND/VODAFONE

35% aukning var á milli ára:

## Eurovision-tíst slógu hér met

**UPPLÝSINGATÆKNI** Slegið var með í færslum undir merkinu #12stig á Twitter þegar aðalkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fór fram á laugardag.

Fram kemur á vef Vodafone að birt hafi verið 16.036 slík „tíst“, en 3.364 hafi tekið þátt í umræðunni. „Miðað við tölfræði síðasta árs, sem var metár í Eurovision-umræðunni, fjölgaði tístum um 35 prósent milli ára og þátttakendum um heil 83 prósent,“ segir þar. Þá gátu 571.817 notendur séð tíst merkt #12stig, sem er 68 prósenta aukning milli ára. **- óká**

Tekur ekki til erlendra lána:

## Hægt að greiða inn á öll lán

**STJÓRNMÁL** Frumvarp til leiðréttingar verðtryggðra fasteignalána gildir ekki um fasteignalán í erlendri mynt. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur um hvort skuldaleiðréttingaraðgerðirnar taki til húsnæðislána í erlendri mynt.

Hins vegar er hægt að nota þau úrræði sem felast í séreignarsparnaðarleiðinni til að greiða inn á höfuðstól lána sem tekin eru til að kaupa íbúðarhúsnæði, óháð því í hvaða gjaldmiðli lánin eru. **- jme**

# Lög sett á verkfallsaðgerðir flugmanna hjá Icelandair

Sett verða lög á verkfall flugmanna hjá Icelandair í dag og deilan sett í gerðardóm semjist ekki fyrir 1. júní. Verkfallið hefur sett strik í reikninginn hjá fjölmörgum fyrirtækjum innan ferðaþjónustunnar. Aðsókn í Bláa lónið hefur dregist saman um hátt í 25 prósent og óvissa er um hvort stórar ráðstefnur verði haldnar.

**KJARAMÁL** Að öllu óbreyttu samþykkir Alþingi í dag lög sem banna verkfallsaðgerðir flugmanna hjá Icelandair. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra mælti fyrir frumvarpi þar að lútandi í gærkvöldi.

Málið var tekið á dagkrá þingsins með afbrigðum og fær flýtimeðferð. Samkvæmt frumvarpinu eru allar verkfallsaðgerðir flugmanna bannaðar frá og með deginum í dag. Flugmenn og viðsemjendur þeirra fá frest til 1. júlí til að ná samningum. Takist samningar ekki verður deilan sett í gerðardóm.

„Verkfallið hefur haft margfeldisáhrif út í allt samfélagið,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um verkfall flugmanna Icelandair.

„Það eru ofboðslega mörg dæmi um að það sé búið að blása af hinar ýmsu ferðir og viðburði. Það eru mun færri bókanir í alla afþreyingu og mikið um afbókanir á hótelum. Það hringja í mig félagsmenn sem hafa miklar áhyggjur. Þeir eru að horfa upp á heilu hópana og mikinn fjölda fólks ekki skila sér til landsins,“ segir hún.

Sem dæmi um þetta hefur aðsókn í Bláa lónið dregist saman um 22 til 25 prósent dagana sem hafa verið hvað verstir vegna verkfallsins. „Það kemur mun færra fólk en áætlanir gera ráð fyrir og að sjálfsögðu erum við uggandi yfir framhaldinu,“ segir Dagný Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Bláa lónsins.

„Það eru stórir hópar bókaðir hjá okkur síðari hluta maímánaðar. Það verður mikið högg að missa þá, ekki bara fyrir okkur, heldur gistiaðila, veitingaaðila og ferðaskrifstofur.“



**BLÁA LÓNIÐ** Aðsókn í Bláa lónið hefur dregist saman um 22 til 25 prósent þá daga sem hafa verið hvað verstir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÞORSTEINN ÖRN GUÐMUNDSSON**

Þrátt fyrir að ríkisstjórn Íslands hafi ákveðið að setja lög á verkfallið segir Dagný óvissu enn vera til staðar.

„Eins og er þá er þessi tími einangraður við maí en gæti mögulega haft áhrif inn í júní, þrátt fyrir að verkfallið myndi leysast,“ segir hún og óttast langtímaáhrif þess. „Við erum miklu lengur að vinna upp orðsporið heldur en tapaðar tekjur af þessum dögum.“

Óvissa er með marga viðburði á vegum Ráðstefnuborgarinnar Reykjavíkur vegna verkfallsins.

„Ég ætla að hitta mann í Frankfurt eftir helgi sem er búinn að skipuleggja síðastliðin tvö ár 500 til 700 manna ráðstefnu 19. júní. Hann hefur eðlilega áhyggjur af stöðunni, sem er gríðarlega vont. Hann gæti komið með fullt af öðrum sambærilegum verkefnum hingað og það er ljóst að hann mun hugsa sig tvisvar um þegar hann sér að svona kjaradeila getur lokað landinu með svona skömmum fyrirvara,“ segir Þorsteinn Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ráðstefnuborgarinnar Reykjavíkur.

Hann telur að verkfallið muni hafa slæm langtímaáhrif á ráðstefnuhald á Ísland.

Búið er að skipuleggja aðra stóra ráðstefnu í Hörpu 26. maí. Þar er von á um 1.200 manns og gætu miklir peningar tapast ef henni verður aflýst. „Sem dæmi, ef viðburði af þessari stærðargráðu yrði aflýst þá eru ráðstefnugestir að meðaltali sex daga á landinu og hver þeirra eyðir að meðaltali um 66.500 krónum á dag, sem er helmingi meira en meðalferðamaður. Hagkerfisáhrifin eru því rétt tæpar 500 milljónir króna,“ segir Þorsteinn Örn.



> **Við erum miklu lengur að vinna upp orðsporið heldur en tapaðar tekjur af þessum dögum.**
>
> *Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar*

Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar, segir að um 60 til 80 gestir hafi afboðað bátsferðir þess á þriðjudaginn. Meðalfjöldi fólks í slíkum ferðum á degi hverjum er um 120 manns en í gær voru þeir einungis fimmtíu talsins. Samanlagt nemur tap fyrirtækisins síðustu fjóra til fimm daga um þrjú hundruð þúsund krónum á dag.

**freyr@frettabladid.is/johanna@frettabladid.is**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 12° | New York | 21° |
| Aþena | 22° | Gautaborg | 16° | Orlando | 28° |
| Basel | 21° | Kaupmannahöfn | 16° | Ósló | 12° |
| Berlín | 18° | Las Palmas | 24° | París | 17° |
| Billund | 20° | London | 19° | San Francisco | 25° |
| Frankfurt | 14° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 11° |




**Á MORGUN** Fremur hægur vindur.




**LAUGARDAGUR** Strekkingur allra syðst annars fremur hægur vindur.

**VÆTA VESTANLANDS** næstu daga, þó gæti sést aðeins til sólar milli smáskúra í dag og á morgun en á laugardag fer að rigna. Austan til verður hins vegar bjart í dag og á morgun en dregur fyrir sólu á laugardag.



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# „Vanabindandi akstursánægja“

## Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi akstursseiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur.**




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver hlaut aðalverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins?
**2.** Hversu mikið af kolum hefur verið flutt til landsins frá árinu 2000?
**3.** Fyrir hvaða upphæð hefur Situs ehf. selt fjórar lóðir síðan í mars?

**SVÖR:**
**1.** Klúbburinn Geysir.
**2.** 1,5 milljónir tonna.
**3.** Fyrir samtals 4,3 milljarða króna.

Um 1.700 leiðsögumenn hafa útskrifast á 30 til 40 árum en aðeins 700 eru í Félagi leiðsögumanna:

# Hafa aldrei útskrifað fleiri leiðsögumenn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Alls verða 107 leiðsögumenn útskrifaðir á þessu ári sem er það mesta hingað til. Þessi mikli fjöldi tengist þeirri aukningu sem hefur verið í ferðaþjónustu á Íslandi.

Aukningin frá síðasta ári nemur um þrjátíu manns, sem er sá fjöldi leiðsögumanna sem Símenntun Háskólans á Akureyri útskrifaði í fyrsta sinn á þriðjudag. „Þetta er svakaleg aukning,“ segir Örvar Már Kristinsson, formaður Félags leiðsögumanna.

„Síðustu 30 til 40 ár er búið að útskrifa um 1.700 leiðsögumenn og bara núna eru að bætast hundrað við. Það eru reyndar bara 700 í félaginu, sem þýðir að fólk hefur farið í aðrar greinar frekar en að vinna við þetta, aðallega út af laununum.“ Nám leiðsögumanna er tvær til þrjár annir og geta menn núna valið um Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Leiðsöguskóla Íslands.

Leiðsögumenn hafi ekki farið varhluta af verkfalli flugmanna hjá Icelandair. Að sögn Örvars Más eru nokkuð margir leiðsögumenn að missa túra vegna þess. „Þeir hafa hringt og spurt hvernig staða þeirra sé og hvernig réttindin séu,“ segir hann og bætir við að lítið sé hægt að gera við þessum tekjumissi þeirra. -fb



**ERLENDIR FERÐAMENN** Formaður Félags leiðsögumanna fagnar auknum fjölda leiðsögumanna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ályktun frá Vesturbyggð:

## Vilja betri vegi fyrir laxeldið

**SAMGÖNGUR** Of mörgum mikilvægum verkefnum er ólokið, segir bæjarstjórn Vesturbyggðar sem skorar á Alþingi að veita meira fjármagni til samgöngumála.

„Bæjarstjórn Vesturbyggðar skorar á Alþingi að bæta við fjármagni til viðhalds vega, enda er stór hluti vegakerfis Vestfjarða enn malarvegir sem þurfa mikið viðhald,“ segir í ályktun. „Mikil atvinnuuppbygging á sér nú stað á sunnanverðum Vestfjörðum og núverandi vegir þola ekki þá umferð sem um vegina fara í dag, hvað þá þá umferð sem verður þegar laxeldi verður komið í fulla framleiðslu.“ - gar

Umboðsmanni snýst hugur:

## Beiðni um lista dregin til baka

**STJÓRNMÁL** Umboðsmaður framboðs Sjálfstæðisflokksins til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar afturkallaði beiðni sína um að fá meðmælendalista allra framboða til bæjarstjórnar sem barst kjörstjórn síðustu helgi.

Bragi Michaelsson, umboðsmaður framboðslista sjálfstæðismanna í Kópavogi, segir flokkinn ekki hafa áhuga á deilum um málið.

„Við höfum engan áhuga á því að standa í deilum um þessi mál,“ segir Bragi. „Það er óþarfi að halda slíku til streitu ef lagaákvæði eru vafasöm, og þegar það er óvíst hvort Persónuvernd hefði leyft þetta.“ - kóh

# Misræmi í framburði tveggja vitna frá Dúbaí

Aðalmeðferð hélt áfram í Aurum-málinu í gær. Pálmi Haraldsson, eigandi félagsins FS38 ehf. sem veitti sex milljarða Glitnisláninu, sem ákært er fyrir, viðtöku, var ósáttur við upptöku sérstaks saksóknara á símtali lögmanns hans.

**DÓMSMÁL** Framburður tveggja vitna frá Dúbaí stangaðist á við aðalmeðferð Aurum-málsins sem var fram haldið í gær.

Í málinu eru þeir Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson fjárfestir, Magnús Arnar Arngrímsson og Bjarni Jóhannesson, sem báðir voru starfsmenn Glitnis, ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns í júlí 2008 sem Glitnir veitti félaginu FS38 ehf., sem var í eigu Pálma Haraldssonar, vegna kaupa á félaginu Aurum Holdings Ltd. Allir neita þeir sök.

Tawhid Abdullah, sem var forstjóri félagsins Damas, sagði það hafa verið Aurum sem kom fram með kaupverðið 100 milljónir punda, sem hann hefði á endanum talið of hátt og þeir því ákveðið að viðskiptin gengju ekki eftir. Nikhil Sengupta var starfsmaður á fyrirtækjasviði NBD, National Bank of Dubai, en hann sagðist hafa verið í ríku samstarfi við Damas og hafa bent því á Aurum sem vænlegan fjárfestingarkost. Þannig hefðu viðræður hafist en þegar bankakreppan hófst haustið 2008 hefði þeim verið sjálfhætt vegna aðstæðna. Hann sagði Aurum hafa sett fram hugmynd sína um verðið sem Damas hefði talið eðlilegt verð fyrir félagið.

Fleiri gáfu skýrslu í málinu í gær, þar á meðal Pálmi Haraldsson sem sagðist hafa talið viðskiptin með Aurum til hagsbóta fyrir Glitni, hann hefði verið erfiður í samningum við bankann en þarna hefðu einfaldlega átt sér stað hefðbundin viðskipti. Pálmi var hissa á því þegar sérstakur saksóknari spurði hann út í símtal sem hafði verið hlerað milli Pálma og lögmanns hans. „Mátt þú eiga þessi símtöl?“ spurði Pálmi fyrir dómi í gær.

Fyrrverandi stjórnarmenn í Glitni á árunum 2007 til 2008 gáfu einnig skýrslu í gær, en deilt hafði verið um hvort þeir hefðu bein tengsl við málið og mættu þar af leiðandi gefa skýrslu eða ekki.

Öllum bar þeim saman um að hafa ekki orðið varir við að Lárus Welding hefði verið beittur þrýstingi af hálfu stærstu hluthafa bankans né heldur að bankinn hefði tekið sérstakt tillit til hagsmuna stærstu hluthafanna í rekstri sínum.

Aðalmeðferðin heldur áfram í dag þegar síðustu vitnin gefa skýrslu og þá hefst einnig munnlegur málflutningur þar sem sérstakur saksóknari og verjendur halda ræður sínar. Málflutningurinn mun standa yfir fram á föstudag þegar málið verður dómtekið.

fanney@frettabladid.is



**Í VITNASTÚKU** Pálmi Haraldsson fjárfestir bar vitni í Aurum-málinu í gær þar sem hann sagðist hafa verið erfiður í samningum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

➜ Tveimur vitnum sem báru vitni í gegnum síma frá Dúbaí bar ekki saman um verðlagningu á Aurum.









Stefnumál Samfylkingarinnar voru kynnt í kosningamiðstöð flokksins í gær:

# Áherslan á fjölbreytt húsnæði

**STJÓRNMÁL** Uppbygging fjölbreytts húsnæðis er eitt af hinum stóru stefnumálum Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar 31. maí. Á næstu þremur til fimm árum verður leigu- og búsetaíbúðum í Reykjavík fjölgað um 2.500 til 3.000.

Flokkurinn hefur kallað eftir því að lagaumhverfi búsetusamvinnufélaga verði bætt og að íbúðareigendur eigi auðveldara með að leigja út frá sér. „Þessar breytingar áttu að liggja fyrir um síðustu áramót en komu fram í síðustu viku. Frumvörpin náðu ekki inn á þing. Svona hlutir skipta máli þegar verið er að fjárfesta til áratuga. Ég hefði viljað sjá þá hluti ganga hraðar,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi á fundi í gær þar sem stefnumálin voru kynnt.

Ekki hafa fengist svör frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA-ríkjanna, varðandi hvort huga þurfi að samkeppnislögum vegna þessara breytinga. „Við höfum kynnt okkur hvernig þessir hlutir eru gerðir í Finnlandi og á hinum Norðurlöndunum. Það hlýtur að gilda sama regluverkið þar en við verðum að gæta formsins og bíða eftir formlegum svörum.“

Á síðasta ári sagði Dagur að gert væri ráð fyrir því að borgin legði til allt að tíunda part framkvæmdakostnaðar við nýjan húsnæðiskost. „Við erum tilbúin að skoða það að leggja inn lóðir og jafnvel eitthvað fleira ef það verður til þess að lækka leiguverð. Það mun þá byggja á langtíma fjármögnunarsamningum um leiguhúsnæði,“ segir Dagur og telur að prósentan gæti orðið hærri en tíu prósent. „Þar skiptir máli hvað ríkið ætlar að koma inn með í húsaleigubætur og hvort stjórnin ætlar að fallast á tillögur ASÍ um að fara dönsku leiðina sem rímar vel við þær hugmyndir sem borgin hefur verið að setja fram.“ - fb



**KYNNTI STEFNUÁHERSLUR** Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi á fundi Samfylkingarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


VIKING
Challenging the Laws of Nature since 1920
ALVÖRU
GÚMMÍLAÐI
Viking – þegar allra veðra er von.
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLU GÚMMÍLAÐI
FRÁ VIKING DAGANA
15-18 MAÍ
RETRO LIGHT
st. 35-42
FLOWER / PIRATES
st. 21-33
KICKS
st. 35-41
SVARTIR
GÚMMÍSKÓR
st. 19-47
CARS / BIRDS
st. 19-26
CHELSEA JR.
st. 28-39
RAUÐIR
GÚMMÍSKÓR
st. 19-41
FOXY
st. 36-42
KADETT
st. 37-46
JOLLY
st. 21-35
Allt úrvalið færst í Skeifunni, Smáralind og Kringlunni en minna úrval í öðrum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Enn gott ár hjá Orkubúinu:

## Hagnaður þrátt fyrir erfiðleika

**ORKUMÁL** Hagnaður varð af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða í fyrra. Í tilkynningu segir að framleiðsla vatnsaflsvirkjana fyrirtækisins hafi verið með minna móti vegna tíðarfarsins.

Þar segir að flutningslínur hafi brotnað og verulegar truflanir orðið á dreifikerfinu í aftakastomi síðustu dagana í janúar.

Hagnaðurinn í fyrra var 223 milljónir króna. Eignir eru 6,5 milljarðar króna en skuldir tæpur milljarður. - gar

Að meðaltali hrekst ein fjölskylda heiman frá sér í Sýrlandi á hverri einustu mínútu:

# Yfir þrjátíu milljónir manna á vergangi

**SVISS** Á síðasta ári voru 33,3 milljónir manna á flótta innan landamæra heimalands síns í heiminum öllum. Fólki á vergangi hafði fjölgað um 4,5 milljónir frá árinu áður, og munar þar mest um ástandið í Sýrlandi.

Að meðaltali hrekst ein fjölskylda heiman frá sér í Sýrlandi á hverri einustu mínútu. Þetta kemur fram í yfirliti frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Norska flóttamannaráðinu.

Á síðasta ári hröktust 8,2 milljónir manna að heiman vegna ofbeldis og átaka, þar af 3,5 milljónir í Sýrlandi einu.

„Þetta er fólk sem býr við algjört neyðarástand,“ sagði Jan Egeland, framkvæmdastjóri Norska flóttamannaráðsins, á blaðamannafundi í Genf í gær.

Hann segir að fjöldi þeirra sem eru á vergangi innan eigin landamæra sé orðinn meiri en sést hefur frá tímum þjóðarmorðanna í Rúanda og Bosníu á síðasta áratug síðustu aldar, en þá náði fjöldinn hámarki í 28 milljónum.

Fram kom í tölum stofnananna að 63 prósent allra þeirra sem eru á vergangi innan eigin landamæra séu í fimm löndum: 6,5 milljónir í Sýrlandi, 5,7 milljónir í Kólumbíu, 3,3 milljónir í Nígeríu, 2,9 milljónir í Austur-Kongó og 2,4 milljónir í Súdan. - gb



**FLÓTTAFÓLK Í SÝRLANDI** Hvergi hefur fleira fólk hrakist að heiman en í Sýrlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Peningasendingar mikilvægari en hjálparstarf:

# Sendu 300 milljarða

**SVÍÞJÓÐ** Innflytjendur í Svíþjóð sendu í fyrra sem samsvarar 17,6 milljörðum sænskra króna, um 300 milljörðum íslenskra króna, til heimalanda sinna samkvæmt mati fyrirtækisins Ria Financial Services.

Í frétt á vef Dagens Nyheter segir að velþekkt sé að peningasendingar innflytjenda til heimalanda sinna skipti oft meira máli en alþjóðlegt hjálparstarf. Bent er á að á Filippseyjum og í Jemen samsvari heimsendingarnar mörgum prósentum af vergri þjóðarframleiðslu.

Flestar peningasendingarnar frá innflytjendum í Svíþjóð fara til Íraks. Í fyrra voru rúmir 1,5 milljarðar sænskra króna sendir þangað. Það jafngildir tæplega 26 milljörðum íslenskra króna. Til Póllands sendu innflytjendur tæplega 900 milljónir sænskra króna eða tæpa 15 milljarða íslenskra króna. Þar á eftir fylgja Íran, Tyrkland og Bosnía.

Peningasendingarnar fara flestar frá stórborgunum í Svíþjóð og svæðunum í kringum þær. - ibs



**Í ÍRAK** Innflytjendur í Svíþjóð sendu í fyrra 1,5 milljarða sænskra króna heim til Íraks. NORDICPHOTOS/AFP

Gallup spyr um vandamál:

## Spilling alvarlegasti vandinn

**KÖNNUN** Flestir á heimsvísu telja spillingu vera alvarlegasta vandamál mannkynsins, eða um 21 prósent. Flestir Íslendingar telja hins vegar fátækt og ójöfnuð vera helsta vandamálið, eða rúmlega 25 prósent.

Þetta kemur fram í niðurstöðu könnunar Alþjóðlegu Gallupsamtakanna, sem birta árlega niðurstöður skoðanakönnunar sem framkvæmd var í 65 löndum um heim allan.

Tæplega 10 prósent íslenskra svarenda telja trúarofstæki vera það alvarlegasta og rúm 9 prósent telja umhverfismál vera það sem helst ætti að taka á.

Flestir nefndu efnahagsleg vandamál í Afríku, en 27 prósent Keníubúa svöruðu spurningunni á þann veg, á meðan 10,5 prósent Íslendinga gerðu hið sama. - kóh



**BUGAÐIR** Tyrkneskir námuverkamenn syrgja félaga sína sem fórust þegar sprenging varð í kolanámu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mikil reiði og sorg vegna námuslyss

Námuverkamenn og ættingjar þeirra sem fórust í sprengingu í kolanámu í Tyrklandi gagnrýna tyrknesk stjórnvöld harðlega. Óttast er að um 350 manns hafi látið lífið. Lýst var yfir þriggja daga þjóðarsorg.

**TYRKLAND, AP** Nærri 450 námuverkamenn höfðu í gær fundist á lífi eftir mikla sprengingu sem varð í kolanámu í borginni Soma í vestanverðu Tyrklandi á þriðjudag.

Nærri 250 lík höfðu fundist og óttast var að um hundrað í viðbót hefðu látið lífið.

Hundruð manna, bæði ættingjar þeirra sem fórust og námuverkamenn sem komust lífs af, söfnuðust saman í Soma í gær og beindist reiði þeirra að Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og ríkisstjórn hans.

Sumir hrópuðu að Erdogan væri morðingi og þjófur. Grjóti var kastað í lögregluna og einhverjir voru handteknir.

Í Istanbúl var einnig efnt til mótmæla fyrir utan fyrirtækið sem rekur námuna. Þá safnaðist fólk einnig saman í höfuðborginni Ankara, en lögreglan greip þar inn í og rak fólkið burt.

Nærri átta hundruð manns voru að vinna í námunni þegar sprengingin varð á þriðjudag. Þetta er versta námuslys í Tyrklandi frá árinu 1992 þegar sprenging varð í námu skammt frá hafnarborginni Zonguldak við Svartahafið, með þeim afleiðingum að 263 námuverkamenn létust.

Tyrknesk stjórnvöld sögðu að síðast í mars á þessu ári hefðu yfirvöld farið yfir öryggismál í námunni. Ekkert hefði fundist sem ábótavant teldist.

Erdogan forsætisráðherra lýsti í gær yfir þriggja daga þjóðarsorg. Hann frestaði jafnframt utanlandsför en hélt í staðinn til Soma að skoða vettvanginn og ræða við námuverkamenn og aðstandendur þeirra.

gudsteinn@frettabladid.is

## Mannskæð námuslys síðustu árin

- **2013** Stór aurskriða féll á gullnámusvæði í Tíbet og kostaði 83 verkamenn lífið.
- **2012** Að minnsta kosti 60 manns létu lífið eftir að aurskriða féll á gullnámu í norðaustanverðu Kongó.
- **2011** Gassprenging varð djúpt niðri í kolanámu í Sorange í Pakistan, og kostaði hún 62 menn lífið.
- **2010** Versta námuslys á Nýja-Sjálandi áratugum saman þegar mikil gassprenging varð djúpt niðri í námu á Suður-Eyjunni. Þar létu 29 menn lífið, en þeir höfðu verið innilokaðir frá því sams konar sprenging varð í námunni fimm dögum fyrr.
- **2010** 33 námuverkamönnum var bjargað úr gull- og kolanámu í Atacama-eyðimörkinni í Chile, eftir að þeir höfðu verið þar innilokaðir í 69 daga.
- **2010** Sprenging varð í Upper Big Branch-kolanámunni í Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum, með þeim afleiðingum að 29 námuverkamenn létust.


Þjóðminjasafni Íslands
SAMTÖK UM SÖGUFERÐAÞJÓNUSTU
16. maí kl. 13:00-16:30

MENNINGARARFUR ER MARKAÐSVARA

Vægi safna, sýninga og sögu í ferðaþjónustu 2025

Málþing Samtaka um söguferðaþjónustu (SSF) í samvinnu við Íslandsstofu. Þar verður fjallað um stöðu, nýsköpun og framtíðartækifæri safna, sýninga og söguferðaþjónustu við markaðssetningu á Íslandi.

Dagskrá:

13.00 **Ávinningur af eflingu Samtaka um söguferðaþjónustu**
Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF.

13.20 **Skapandi greinar í ferðaþjónustu, samlegð og tækifæri**
Kristjana Rós Guðjohnsen, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu.

13.40 **Stórt safn á litlum stað**
Steinunn María Sveinsdóttir, fagstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði.

14.00 **Hvernig birtist þjóðararfurinn í handverkinu og hver eru tækifærin?**
Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar.

14.20 **Kaffi og með því**

15.00 **Vinsældir Íslendingasagna og nýjar útgáfur þeirra á norrænum málum**
Örnólfur Thorsson, íslenskufræðingur og ritstjóri útgáfna á íslenskum miðaldatextum.

15.20 **Sagan og söfnin í Reykjavík: fortíð, samtíð og framtíðarsýn**
Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri.

15.40 **Að markaðssetja menningu**
Hjörvar Sæberg Högnason, forstöðumaður markaðs - og viðskiptaþróunar hjá ferðaskrifstofunni Iceland Travel

16.00 **Klemma lygarans: krókar og keldur í söguferðaþjónustu**
Stefán Pálsson, sagnfræðingur.

16.20 **Samantekt:**
Skúli Björn Gunnarsson, Skriðuklaustri.

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND




Málþingsstjóri: Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu.
Þinggjald: kr. 2.000
Fyrir nemendur, félaga í SSF og félaga í FÍSOS: kr. 1000

skráning á info@sagatrail.is - www.sagatrail.is



**20%**
afsláttur af
hágæða **AEG**
eldhústækjum
með kaupum á HTH
eldhúsinnréttingum

HTH
INNRÉTTINGAR



# Það er allt hægt!

- eldhúsinnréttingar
- baðinnréttingar
- þvottahúsinnréttingar
- fataskápar



***HTH*** er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi fyrir þig, án skuldbindinga, og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.

**ORMSSON**

***Opið:***
Mánudaga – föstudaga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15
*Ath: Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5*

**LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is**

Aldraðir og áfengissjúkir verða að vera án aðstoðar í dag:

## Verkfall á öldrunarheimilum

**KJARAMÁL** Félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands og ófaglærðir sem eru innan vébanda SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, leggja niður störf í dag á 20 stofnunum sem eru innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hátt í 2.000 manns eiga heima á þessum stofnunum.

Auk þess leggja áfengisráðgjafar hjá SÁÁ niður störf. Alls eru þetta nálægt 500 manns.

Sömu starfsstéttir lögðu niður störf á mánudag og höfðu það mikil áhrif á starf á dvalarheimilum aldraðra. Að sögn hefur miðað í átt til samkomulags í deilunni. Það sem steytir helst á er að starfsfólk á þessum stofnunum vill njóta sömu réttinda og ríkisstarfsmenn þegar kemur að uppsögnum. Um það hefur enn ekki samist. - jme



**SÁÁ** Áfengisráðgjafar hjá SÁÁ eru í verkfalli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nokkrar björgunarsveitir hafa fjölgað söfnunardögum svo fleiri sýni berist:

# Margir vilja ekki gefa lífsýni

**VÍSINDI** Misjafnlega hefur gengið hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu að safna lífsýnum þriðjungs þjóðarinnar fyrir Íslenska erfðagreiningu.

Björgunarsveitafólk um allt land segir að almenningur taki heimsóknum sínum vel en þó eru mörg dæmi um að fólk neiti að láta sýni af hendi. Deilur hafa verið innan fræðasamfélagsins um söfnunina og yfirlýsingar gengið á milli stuðningsmanna hennar og andstæðinga í hópi fræðimanna.

Eiður Ragnarsson, ritari Landsbjargar, segir að á bilinu 35 til 40 prósenta heimtur hafi verið í söfnuninni á Austurlandi. Margir afþakki að láta sýni af hendi en sumir segjast sjálfir ætla að póstleggja það.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um gengi söfnunarinnar frá fjölda björgunarsveitarfólks á höfuðborgarsvæðinu. Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingarnar en söfnun fyrir helgi var hætt vegna þess að sýnapakkar höfðu ekki borist nægilega mörgum. - ssb



**BJÖRGUNARSVEITAMENN Á FERÐ OG FLUGI** Hundruð björgunarsveitamanna hafa komið að lífsýnasöfnuninni síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**



➔ Sagði að hann og fleiri hefðu ekki getað hugsað sér að starfa í gömlu flokkunum svo þau hefðu stofnað nýjan flokk með eigin gildi.

**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**



➔ Sagði að kjósendur mættu vænta þess að á næstu dögum yrðu fjöldamörg þingmannamál samþykkt.

**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**



➔ Velti því fyrir sér hvort réttlæti væri haft að leiðarljósi þegar lög væru sett á Alþingi í dag.

**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**



➔ Sagði að ríkisstjórn með vonda stefnu réði ekki lengur öllu. Hann gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega.

**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**



➔ Sagði að þegar núverandi ríkisstjórn næði miklum árangri á níu mánuðum væri skiljanlegt að fyrri ríkisstjórn maldaði í móinn.

**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**



➔ Sagði að sá árangur sem Íslendingar hefðu séð núna á liðnu ári væri ekki einungis núverandi ríkisstjórn að þakka, fyrri ríkistjórn hefði gert sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Andstaða stöðvaði ESB-tillöguna

Formaður Samfylkingarinnar gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir lækkun veiðigjalda og skattalækkanir á þá best stæðu í eldhúsdagsumræðum. Skiljanlegt að þeir sem sátu í síðustu stjórn maldi í móinn þegar ríkisstjórnin nær góðum árangri, sagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

**ALÞINGI** „Ríkisstjórn með vonda stefnu ræður ekki öllu lengur," sagði Árni Páll Árnason við upphaf eldhúsdagsumræðna í gær. Árni Páll minnti á að andstaða við ESB-slitatillögu ríkisstjórnarinnar hefði orðið til þess að hún komst ekki í gegnum þingið. Slík atburðarás hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum.

Árni Páll sagði að Samfylkingin hefði sett bráðaaðgerðir í húsnæðismálum í forgang. Flokkurinn vildi byggja upp leigumarkað.

Hann gagnrýndi ríkisstjórnina harðlega fyrir lækkun veiðigjalda og skattabreytingar sem þjónuðu þeim best sem mest hafa.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, lagði mikla áherslu á réttlæti í sinni ræðu. Hún velti því fyrir sér hvort réttlæti væri haft að leiðarljósi þegar lög eru sett á Alþingi í dag.

„Er réttlæti ávallt haft að leiðarljósi þegar lög eru sett, fjármunum er úthlutað, ákvarðanir eru teknar?" Katrín sagði að mikilvægt væri að hafa réttlætissjónarmiðið að leiðarljósi, að kjörnir fulltrúar gætu tekið sem réttlátastar ákvarðanir í þágu allra landsmanna. Réttlæti væri ekki pólitísk klisja sem hefði dáið út á síðustu öld.

„Með vorinu eykst okkur bjartsýni og þor," sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og bætti við að hér á Íslandi hefðu orðið „miklar breytingar til batnaðar og bjartsýni aukist."

Hann sagði skiljanlegt að þeir stjórnarandstöðuþingmenn sem áttu sæti í, eða studdu, síðustu ríkisstjórn reyndu að klóra í bakkann. „Þegar núverandi ríkisstjórn nær slíkum árangri á níu mánuðum er skiljanlegt að fyrri ríkisstjórn maldi í móinn."

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, sagði landsmönnum frá því fyrir hvað Björt framtíð stæði, í blaðlausri ræðu.

„Við erum mótvægi við gömlu flokkana, við gátum ekki hugsað okkur að starfa í þessum gömlu flokkum svo við stofnuðum okkar eigin flokk með okkar eigin gildi. Í gömlu flokkunum er gott fólk en menningin er gömul og full af ósiðum. Björt framtíð tekur ekki þátt í deilum, af því bara."

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra sagði í ræðu sinni í eldhúsdagsumræðum að sá árangur sem Íslendingar hefðu séð núna á liðnu ári væri ekki einungis núverandi ríkisstjórn að þakka. Hún sagði að sú ríkisstjórn sem sat á síðasta kjörtímabili, ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, hefði einnig lagt mikið á sig.

Birgitta Jónsdóttir gagnrýndi starfshætti þingsins í ræðu sinni. „Þegar hverju þingi lýkur, þá er skorið á svokallaðan þingmálahala, þess vegna afgreiðum við svona mörg mál í belg og biðu við lok hvers þings."

Birgitta sagði að kjósendur mættu þó vænta að á næstu dögum yrðu fjöldamörg þingmannamál samþykkt. „Ástæða þess að ég er svona ánægð með Íslandsmetið er að fjöldamörg mál sem hafa verið flutt aftur og aftur, jafnvel af þingmönnum annarra flokka, þing eftir þing, fá loksins afgreiðslu og verða annaðhvort að verklagsreglum fyrir ríkisstjórnina eða að lögum."

johanna@frettabladid.is
sveinn@frettabladid.is


Portugölsku leirpottarnir komnir!

Mesta úrval landsins.




Undirdiskar fáanlegir

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Göngubrú yfir Hólmsá við Fláajökul í Austur-Skaftafellssýslu vígð á föstudag:

## Greiða leið inn á verðmætt svæði

**NÁTTÚRA** Ný göngubrú yfir Hólmsá við Fláajökul í Austur-Skaftafellssýslu verður formlega vígð á föstudag.

Verkefnið, sem var styrkt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, er hluti af uppbyggingu nýrrar gönguleiðar sem hefur verið nefnd Jöklaleið eða Jöklavegur og mun liggja meðfram öllum suðurjaðri Vatnajökuls. Leiðin frá Fláajökli að Hjallanesi er annar áfangi þeirrar leiðar. Ríki Vatnajökuls, ferðaþjónustuklasi í Austur-Skaftafellssýslu, hefur yfirumsjón með verkefninu.

Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu höfðu frumkvæði að verkefninu, einkum Ferðaþjónustan í Hólmi og Ferðaþjónusta bænda á Brunnhóli í samvinnu við Sveitarfélagið Hornafjörð.

Um árabil var greið aðkomuleið að Fláajökli vestanverðum en hún rofnaði þegar jökullinn hopaði. Með bættu aðgengi sem bygging göngubrúar yfir Hólmsá skapar, aukast bæði tækifæri til útivistar og atvinnusköpunar innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í tilkynningu segir að með brúnni opnist greið leið göngufólks inn á mjög verðmætt svæði, þar sem finna megi óspilltar jökulminjar, bergmyndanir og áhugaverða gróðurframvindu. - fb



**BRÚIN LÖGÐ** Ný göngubrú yfir Hólmsá verður formlega vígð á föstudag.



DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM KJÓLUM
&
AF ÖLLUM SKYRTUM
FYRIR HERRA
OG BÖRN
Gildir út sunnudag
Kjólar fyrir stelpur
Skyrtur fyrir stráka
Skyrtur fyrir herra
Opið 11 - 21 í kvöld
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **AKUREYRI** x14




**AÐFERÐAFRÆÐIN** Hringt var í **1.201** þar til náðist í **804** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki þriðjudaginn 13. maí. Svarhlutfallið var **67** prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tóku **64,4** prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

# Níu af ellefu nýliðar í bæjarstjórn

Ljóst er að nýr meirihluti verður myndaður í bæjarstjórn Akureyrar eftir kosningar. Hreinn meirihluti L-listans fellur samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Sjálfstæðisflokkur og L-listinn geta einir flokka myndað saman tveggja flokka meirihluta.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



Akureyri er stærsta sveitarfélag landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Íbúar sveitarfélagsins voru í ársbyrjun 18.103 og hefur íbúum fjölgað um rúmlega 500 manns á kjörtímabilinu.

Sveitarstjórnarkosningarnar árið 2010 voru um margt sögulegar á Akureyri. L-listi fólksins vann þá sinn stærsta kosningasigur og fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar. Fjórflokkurinn svokallaði fékk hver um sig einn mann kjörinn og A-listi Bæjarlistans einn mann einnig.

L-listinn tapar um helmingi fylgis síns frá kosningum 2010 samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Hann mælist nú með 22,1 prósents fylgi og fær þrjá menn kjörna í bæjarstjórn. Ljóst er að nýr meirihluti verður myndaður að loknum kosningum í vor.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur, með um 23 prósenta fylgi og þrjá menn. Björt framtíð býður fram í fyrsta sinn til sveitarstjórnar á Akureyri og fær tvo menn kjörna samkvæmt könnuninni og 18,3 prósenta fylgi. Samfylkingin mælist með 13,9 prósenta fylgi og einn mann í könnuninni en lítið þarf að breytast svo annar maður Samfylkingar komist í bæjarstjórn á kostnað þriðja manns L-lista. Framsókn fær 11,8 prósenta fylgi og einn mann og VG nær einnig inn manni í bæjarstjórn, mælist með 8,3 prósenta fylgi. Dögun nær ekki inn manni í kosningunum í vor samkvæmt könnuninni, mælist með um 2 prósenta fylgi.

Verði niðurstaða könnunarinnar úrslit kosninganna í lok mánaðar munu aðeins tveir bæjarfulltrúar af ellefu setjast aftur í bæjarstjórn. Aðeins tveir flokkar geta myndað saman tveggja flokka meirihluta, Sjálfstæðisflokkur og L-listinn.

### Flugvöll áfram í Vatnsmýri

Gunnar Gíslason er oddviti Sjálfstæðisflokksins. Framboðið vill stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, standa vörð um fyrirtæki og stofnanir í bænum og stytta biðtíma eftir læknisþjónustu. Flokkurinn leggur mikla áherslu á samgöngumál, að tryggja veru Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri og tryggja raforkuflutninga til bæjarins. „Sjálfstæðisflokkurinn leggur á það áherslu að byggja áfram upp í Hlíðarfjalli og hækka frístundaávísun fyrir börn í bænum,“ segir Gunnar. Einnig vill Sjálfstæðisflokkurinn vinna að því að stytta sumarlokanir í leikskólum og bjóða foreldrum meiri sveigjanleika varðandi sumarfrí barna sinna.

### Minni sóun

Margrét Kristín Helgadóttir er oddviti Bjartrar framtíðar. „Björt framtíð vill skapa stemningu sem sýnir svart á hvítu að á Akureyri er best að búa. Við eigum magnaðan bæ og hæfileikaríkt fólk – við viljum sýna ást okkar á Akureyri í verki með því að huga að þessum tveimur máttarstólpum. Við viljum vera græn í gegn og skapa okkur sérstöðu sem bæjarfélag sem veit að það er aðeins ein jörð og starfar á þeim grunni,“ segir Margrét Kristín.

Einnig leggur Margrét Kristín áherslu að þjóna íbúum bæjarins. „Stóru kosningamálin hvað okkur varðar eru til að mynda að koma hugmyndafræði þjónandi forystu inn í stjórnkerfi bæjarins. Við viljum miðbæ fullan af lífi, hvetja frumkvöðla og dugnaðarforka til dáða, styðja fjölbreytileika í skólum og tómstundastarfi og almennt alla góða hluti sem minnka sóun á tíma, fé og orku.“

### Jöfnuður, jafnrétti og velferð

„Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur það markmið að bæta líf okkar allra í gegnum öfluga samfélagslega þjónustu með áherslu á umhverfið, jöfnuð, jafnrétti og velferð íbúanna. Við leggjum áherslu á að meta að verðleikum störf og huga að vellíðan opinberra starfsmanna. Með því að hækka laun undir meðallaunum leiðum við launaþróun í rétta átt.“ Þetta segir Sóley Björk Stefánsdóttir, oddviti VG.

Sóley vill einnig afnema mörk meiri- og minnihluta í nefndum bæjarins. „Við ætlum að standa vörð um og efla Heilsugæslustöðina á Akureyri og berjast hraustlega fyrir réttmætum framlögum frá ríkinu. Einnig viljum við bæta upplýsingagjöf til íbúa, auka þátttöku í ákvarðanatöku og afnema hefðbundna meiri- og minnihlutaskiptingu við skipan í nefndir.“

### Umboðsmaður barna

Logi Már Einarsson er oddviti Samfylkingarinnar. Hann leggur höfuðáherslu á að jafna stöðu bæjarbúa, með sérstaka áherslu á börn, unglinga og aldraða. „Við höfum gengið alltof nærri skólum og öldrunarþjónustu í sparnaði. Nauðsynlegt er að skila þangað auknum fjármunum til þess að þau geti sinnt betur hlutverki sínu,“ segir Logi.

Einnig vill Samfylkingin setja á laggirnar umboðsmann fyrir börn. „Vinnuumhverfi starfsmanna þarf að laga til muna. Við viljum skipa hverju barni umboðsmann sem fylgist heildstætt með námi þess og þroska frá upphafi skólagöngu til 18 aldurs.“

Samgöngumál og skipulagsmál verða einnig ofarlega á baugi að mati Loga. Flokkurinn vill bæta strætósamgöngur og leggur áherslu á hagkvæmari uppbyggingu bæjarins með nýjum íbúðum. „Hagkvæm uppbygging bæjarins er ein forsenda þess að gera rekstur Akureyrarbæjar sjálfbæran,“ segir Logi Már.

### Beint lýðræði

Hlín Bolladóttir er oddviti Dögunar. Hún vill stórauka vægi íbúanna í ákvarðanatöku. „Framboðið vill stuðla að jákvæðri, upplýsandi og lýðræðislegri umræðu um málefni bæjarins og hagsmuni íbúanna. Sérstaklega verði kappkostað að veita bæjarbúum aðgang að ákvörðunum sem snerta þá sjálfa, sem og að auka upplýsingagjöf og aðgang að gögnum sem varða rekstur og ráðstöfun fjármuna.

Beinar atkvæðagreiðslur og ráðgefandi atkvæðagreiðslur verði innleiddar sem hluti af rafrænni stjórnsýslu og unnið að valddreifingu og auknu sjálfstæði og ábyrgð stjórnenda í einstökum stofnunum bæjarins,“ segir Hlín.

Hún leggur áherslu á að skera niður kostnað í yfirbyggingu og nýta fjármuni frekar í starfsemi stofnana.

### Átak í heilsueflingu barna

„Við leggjum mikla áherslu á að styrkja innviði samfélagsins og að þess verði gætt, með betri afkomu sveitarfélagsins, að fjármunum verði varið til þeirra málaflokka sem mest hafa þurft að spara á liðnum árum,“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, oddviti Framsóknarflokksins.

Hann leggur áherslu á stöðu barna og ungmenna og vill stórauka hreyfingu þeirra. „Þá viljum við gera stórátak í heilsueflingu barna og unglinga, hækka frístundaávísanir og viljum einnig bjóða upp á frístundaávísanir fyrir eldri borgara.“

Hann telur húsnæðismál þurfa að vera eitt af stóru málunum í kosningunum. „Við viljum stuðla að uppbyggingu á öflugum leigumarkaði í samvinnu við lífeyrissjóði og húsnæðissamvinnufélög.“

### Nýsköpun í atvinnumálum

Matthías Rögnvaldsson er nýr oddviti L-listans. L-listinn er eina staðbundna framboðið sem starfar ekki á landsvísu. „L-listinn er eina óháða framboðið og hefur verið í fararbroddi varðandi samvinnu allra í bæjarstjórn og skilað hvað bestum rekstri sveitarfélagsins á Akureyri undanfarin kjörtímabil,“ segir hann.

Matthías vill leggja áherslu á atvinnumál og nýsköpun næstu fjögur árin. „Við viljum fara nýjar leiðir í atvinnumálum þar sem mikil áhersla verður lögð á nýsköpun. Þá viljum við efla íbúalýðræðið til muna og gefa bæjarbúum sterkari rödd inn í stjórnsýslu bæjarins,“ segir hann.

L-listinn er með hreinan meirihluta í bænum og hefur stýrt bæjarfélaginu eftir hrun, oft við erfiðar aðstæður.

„Við leggjum mikla áherslu á að með bættri afkomu bæjarsjóðs gefist tækifæri til þess að efla þjónustu og bæta hag starfsfólks og bæjarbúa. Við viljum láta bæjarbúa um bæjarmálin,“ segir Matthías.

## FRAMBOÐSLISTAR Á AKUREYRI

**Æ – Björt framtíð**



**1. sæti** Margrét Kristín Helgadóttir, *lögmaður og nemi*
**2. sæti** Áshildur Hlín Valtýsdóttir, *kennari og húsmóðir*
**3. sæti** Preben Jón Pétursson, *sjálfstæður atvinnurekandi og mjólkurtæknifræðingur*
**4. sæti** Þorsteinn Hlynur Jónsson, *framkvæmdastjóri og nemi*

**T – Dögun**



**1. sæti** Hlín Bolladóttir, *bæjarfulltrúi og kennari*
**2. sæti** Inga Björk Harðardóttir, *gullsmiður*
**3. sæti** Erling Ingvason, *tannlæknir*
**4. sæti** Machael Jón Clarke, *tónlistarmaður*

**F – Framsókn**



**1. sæti** Guðmundur Baldvin Guðmundsson, *bæjarfulltrúi*
**2. sæti** Ingibjörg Isaksen, *forstöðumaður*
**3. sæti** Siguróli Magni Sigurðsson, *nemi*
**4. sæti** Elvar Smári Sævarsson, *kennari*

**L – Listi fólksins**



**1. sæti** Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri
**2. sæti** Silja Dögg Baldursdóttir, markaðsfulltrúi
**3. sæti** Dagur Fannar Dagsson, hugbúnaðarráðgjafi
**4. sæti** Tryggvi Þór Gunnarsson, *bæjarfulltrúi/ Sölumaður*

**S – Samfylkingin**



**1. sæti** Logi Einarsson, *arkitekt*
**2. sæti** Sigríður Huld Jónsdóttir, *aðstoðarskólameistari*
**3. sæti** Bjarki Ármann Oddsson, *þjálfari*
**4. sæti** Dagbjört Pálsdóttir, *háskólanemi*

**D – Sjálfstæðisflokkurinn**



**1. sæti** Gunnar Gíslason, *fræðslustjóri*
**2. sæti** Eva Hrund Einarsdóttir, *starfsmannastjóri*
**3. sæti** Njáll Trausti Friðbertsson, *flugumferðarstjóri*
**4. sæti** Bergþóra Þórhallsdóttir, *aðstoðarskólastjóri*

**V – Vinstri grænir**



**1. sæti** Sóley Björk Stefánsdóttir, *fjölmiðlafræðingur*
**2. sæti** Edward H. Huijbens, *prófessor við HA og varaþingmaður*
**3. sæti** Hildur Friðriksdóttir, *meistaranemi í félagsvísindum*
**4. sæti** Valur Sæmundsson, *tölvunarfræðingur*

# smashbox

## KAUPAUKINN ÞINN FRÁ SMASHBOX 15.-21. MAÍ Í HAGKAUP*

Kringlan | Smáralind | Holtagarðar

GLÆSILEG SMASHBOX SNYRTITASKA SEM INNIHELDUR PHOTO FINISH PRIMER OG RAKA GRUNN UNDIR AUGU

*EINNIG FYLGIR FALLEGT GLOSS Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

*ÞEGAR KEYPTAR ERU VÖRUR
FYRIR KR. 6.500
FRÁ SMASHBOX







**20% AFSLÁTTUR**

AF BB OG CC VÖRUNUM OKKAR ÞESSA HELGI

ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT!

GEFUR RAKA, JAFNAR HÚÐLIT, DREGUR ÚR LÍNUM OG ÞÚ FERÐ LÝTALAUS ÚT Í DAGINN.

CREATED.
TESTED.
PHOTOGRAPHED.
AT SMASHBOX STUDIOS L.A.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# ÚRVAL AF JÁRN-FESTINGUM FYRIR PALLASMÍÐINA!



Vnr. 33711000
ARRAS vinkill,
50x50x35/2 mm.
**45** kr./stk.

Vnr. 33711006-7
ARRAS þakásanker,
170x32 mm, hægri eða vinstri.
**95** kr./stk.



Vnr. 33715574
Gataplata
100x30x1,5 mm.
**575** kr.



Vnr. 30114550
Tréskrúfa, ryðfrí, A4,
4,5x50 mm, 200 stk.
**2.295** kr.

GUNNEBO FASTENING



Vnr. 33799440
Kambsaumur,
4,0x40 mm, 250 stk.
**1.295** kr.



Vnr. 0225333
SAKRET BE
staurasteypa, 25 kg.
**1.195** kr.

## ENDURUNNIÐ PLAST



Vnr. 0251653
Plasthólkur,
220 mm, 0,7 m.
**895** kr.

Vnr. 0251658
Blikkhólkur,
315 mm, 0,75 m.
**1.695** kr.

# ÓDÝRT PALLAEFNI



Vnr. 0058274
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 27x95 mm.
**185** kr./lm.

Vnr. 0058224
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm.
**165** kr./lm.

## BANGKIRAI
harðviður með rásum
**1.295** kr./lm.
Vnr. 0039481 21x145 mm.

## VIÐHALDSLÍTIÐ PLASTPALLAEFNI
**1.095** kr./lm.
Vnr. 0039510 ljósgrátt 23x146 mm. 3,6 m.
Vnr. 0039514 dökkgrátt 23x146 mm. 3,6 m.

## LERKI
Rásað
**685** kr./lm.
Vnr. 0053275 27x117 mm.

0%

**Vaxtalaust lán**
BYKO býður kortalán án vaxta í allt að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

Sjá pallareikni á byko.is



Vnr.0291460
Blómaker, gagnvarin
fura, 29x43x50 cm.
**4.995** kr.



Vnr.0291538
Klifurblómakassi,
50x100x135 cm.
**11.995** kr.



Vnr. 0291454
Garðborð, gagnvarin
fura, þvermál 1200 mm.
**39.895** kr.

## GEYMSLUSKÚR Á GÓÐU VERÐI



STYRKINGAR OG FESTINGAR FYLGJA

Vnr. 0291810/5/7
Bjálkahús, 28 mm,
3,2x2,7 m, 8,6 m².
**225.995** kr.

Vnr. 0291468
Sandkassi með sætum,
150x150 cm.



KLÚBB verð **10.895** kr.
Almennt verð 12.895 kr.

Vnr.0291536
Blómakassi, 46x76x29 cm.



KLÚBB verð **3.895** kr.
Almennt verð 4.895 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is




# NJÓTUM SUMARSINS Í GARÐINUM

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.














**Í NAUTHÓLSVÍK** Opið verður alla daga frá 10 til 19 í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Ylströndin verður opnuð í dag

Ylströndin í Nauthólsvík verður opnuð í dag og verður opin alla daga til 15. ágúst frá klukkan 10 til klukkan 19.

Á vef Reykjavíkurborgar segir að Landvernd muni afhenda Ylströndinni Bláfánann, sem er vel þekktur erlendis, í níunda sinn.

Bláfáninn er veittur þeim smábátahöfnum og baðströndum sem uppfylla ákveðin skilyrði um umhverfisstjórnun, vatnsgæði, öryggismál og umhverfisfræðslu. - ibs

# Lenging fæðingarorlofs er mesta sparnaðaraðgerðin

**Helmingur starfsmanna í norskum leikskólum telur eins árs börn nógu gömul til að vera í leikskóla. Höfundur Hjallastefnunnar segir börn og foreldra þurfa meiri tíma saman. Segir heimagreiðslur gott úrræði.**

Aðeins helmingur starfsmanna í leikskólum í Noregi er á þeirri skoðun að eins árs gömul börn séu nógu gömul til þess að vera í leikskóla. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar á meðal rúmlega 1.300 aðstoðarmanna í leikskólum og nær 1.200 leikskólakennara sem greint er frá á vef Aftenposten.

Það er mat 25 prósenta starfsmanna að börn eigi að vera eins og hálfs árs þegar þau byrja í leikskóla, 17 prósent eru þeirrar skoðunar að börn eigi að vera eldri en tveggja ára þegar leikskólaganga hefst en fjögur prósent segja að börnin eigi að vera eldri en þriggja ára.

Samkvæmt könnuninni finnst yfir helmingi starfsmanna norskra leikskóla að börn undir þriggja ára aldri eigi ekki að vera lengur í leikskólanum en fjórar til sex klukkustundir á dag. Meirihlutanum finnst í lagi að viðvera barna eldri en þriggja ára sé sex til átta klukkustundir á dag.

Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur og fræðslustjóri Hjallastefnunnar, kveðst ekki vita til þess að slík könnun hafi verið gerð á meðal starfsmanna íslenskra leikskóla. Hún er þeirrar skoðunar að aldur barna sé ekki aðalatriðið þegar þau byrja í leikskóla, heldur aðstæðurnar og umhverfið. „Ég tel að yngstu börnin geti verið í leikskóla ef umhverfi og aðstæður miðast eingöngu við þeirra þarfir. Það er hægt að skapa frábærar aðstæður ef þau eru fá í hópi og ef festa er í starfsmannahaldi. Ég tel hins vegar ekki að eins árs barn eigi erindi inn á almenna leikskóladeild með blönduðum aldri.“

Skortur er á faglærðu starfsfólki í norskum leikskólum eins og á Íslandi. Hér vantar um 1.300 leikskólakennara ef uppfylla á skilyrði laga um að við tveir þriðjuhlutar stöðugilda við uppeldi, umönnun og kennslu í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda leikskólakennara. Í vor útskrifast að líkindum ellefu leikskólakennarar, að því er kom fram á Skólaþingi sveitarfélaga í nóvember síðastliðnum.

„Við erum mörg sem höfum kallað eftir fjölbreyttari menntun til uppeldisstarfa. Leikskólaliðinám var ágætt á sínum tíma en tveggja ára nám fyrir aðstoðarkennara væri æskilegt. Það er alltof lítið gert af því að veita starfsfólki sem unnið hefur lengi og er orðið fært í sínu starfi leiðir til að ljúka námi meðfram starfi. Það er ekkert átak í menntun fyrir leikskólafólk,“ segir Margrét Pála.



**MEÐ LEIKSKÓLABÖRNUM** Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar, segir starfsmannabreytingar litlum börnum gríðarlega erfiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún leggur áherslu á að hún vilji að samfélagið stytti vinnutíma foreldra og ekki síst vinnutíma barna. „Það er mikið fyrir eins árs barn að vera komið í átta til níu tíma vinnu. Það var draumur forvígismanna leikskóla fyrir alla að sex klukkustunda vinnudagur foreldra yrði að veruleika en svo varð ekki. Foreldrar og börn þurfa miklu meiri tíma saman en þau hafa nú.“

Margrét Pála er þeirrar skoðunar að foreldrar eigi að hafa val á milli leikskóla, dagmæðra og heimagreiðslna. „Greiðslurnar þurfa þá að vera það háar að um raunverulegt val verði að ræða. Við höfum verið alltof hrædd við slíkt úrræði. „Lenging fæðingarorlofs er mesta sparnaðaraðgerðin, að mati Margrétar Pálu. „Það er gríðarlega dýrt að reka leikskóla. Ég held að það yrði undursamlega hagkvæmt að gefa fjölskyldunni meiri tíma saman. Það fengist til dæmis með lengingu fæðingarorlofsins.“

> **Það er gríðarlega dýrt að reka leikskóla. Ég held að það yrði undursamlega hagkvæmt að gefa fjölskyldunni meiri tíma saman. Það fengist til dæmis með lengingu fæðingarorlofsins.**
>
> *Margrét Pála Ólafsdóttir, höfundur Hjallastefnunnar.*

ibs@frettabladid.is


## Hvar þrengir að?

**Málefnaþing um könnun Rauða krossins á því hvaða hópar í samfélaginu eiga helst undir högg að sækja**

**Föstudaginn 16. maí kl. 13.30-15.15 á Grand Hótel. Salur: Hvammur**

Jón Gnarr borgarstjórinn í Reykjavík heldur opnunarávarp. Ómar Valdimarsson verkefnisstjóri, Nína Helgadóttir sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs, Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskylduþjónustu í Hafnarfirði og Ibrahem Faraj flóttamaður kynna niðurstöðu skýrslunnar og mögulegar úrbætur og viðbrögð Rauða krossins.

**Umræður:** Fundarstjóri er Hermann Ottósson framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

Allir velkomnir

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-1210

Rauði krossinn
Af mannúð í 90 ár







**NAUTASTEIK** Fólki hefur hingað til verið ráðlagt að forðast mettaða fitu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Óvæntar niðurstöður rannsóknar á mettaðri fitu:

## Mettuð fita ekki hættuleg hjartanu

Mettuð fita veldur ekki hjartasjúkdómum. Þetta er niðurstaða nýrrar stórrar rannsóknar sem birt var í tímaritinu Annals of Internal Medicine í mars síðastliðnum.

Fjallað er um rannsóknina í The Wall Street Journal. Þar kemur fram að í gegnum tíðina hafi fólki verið ráðlagt að forðast mettaða fitu, sem meðal annars má finna í smjöri, ostum og rauðu kjöti, þar sem hún hefur verið talin stífla slagæðarnar. Þess í stað hefur fólki verið ráðlagt að borða kjúkling í stað lamba- eða nautakjöts og velja olíu í stað smjörs.

Niðurstaða rannsóknarinnar gengur gegn öllum hugmyndum um nútíma næringarfræði. Staðreyndin er hins vegar sú, að því er segir í The Wall Street Journal, að það hafa aldrei fundist beinar sannanir fyrir því að mettuð fita valdi þessum sjúkdómum. „Við teljum að þetta sé vegna þess að stefna í næringarfræðum hafi verið byggð á persónulegum metnaði, lélegum rannsóknum, stjórnmálum og hlutdrægni,“ segir í greininni. - fb

15.–21. maí 2014

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

1 FIMMTUDAGUR
2 FÖSTUDAGUR
3 LAUGARDAGUR
4 MÁNUDAGUR
5 ÞRIÐJUDAGUR
6 MIÐVIKUDAGUR

Aðeins þessa viku!




NÝKOMNIR

## 6 AEG GÁMAR Á 6 DÖGUM

- Um 800 AEG tæki í eldhús og þvottahús Íslendinga.
- Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum – á völdum módelum.
- Úrval AEG kæliskápa og frystiskápa – lítið við og skoðið.
- AEG smá raftæki og AEG ryksugur – 25% afsláttur.

Sölumenn okkar eru í samningsstuði. Þið komið og ræðið við sölufólkið okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf, og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs, bestu greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust. Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

AEG hjá ORMSSON síðan 1927

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# SKOÐUN

Svínað á neytendum við ákvarðanir í tollamálum:

## Framleiðendastjórn



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti, var í gær sagt frá því að landbúnaðarráðuneytið hefði enn á ný brugðizt hratt og vel við óskum framleiðenda í landbúnaði og gefið út opinn tollkvóta á lífrænni mjólk að beiðni Mjólkurbúsins KÚ. Ástæðan er að skortur er innanlands á lífrænni mjólk, sem mjólkurbúið notar við framleiðslu á osti.

Þetta er sambærilegt við það þegar gefinn var út kvóti fyrir jólin svo að Mjólkursamsalan gæti flutt inn smjör, af því að skortur var á rjóma á innanlandsmarkaði. Myndin sem teiknast upp er alveg skýr; ef innflutningsfyrirtæki óska eftir því að fá tollkvóta á lægri tolli vegna skorts á búvörum innanlands, til að geta boðið neytendum betra vöruúrval og lægra verð, er það voða erfitt fyrir ráðuneytið, sem að lokum segir bara nei. Ef hins vegar hagsmunaaðilar í landbúnaði þurfa á tollkvóta að halda til að geta haldið áfram framleiðslu, er það afgreitt í hvelli.

Félag atvinnurekenda gagnrýnir þessa ákvörðun á grundvelli þess að ekki sé eins farið með mismunandi umsóknir um innflutningskvóta á lægri tolli vegna skorts á vörunni innanlands. Hagar sóttu í febrúar um opinn tollkvóta fyrir osta úr mjólk sem ekki er til á Íslandi og fyrir lífrænan kjúkling, sem líka er ófáanlegur innanlands. Fyrirtækið fékk þá þvert nei. „Það er aldrei traustvekjandi þegar tvö sambærileg mál fá ósambærilega meðferð. Í öðru tilfellinu er brugðist við skorti með því að opna fyrir innflutning en í hinu er neytendum gefið langt nef og þeim sagt að borða eitthvað annað og þá helst eitthvað íslenskt,“ sagði Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA, í Markaðnum í gær.

Á þessu máli er önnur hlið; tollverndinni er í orði kveðnu haldið uppi meðal annars vegna fæðuöryggissjónarmiða; til að tryggja að Ísland sé sjálfu sér nógt um mat. En þegar innlendir framleiðendur bregðast ekki við þörfum markaðarins og varan er ekki til, kemur kerfið í veg fyrir að hægt sé að flytja hana inn á viðráðanlegu verði. Þannig er hvatinn til að gera betur, til dæmis með því að framleiða lífrænan kjúkling, enginn. Er það fæðuöryggi?

Þessi afstaða landbúnaðarkerfisins á samt ekki að koma á óvart. Áratugum saman hafa landbúnaðarráðherrar, sama úr hvaða flokki þau koma, svínað markvisst á neytendum í þágu framleiðenda við ákvarðanir um tolla á landbúnaðarvörum. Í febrúar skipaði Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra starfshóp um tollamál í landbúnaði, þar sem bændur og framleiðendur á þeirra vegum áttu þrjá fulltrúa og launþegasamtök tvo, en Neytendasamtökin engan og innflytjendur engan. Eftir að þetta var gagnrýnt fengu samtök innflutningsfyrirtækja fulltrúa í hópnum, en Neytendasamtökin fengu eftir mikinn eftirrekstur bréf þann 6. maí um að þau ættu ekkert erindi í þennan starfshóp.

„Stjórn Neytendasamtakanna getur með engu móti fallist á að launþegasamtök, bændasamtök og atvinnurekendur í starfshópnum gæti hagsmuna neytenda sérstaklega. Verður því að túlka svarið sem svo að ráðherra telji að endurskoðun á tollalöggjöf á sviði landbúnaðar komi neytendum ekkert við,“ skrifaði Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, í grein í Fréttablaðinu á laugardaginn.

Það verður sögulegt þegar ríkisstjórn sezt að völdum á Íslandi sem gætir hagsmuna neytenda gagnvart ónýtu og alltof dýru landbúnaðarkerfi. Þessi stjórn ætlar augljóslega ekki að marka nein slík tímamót.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



ÞESSA DAGANA ERU BJÖRGUNARSVEITIRNAR AÐ GANGA Í HÚS

Þær sækja skilagögn til þeirra sem ákveða að taka þátt. Umslögin má einnig setja ófrímerkt í póst.

ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

www.utkall.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Soðið upp úr**

Þau halda áfram að vera „ljúf og góð“ hvort við annað niðri á þingi þessi dægrin. Aðfaranótt gærdagsins varð hressandi uppákoma þegar Steingrímur J. Sigfússon þingmaður Vinstri grænna brást ókvæða við frammíköllum Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins. Hann var í miðri ræðu um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána þegar Vigdís kallaði „Landsbankabréfin“. Steingrímur var ekki glaður og sagði háttvirtum þingmanni að þegja og kallaði hana leiðinda friðarspilli – gjammandi endalaust.

**Gæti orða sinna**

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, bað þingmanninn að gæta orða sinna en Steingrímur hafði ekki enn náð sér niður og sagðist ekki mundu líða það að ræðumenn væru truflaðir með þessum hætti. Það er sjaldnast friður hjá þingmönnunum okkar þessi dægrin en skemmst er að minnast þess þegar sauð upp úr hjá Katrínu Júlíusdóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, í febrúar þegar Bjarni Benediktsson truflaði hana í miðri ræðu og hún brást við með því að kalla hann helvítis dóna. Hún baðst síðar afsökunar á ummælum sínum.



**Steingrímstilburðir**

Vigdís tjáði sig um þessi ummæli Steingríms í sinn garð á Bylgjunni í gær þar sem hún sagði Steingrím hafa orðið sér til skammar. Hún sagðist einnig vera stolt af því að fara óskaplega í taugarnar á vinstrimönnum. Hún bætti því að lokum við að Steingrímur væri heilagri en aðrir á þingi, hann mætti grípa fram í og stunda málþóf en þegar aðrir sýndu slíka „Steingrímstilburði“ trylltist hann.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Er hægt að vera á móti?

FJÁRMÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Í þremur greinum hér í Fréttablaðinu hef ég rakið helstu ágalla á skuldafrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Höfuðágallinn er óréttlætið. Aðgerðin nær ekki með sambærilegum hætti til fólks í sambærilegri stöðu og engin tilraun er gerð til að greina þann hóp sem er í vanda og hefur mátt þola að skuldir hafa hækkað meira en húsnæði.

Engin tilraun hefur verið gerð til að skilja frá þá sem hafa hagnast á fasteignakaupum sínum á undanförnum áratugum, hafa því ekkert tjón liðið og hafa mjög lítinn húsnæðiskostnað. Það er óskiljanlegt að ríkisstjórnin leggi allt kapp á að nýta almannafé til að lækka skuldir auðugasta fólks landsins. Af hverju má ekki setja tekju- og eignamörk á aðgerðina?

Skuldaleiðréttingin nær ekki til mikils fjölda fólks sem er með verðtryggð lán og verðtryggðan húsnæðiskostnað. Það er óskiljanlegt og órökstutt að leigjendur og búseturéttarhafar séu með sérstöku ákvæði undanþegnir leiðréttingu.

Það er auðvelt að koma til móts við þá sem leigja hjá lokuðum leigufélögum og eigendur búseturéttar.

Við í Samfylkingunni munum gera tillögu um að ríkustu 15% þjóðarinnar fái skerta skuldalækkun og ríkustu 5% þjóðarinnar fái ekki skuldaniðurfellingu. Við munum líka leggja til að einstaklingar með skuldlausa eign yfir 20 milljónum og hjón með skuldlausa eign yfir 30 milljónum króna fái ekki skuldaniðurfellingu.

> ➜ **Við í Samfylkingunni munum gera tillögu um að ríkustu 15% þjóðarinnar fái skerta skuldalækkun og ríkustu 5% þjóðarinnar fái ekki skuldaniðurfellingu.**

Þessi afar hófleg takmörkun aðgerðarinnar í réttlætisátt dugar til að fjármagna sambærilega úrlausn fyrir leigufélög og húsnæðissamvinnufélög. Þá munu Félagsstofnun stúdenta og hússjóður Öryrkjabandalagsins geta lækkað leigu til sinna leigjenda, til samræmis við leiðréttinguna sem þeir fá sem búa í eigin húsnæði. Þá geta búseturéttarhafar í Búseta og Búmönnum fengið sömu úrlausn og aðrir.

Þessar breytingar mundu gera aðgerðirnar réttlátari og sanngjarnari. Er hægt að vera á móti þeim? Þingmenn ríkisstjórnarinnar þurfa að svara þeirri spurningu á Alþingi í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Náttúruvá – Formaður NASF á villigötum

FISKELDI



**Guðbergur Rúnarsson**
framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva

Það er fráleitt að halda því fram að fiskeldi muni skaða lífríki og ímynd Íslands eins og formaður NASF heldur fram í Fréttablaðinu 6. maí. Skattgreiðendur munu að sjálfsögðu ekki taka á sig skuldbindingar hlutafélaga eins og fullyrt er.

Fiskeldismenn hlustuðu á sérfræðinga á málþingi NASF í vetur og varnaðarorð þeirra um að fara fram með gát og varúð, læra af reynslu annarra ríkja sem lengra eru komin í eldinu og koma í veg fyrir að eldið fari inn á villigötur.

Drög að frumvarpi ríkisstjórnarinnar eru til mikilla bóta á núgildandi lögum: einföldun í stjórnsýslunni, skilvirkara eftirlit en einnig að herða á kröfum og auka skyldur fyrirtækjanna. Drög að lagabreytingu gera ráð fyrir 30% eiginfjármögnun, tryggingum, burðarþolsrannsóknum og fleiri kröfum, t.d. um búnað sem eykur öryggi. Hjá félaginu fór fram stefnumótunarvinna sem var auglýst og kynnt ráðuneytum og stjórnsýslunni í janúar 2013.

Tekið er á skipulagsmálum í drögum að nýjum lögum en einnig í vinnu við skipulagningu Ísafjarðardjúps og Arnarfjarðar. Fyrirtækin í fiskeldi hafa með sér samstarf um hvernig fiskeldi í sjó verður best komið fyrir til að koma í veg fyrir árekstra. Ekkert öngþveiti er til staðar eins og haldið er fram.

Utan netlagna fara íslensk stjórnvöld með umráðaréttinn en ekki eigendur sjávarjarða eða veiðiréttareigendur. Fiskeldi skaðar ekki aðra matvælaframleiðslu né veiðar, enda mjög umhverfisvæn grein miðað við aðra ræktun hráefnis til matvæla, t.d. kjöts.

### Frasa-vísindi

Formaðurinn velur frasa-vísindi sem henta honum þegar hann fjallar um náttúruvá og um þúsundir háskóla og vísindastofnanir. Rétt er að vísindamenn og stóru eldisfyrirtækin í heiminum leita öll að betri lausnum sem minnka áhrifin frá fiskeldi, hvort sem um er að ræða úrgang eða leiðir til að koma í veg fyrir hugsanlegar sleppingar og erfðablöndun við villta laxastofna. Laxastofninn sem nú er í eldi á Íslandi er mun betri en sá sem notaður var á 9. áratugnum. Hann er kynbættur fyrir síðbúnum kynþroska sem minnkar áhættu á erfðablöndun.

Formaðurinn skalar upp hrein ósannindi sem hann hefur áður fleygt fram í blaðagrein. Jón Örn Pálsson fjallaði um slíkan málflutning í Morgunblaðinu, 25. janúar sl., sjá lf.is. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er rekstrarleyfi í Patreksfirði fyrir 1.500 tonna eldi og fyrirhuguð er stækkun leyfis í 3.000 tonn en ekki 25.000 tonn eins og kom fram hjá formanni NASF.

Fullyrðing formannsins um úrgang stenst einfaldlega ekki. Magnið er rangt og niðurstaðan einnig.

Skólp frá fjórum mönnum jafngildir úrgangi frá einu tonni af laxi. Þá jafngildir úrgangur frá 3.000 tonna eldi 12.000 manna byggð. Í starfsleyfi fiskeldisfyrirtækja eru sett takmörk á losun úrgangs frá fiskeldi.

# Bakkabræður í ríkisstjórn

STJÓRNMÁL



**Þórir Stephensen**
prestur

Íslenskur sagnaarfur á ekki margar þekktari eða skemmtilegri sögupersónur en þá Gísla, Eirík og Helga, bræðurna á Bakka í Svarfaðardal. Þeir voru svo skemmtilega vitgrannir að þeir hafa orðið aðhlátursefni margra kynslóða.

Eitt fáránlegasta uppátæki þeirra var er þeir reistu sér baðstofu og höfðu hana gluggalausa til þess að hún yrði hlýrri á vetrum. En þá vantaði birtuna í bæinn. Til að bæta úr því, ákváðu þeir að bera myrkrið út og sólskinið inn í trogum. Þrátt fyrir dugnað þeirra við trogaburðinn hafði ekkert birt í bænum þegar leið á daginn. Þeir sáu ekki handa sinna skil frekar en áður.

Ég get ekki að því gert að mér finnst sumt í gerðum núverandi ríkisstjórnar minna mig á baðstofubygginguna á Bakka. Einkum á það við um utanríkis- og fjármál. Meðan meirihluti þjóðarinnar vill láta á það reyna hvort við náum hugsanlega viðunandi samningum við Evrópusambandið um samstiga framfarir, þá hamast Bakkabræður ríkisstjórnarinnar, þeir Sigmundur Davíð, Bjarni og Gunnar Bragi, við að reyna að loka okkur inni í gluggalausu húsi. Við megum ekki sjá hvað aðrir gera best. Hugarfar frelsis og framfara á helst ekki að finna sér neinar glufur inn í samfélag okkar.

Okkur á að nægja það sem þeir eru að bera okkur í sínum forneskjulegu trogum og reynist árangurslítið, af því að þeir virðast ekki, frekar en Bakkabræðurnir fyrir norðan, hafa þá andlegu hæfileika sem þarf til að leysa vandamálin þannig að samfélag okkar njóti birtu þeirra framfara sem öðrum hafa reynst vel.

Flestir sæmilega skynsamir menn sjá hvert svona innilokunarstefna leiðir okkur. Því þarf ekki að orðlengja þetta. En þótt við vitum að Evrópusambandsaðild leysi ekki öll okkar vandamál, þá er sterk von við hana bundin, einkum í utanríkis- og fjármálum, og því lýk ég þessari grein með hvatningarorðum sr. Matthíasar. Takið þau til ykkar hver og einn, Sigmundur Davíð, Bjarni og Gunnar Bragi:

*Opnaðu bæinn, inn með sól!*
*Öllu gefur hún líf og skjól,*
*Vekur blómin og gyllir grein,*
*gerir hvern dropa eðalstein.*
*Opnaðu bæinn.*




# Öflugt meistaranám

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám í fjarnámi þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Háskólinn á Bifröst hefur áralanga reynslu í háskólakennslu í fjarnámi sem gefið hefur góða raun. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

**Meistaranám í fjarnámi:**

- Alþjóðaviðskipti – MS / MIB
- Forysta og stjórnun – MS / MLM
- Alþjóðleg stjórnmálahagfræði – MA
- Menningarstjórnun – MA

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**
*– hvar sem þú ert!*

**Umsóknarfrestur rennur út 15. maí**
www.nam.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## MERKISATBURÐIR

**1770** Íslandi er skipt í ömt: annars vegar Suður- og Vesturamt og hins vegar Norður- og Austuramt. Síðar voru Suðuramt og Vesturamt aðskilin.

**1811** Paragvæ fær sjálfstæði frá Spáni.

**1897** Sigfús Eymundsson flytur til landsins talvél eða grafófón og er sagt frá því í auglýsingu að tækið tali og syngi ýmis lög.

**1905** Stofnun Las Vegas: Járnbrautarfélag selur stóra landspildu í Nevada-eyðimörkinni til áhættufjárfesta.

**1937** Hátíð er haldin á Íslandi í tilefni af 25 ára stjórnarafmæli Kristjáns konungs tíunda.

**1941** Alþingi samþykkir að fresta Alþingiskosningum um allt að fjögur ár vegna hernámsins. Kosningar fara þó fram árið eftir.

**1952** Fiskveiðilögsaga Íslands er færð út í fjórar mílur en var áður þrjár. Auk þess er flóum og fjörðum lokað fyrir botnvörpuveiðum.

**1967** Fyrsta íslenska sjónvarpsleikritið er frumsýnt: Jón gamli eftir Matthías Johannessen.

**1976** Keflavíkurganga á vegum herstöðvaandstæðinga er gengin frá hliði herstöðvarinnar til Reykjavíkur.

**1987 John Travolta kvikmyndaleikari kemur til Íslands ásamt fríðu föruneyti.**



**ÞETTA GERÐIST:** 15. MAÍ 1905

# Borgin Las Vegas í Nevada-fylki stofnuð

Járnbrautarfélag í Bandaríkjunum seldi stóra landspildu í Nevada-eyðimörkinni til áhættufjárfesta þann 15. maí árið 1905. Fyrir landið greiddu fjárfestarnir 265 þúsund dali og borgin Las Vegas var opinberlega stofnuð.

Fyrsta byggðin á svæðinu komst samt á fót árið 1854 fyrir tilstuðlan mormónakirkjunnar, en lagðist í eyði þremur árum seinna.

Lögleiðing fjárhættuspila 1931 og bygging Hoover-stíflunnar 1931-1935 gerði það að verkum að borgin óx með leifturhraða á síðustu öld.

Í Las Vegas eru fleiri hótel en í nokkurri annarri borg enda er hún einn af vinsælustu ferðamannastöðum heims, ekki síst vegna spilavíta og blómlegs næturlífs. Í borginni búa að staðaldri um það bil 600.000 manns.

Borgin er gríðarlega vinsæll tökustaður fyrir bíómyndir og sjónvarpsþætti, en á meðal kvikmynda sem teknar hafa verið í borginni eru Ocean's Eleven, Rat Race, Knocked Up, The Iron Man og svo mætti lengi telja.



**THE LUXOR HOTEL AND CASINO** Eitt fjölmargra spilavíta í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**FAGNA 56. STARFSÁRINU** Guðmundur Ómar hefur verið stjórnandi Strætókórsins í fimmtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

# Strætókórinn heldur vortónleika í Áskirkju

**Guðmundur Ómar Óskarsson er stjórnandi Strætókórsins, Rakel Björk Björnsdóttir syngur og Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir á tónleikum kórsins í kvöld.**

„Við erum að ljúka vetrarstarfinu með vortónleikum," segir Guðmundur Ómar Óskarsson, stjórnandi Strætókórsins. Kórinn heldur vortónleikana í Áskirkju í kvöld klukkan átta. Æfingar hafa staðið yfir í allan vetur.

„Strætókórinn æfir einu sinni í viku yfir vetrartímann og svo erum við vanir að fara alltaf einu sinni á ári í æfingabúðir í Borgarnesi. Þar æfum við upp prógrammið fyrir vorið," útskýrir Guðmundur, sem segir dagskrána á tónleikum bæði skemmtilega og fjölbreytta.

„Þarna verða sungin bæði ný og gömul lög, hefðbundin karlakórslög, skylduverkefni á borð við Þú álfu vorrar yngsta land og Ísland, Ísland. Svo erum við líka með nokkur lög úr sjómannssyrpu Oddgeirs Kristjánssonar sem ég útsetti fyrir kórinn, auk þess sem við komum til með að syngja smelli á borð við Ég er kominn heim og fleira í þeim dúr."

Frítt er inn á tónleikana, en með kórnum á tónleikunum verður ung söngkona, Rakel Björk Björnsdóttur, og Arnhildur Valgarðsdóttir spilar undir.

Guðmundur segir meðlimi kórsins vera um tuttugu talsins.

„Þetta eru bílstjórar og menn sem hafa unnið hjá fyrirtækinu – sumir eru löngu hættir að vinna en hafa haldist í kórnum."

Guðmundur hefur stjórnað Strætókórnum, sem nýlega fagnaði 56. starfsafmæli sínu, í rúm fimmtán ár.

„Það er mesta furða hvað þeir eru frambærilegir. Þetta eru auðvitað misjafnlega miklir söngmenn en þeir hafa staðið sig með stakri prýði og eru oft fengnir til þess að syngja við ýmis tækifæri, til dæmis jarðarfarir og viðburði tengda fyrirtækinu."

olof@frettabladid.is

# Eldklerkurinn á Flúðum

Möguleikhúsið sýnir leikverkið Eldklerkinn, sem fjallar um séra Jón Steingrímsson og Skaftárelda, í félagsheimili Hrunamanna að Flúðum í kvöld klukkan 20.30. Verkið, sem var frumsýnt 1. nóvember sl., hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda, en nýlega lauk sýningum á því í Reykjavík og hefur síðan verið ferðast með sýninguna um landið.

Leikverkið er að mestu byggt á skrifum séra Jóns, en um leið vekur það spurningar um hliðstæður við hamfarir af völdum manna og náttúru sem yfir þjóðina hafa dunið á síðustu árum.

Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búninga Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson.



**ELDKLERKURINN** Pétur Eggerz í hlutverki Jóns Steingrímssonar.

---

†

Okkar ástkæra

**HRÖNN BRANDSDÓTTIR**
**Vík í Mýrdal,**

andaðist föstudaginn 9. maí sl.
Útför hennar verður gerð frá Víkurkirkju, laugardaginn 17. maí nk. kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinafélag Hjallatúns.



**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðrún Brynja Guðjónsdóttir** — **Sævar B. Arnarson**
**Hafsteinn Guðjónsson** — **Kristín Gísladóttir**
**Brandur Jón Guðjónsson** — **Inga B.H. Oddsteinsdóttir**
**Margrét Steinunn Guðjónsdóttir** — **Tyrfingur K. Leósson**

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÁKON ODDGEIRSSON**
**málarameistari og óperusöngvari,**

lést á Vífilsstaðaspítala þann 11. maí sl.
Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 22. maí kl. 13.00.



**Frieda Mahler Oddgeirsson**
**Gunnar Örn Hákonarson**
**Kristín Björg Hákonardóttir** — **Hallfreður Emilsson**
**Hákon Jóhann Hákonarson**
**Birgir Hákonarson** — **Hólmfríður Grímsdóttir**
**Hilmar Þór Hákonarson** — **Dóróthea Elísdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskuleg móðir okkar, amma og tengdamóðir,

**GUÐRÚN SVALA WAAGE**

lést 15. apríl 2014. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að hennar ósk. Fjölskylda hennar þakkar auðsýnda samúð. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarstofnanir.



**Ragnar Þór Magnús**
**Maggi J. Magnús**
**Hilmar J. Magnús**
**og fjölskyldur.**

---

†

Elskulegur maðurinn minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓNAS G. INGIMUNDARSON**

andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 11. maí.



**Fanney Elísdóttir**
**Jónas Dagur Jónasson** — **Katrín Guðmundsdóttir**
**Bryndís B. Jónasdóttir** — **Bjarni Sigurðsson**
**Önundur Jónasson** — **Díana Hilmarsdóttir**
**og barnabörn.**



## HELENA OG ÞORVALDUR TAKA LAGIÐ

**Helena Eyjólfsdóttir heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri á laugardagskvöldið kl. 21. Þorvaldur Halldórsson tekur lagið með Helenu og má búast við miklu fjöri þegar þau tvö koma saman. Helena hélt sams konar tónleika síðastliðið haust og þóttu þeir einstaklega vel heppnaðir.**


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



SUMARYFIRHAFNIR Í ÚRVALI



Skoðið laxdal.is/ Yfirhafnir

BERNHARD LAXDAL

Vertu vinur á Facebook





Sumarpeysur í miklu úrvali

Stærðir 36-52

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16





**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Flest apótek og heilsubúðir. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.

# HEFUR ÞÚ REYNT ALLT?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura DermaSpray er 100% náttúrulegt meðferðar-úrræði í úðaformi sem getur veitt langvarandi bata við m.a. þurrki í húð, exemi og sóríasis. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

**Salcura DermaSpray** inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem styður viðgerðarferli húðarinnar, kemst djúpt ofan í húðina og nærir hana innan frá og út. DermaSpray er þægilegt í notkun, hefur kláðastillandi áhrif, minnkar bólgur og roða. Úðaformið tryggir minni hættu á sýkingum, engan núning og minni óþægindi þegar borið er á húðina.

**Salcura DermaSpray Gentle** er fyrir börn yngri en 12 mánaða og aðra með viðkvæma húð.

**Salcura Zeoderm-húðkrem** græðir og nærir efstu lög húðarinnar þegar þau eru þurr og/eða sködduð. Það inniheldur kraftmikið andoxunarefni sem ver húðfrumur gegn skaða, öflugt afeitrunarefni sem bindur og eyðir eiturefnum og róar kláða og bólgu.

„Ég hef verið að glíma við slæman þurrk á höndunum í allan vetur, húðin var bæði sprungin og blæðandi. Eftir aðeins 3 daga meðferð með Salcura DermaSpray og Zeoderm-kremi greri húðin alveg og þurrkurinn hvarf. Nú nota ég vörurnar eftir þörfum fyrir mig og fjölskylduna.“ Magnea Guðmundsdóttir, 32 ára, tveggja barna móðir í Reykjavík.

**FYRIR ALLA SEM ÞJÁST AF:**

Exemi
Sóríasis
Rósroða
Kláða í húð
Útbrotum
Þurri húð
Ofsakláða




**ALLAR VÖRURNAR ERU ÁN:**

- Stera
- Parabena
- Sýklalyfja
- Alkóhóls
- Kortisóns
- Lanólíns
- Paraffíns
- SLS


GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Mikið úrval af hægindastólum

Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!





Raf-lyfti-hvíldarstóll
með leðri á slitflötum
Frábært fyrir fólk sem á erfitt með að standa upp

Verð aðeins kr.
109.900
Litir: Dökkbrúnt og grátt

BOAS hægindasófi
með leðri á slitflötum
Verð aðeins kr.
189.900
Litir: Dökkbrúnt og grátt

Nýjar sendingar Nýtt útlit Komdu og prófaðu!

12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

KORTER.IS

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447






**HANNAR FALLEGT SKART** Sif hannar fallega skartgripi undir merkjunum Hiba og Ivaldi og ber þá gjarnan sjálf. MYND/DANÍEL

# PERLUR OG KEÐJUR

**SKART** *Sif Guðmundsdóttir sýnir skartgripi sína á Handverki og hönnun sem hefst í Ráðhúsinu í dag. Hún hannar undir merkjunum Hiba og Ivaldi.*

Sif Guðmundsdóttir notar meðal annars afrískar perlur í skartgripina sína og keðjur sem hafa vísun í norræna goðafræði. Hún er menntuð í bæði hárkollugerð og sem grafískur hönnuður. „Við skartgripagerðina blanda ég saman þessum tveimur starfsgreinum. Ég nýti mér kunnáttu og þekkingu við handverk úr hárkollugerðinni og nýti grafísku hönnunina og þá hönnunarhugsun sem ég hef öðlast þar við uppbyggingu skartsins og fagurfræði þess. Áhugi minn á sagnfræði, miðaldalistum, leikhúsi, þrívídd, fagurfræði og handverki



**IVALDI** Ivaldi-skartið er hannað undir áhrifum frá norrænni goðafræði.

dró mig að þessari skartgripagerð og það að grúska í hinum ýmsu menningarkimum heimsins og skoða hvernig hefðir, uppruni og þróun tengjast ímynd og tísku dagsins í dag.“

**SÁL GANABÚA Í SKARTINU**
Það er mikil saga á bak við hönnun Sifjar og nöfn skartsins. Hún hannar undir tveimur merkjum, Hiba og Ivaldi. „Hiba er afrískt stúlkunafn sem merkir gjöf. Mér fannst því tilvalið að nota það nafn þar sem skartgripir eru oft keyptir sem gjöf fyrir ástvini og nákomna. Skartgripirnir hjá Hiba eru gerðir úr gler- og skrautsteinaperlum og málmunum sterling silfri, messing, brons og kopar. Stóran hluta af skartgripalínunni má nota bæði sem hálsfesti og armband.

Ég nota mikið hvítar hjartaperlur sem voru og eru vinsælar í Afríku og hafa verið notaðar þar sem gjaldmiðill. Það er áhugavert að pæla í mismunandi verðgildismati í þessu samhengi. Afríkumenn seldu Vesturlandabúum gull, fílabein og skrautsteina fyrir glerperlurnar. Þeir trúa að þær búi yfir dular- og verndarkrafti og eru notaðar sem verndargripir gegn sníkjudýrum og sýklum.

Perlurnar sem ég nota eru notaðar og koma frá Gana. Þar er hefðin sú að endurnýta skart og búa til nýja skartgripi úr gömlum. Þegar perlurnar eru svo seldar til næsta manns fær viðkomandi alltaf pínulítið af sál Ganabúa með þeim. Ég er sjálf eiginlega alltaf með glerperlurnar á mér, mér finnst mjög notalegt að fá þessa afrísku vernd,“ segir Sif og brosir.

**EINS OG HRINGABRYNJUR**
Hitt merki Sifjar, Ivaldi, er undir áhrifum norrænnar goðafræði. Skartgripirnir eru gerðir úr málmum og eru keðjumynstrin



sem einkenna þá handfléttuð, hver hringur fyrir sig er ofinn inn í keðjuna, snúinn og lokaður. „Ívaldi er gamalt norrænt nafn úr goðafræði. Það voru Ívaldasynir sem gerðu hina gylltu hárkollu Sifjar, konu Þórs, þegar Loki klippti á henni hárið. Keðjurnar tengjast fornmenningu Evrópubúa og voru notaðar í hringabrynjur. Keðjumunstrin eru handunnin og byggjast á margra alda gamalli aðferð við fléttun málmhringja sem mynda mynstur.“

Málmarnir sem Sif notar meðal annarra í skartgripina sína eru níóbín og títan. „Þetta eru mjög hreinir málmar sem henta þeim sem hafa málmofnæmi. Það er skemmtilegt við þessa málma að ég get litað þá með rafskautstækni til að fá alla liti regnbogans á málminn, án allra aukaefna.“

Sif verður með hönnun sína í þriðja sinn á Handverki og hönnun sem hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. „Það hefur verið mjög gaman að taka þátt í því og skartið mitt hefur vakið athygli.“

liljabjork@365.is






## FOR DAILY WELLBEING EXTRA STRENGTH

For Daily Wellbeing EXTRA Strength – Extra sterkur fyrir daglega heilsu (Probiotic)

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur 5 ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, m.a. L. Acidopilus NCFM® – með yfir 75 greinum birtum í viðurkenndum vísindaritum.
- Vinnur á IBS (Irritable bowel syndrome) – 20 prósent fólks þjáist af IBS.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum. Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.

Mælt með fyrir alla sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (Ulcerative colitis, Diverticulitis, Crohn's disease), Candida-ofvöxt eða IBS.






**VELLÍÐAN** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af Obtibac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANÍEL

# BESTA FORVÖRNIN ER GÓÐ MELTINGARFLÓRA

**RARITET KYNNIR** *Heilbrigð bakteríuflóra í meltingarvegi gegnir mikilvægu hlutverki í góðri heilsu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið.*

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota Obtibac Probiotics-gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra," segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota Optibac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum."

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir 70 prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería, eins og loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu, og ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.

Auk þess að nota For a Flat Stomach frá Optibac Probiotics á hverjum degi notar Marta einnig For Every Day Extra (sterkan) sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlegar umfjallanir í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.

Optibac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum; Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek.




**FOR DAILY WELLBEING**

For Daily Wellbeing – fyrir daglega heilsu

- Hollari en sykraðir mjólkurdrykkir með gerlum.
- 5 milljarðar lifandi vinveittir gerlar í hverjum dagskammti.
- Sex mismunandi vinveittar Probiotic-bakteríur. Heildarlausn fyrir alla hluta meltingarkerfisins.
- Inniheldur auk þess Prebiotic sem tryggir gott jafnvægi á góðum vinveittum bakteríum í meltingarvegi.

Sérstaklega mælt með fyrir alla sem vilja fá L. Acidophilus eða vöru sem inniheldur alhliða Probiotic-gerla. Gott fyrir þá sem eru með lélega meltingu, bólur eða exem.




MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG KÆLI
CREAM
GEL

Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.




www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

OptiBac
probiotics

Byltingarkennd lausn fyrir þá sem þjást af hægðatregðu og/eða eru með hæga meltingu.

optibaciceland

Virkari melting og lausn við hægðatregðu

Hjálpar þér að viðhalda reglulegri meltingu með Prebiotics-trefjum í miklu magni „Bifidobacteria & Fibre" frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi. Hjálpar þeim sem hafa lítið af vinveittum bakteríum í þörmum og er hætt við hægðatregðu.

**Útsölustaðir:** Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek















**GLÆSILEG** Hulda Lind Kristinsdóttir hefur í nógu að snúast sem fyrirsætan Icebody og var nýlega valin ein íslenskra fyrirsæta til að sitja fyrir hjá átján erlendum ljósmyndurum hvaðanæva úr heiminum. MYND/DANÍEL

# SEXÍ ÞOKKAGYÐJA

**TÍSKAN** *Fyrirsætan Hulda Lind Kristinsdóttir er hin kynþokkafulla Icebody. Hún segir besta fegrunarráðið að ímynda sér að maður sé flottastur af öllum.*

**Hvenær kviknaði tískuáhuginn?** Ég var fimm ára farin að máta föt fyrir framan spegil og stilla mér upp fyrir myndavélina.

**Hvernig myndirðu lýsa eigin stíl?** Litríkur, þægilegur og sexí.

**Hvaðan hefur þú tískuvitið?** Ég tel mig ekki hafa neitt sérstakt tískuvit en ég fylgist með straumum og stefnum og tileinka mér það sem heillar mig.

**Áttu þér uppáhaldstískuverslanir?** Já, ég hef mest dálæti á Guess, Bebe, Kiss og Zara.

**Eyðir þú miklu í fatakaup?** Nei, ég nýti mér verðlækkanir á góðum fatnaði.

**Hver er þinn helsti veikleiki þegar kemur að tísku og útliti?** Ég á stundum erfitt með að velja á milli þess sem er í boði.

**Ef þú mættir kaupa þér eitthvað eitt nýtt í dag, hvað yrði fyrir valinu?** Ég mundi velja mér ekta skart; fallegt, stórt og áberandi.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Svarti og hvíti kjóllinn sem ég keypti í Kiss er ein af mínum uppáhalds.

**Hvaða litur klæðir þig best?** Bleikur er í uppáhaldi og finnst mér hann klæða mig ágætlega.

**Hverju klæðistu við sparileg tilefni?** Ég fer oftast í það fallegasta sem ég finn í fataskápnum hverju sinni.

**Ertu hrifin af skartgripum?** Já, mjög. Ég elska skartgripi og finnst eyrnalokkar alveg ómissandi.

**Hvaða ilmvatn notar þú?** Um þessar mundir nota ég ilminn Dream Angels Heavenly frá Victoria's Secret.

**Ef þú ættir aðeins einn hlut í snyrtibuddunni, hver væri hann?** Það væri maskari.

**Hvað er það besta við sumartískuna?** Bjartir litir og léttur fatnaður.



**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég elska að fylgjast með súpermódelinu Naomi Campbell sem er alltaf flott og ég fíla Nicki Minaj því hún klæðist skemmtilega litríkum fatnaði.

**Hvað gerir allar konur kvenlegar?** Það kvenlegasta við konur eru brjóstin.

**Lumarðu á góðu tísku- eða fegrunarráði?** Besta tískuráðið er að klæðast því sem maður fílar og besta fegrunarráðið að vera hreinn að innan sem utan og ímynda sér að maður sé flottastur af öllum.

**Kjóll, pils eða buxur?** Buxur.

**Einlitt eða munstrað?** Einlitt.

**Háir hælar eða flatbotna?** Flatbotna skór eru bestir en háir hælar gera útslagið.

**Í hvernig fatnaði líður þér best?** Mér líður best í þægilegum buxum og bol.

thordis@365.is

*Tómatsósa*

## Sú eina sanna



*Tómatgrunnur*

## Þar sem tómatar koma við sögu



*Pastasósa*

## Sú besta í bænum



*Gúrkur*

## Góðar með öllu



ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR


# ÍSLENSKT GRÆNMETI

SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA | GEYMIÐ BLAÐIÐ | VOR 2014




**Sveinn Björnsson** „Öll börnin mín fimm hafa hjálpað til við garðyrkjuna en farið svo sínar eigin leiðir, en þau koma oft um háannatímann og leggja hönd á plóg."



ELSA BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

## Listakokkar

Höfundar uppskrifta í blaðinu eru: **Nanna Rögnvaldsdóttir, Helga Mogensen, Hrefna Sætran,** og **Margrét Leifsdóttir.**



HARI



HARI



HARI

# Hafa ræktað tómata á Varmalandi í 75 ár

Ég lagði fyrst inn hjá Sölufélagi garðyrkjumanna þegar ég var 19 ára og hef gert það síðan", segir Sveinn Björnsson garðyrkjumaður á Varmalandi í Borgarfirði. Hann hefur því átt viðskipti við Sölufélagið í 50 ár og sat um tíma í stjórn félagsins.

Garðyrkjustöðin Varmaland í Borgarfirði var byggð árið 1938 í landi Reykholts og er því með elstu garðyrkjustöðvum á landinu. Þar hafa verið ræktaðir tómatar í 75 ár. Sveinn Björnsson segir að hann hafi byrjað að hjálpa föður sínum í garðyrkjunni þegar hann var 8 ára. Þá hafi hann tekið að sér að vökva. Allt grænmetið var flutt í trékössum sem tóku 5- 6 kíló. „Við fengum sent kassaefnið og ég fékk að setja þá saman. Mér fannst svo gaman að smíða að ég sagðist ætla að verða smiður", segir Sveinn. Hann segist alla tíð hafa unnið við uppbyggingu á Varmalandi og hafi auk smíðavinnu unnið við múrverk og pípulagnir.

Sveinn hóf rekstur garðyrkjustöðvar á Varmalandi árið 1964 en árið 1973 tók hann einnig við rekstri garðyrkjustöðvar föðurs síns. Ekkert af upphaflegu gróðurhúsunum sem byggð voru á árunum eftir 1938 stendur enn. Sveinn hóf uppbyggingu og endurnýjun á gróðurhúsum árið 1979 og vann meira og minna að þeirri uppbyggingu sjálfur. Húsin þekja nú um 2060 fermetra lands.

„Þróunin í garðyrkjunni hefur orðið mjög mikil og hröð undanfarin ár. Garðyrkjustöðvum hefur fækkað og þær hafa stækkað. Garðyrkjubændur hafa sótt sér mikla þekkingu t.d. til Hollands og Finnlands og það styrkir okkar atvinnugrein og gerir hana hæfari til að takast á við samkeppnina", segir Sveinn. Hann segir mjög ánægjulegt að nú sé garðyrkjan fyrirmynd fyrir allan landbúnað hér á landi þegar litið sé til rekjanleika. Garðyrkjubændur fóru að upprunamerkja vöru sína fyrir tíu árum og hægt er að rekja framleiðsluna beint til bóndans. Sveinn segir þetta mjög mikið aðhald fyrir bændur enda séu gæðamálin í góðu lagi hjá þeim.

Sveinn segir að þegar horft sé til framtíðar sé augljóst að hægt sé að rækta meira grænmeti á Íslandi og landsmenn gætu auðveldlega verið sjálfum sér nógir. „Það hafa komið góðir garðyrkjubændur inn í greinina undanfarin ár og það styrkir okkur verulega", segir Sveinn. Hann bætir við að grunnurinn að velgengni í ræktun sé að hafa brennandi áhuga og það hafi íslenskir garðyrkjubændur, það sé skýringin á því hversu góð framleiðslan er. Eins megi ekki gleyma dýrmætustu auðlindinni sem er heitt og kalt vatn.

Á Varmalandi eru eingöngu ræktaðir tómatar og er ársframleiðslan um það bil 60 tonn. Tómatarnir eru ræktaðir í jarðvegi, þeim er sáð í desember og eru hafðir undir lýsingu fram í febrúar. Tínslan hefst svo um miðjan apríl og eru tómatarnir tíndir út nóvember. Eftir það er allt hreinsað út úr gróðurhúsunum og þau sótthreinsuð áður en sáð er á ný. Ræktunin í Varmalandi er vistvæn, býflugur sjá um að frjóvga plönturnar og leggur Sveinn áherslu á halda húsunum hreinum og hefur Garðyrkjustöðin Varmaland verið laus við alla óværu síðustu ár.

Í gengum árin hefur öll fjölskyldan komið að ræktuninni á Varmalandi. „Öll börnin mín fimm hafa hjálpað til við garðyrkjuna en farið svo sínar eigin leiðir, en þau koma oft um háannatímann og leggja hönd á plóg", segir Sveinn.

Tómatarnir á Varmalandi eru tíndir þrisvar í viku og þeim pakkað á staðnum. Sendingar fara tvisvar í viku frá garðyrkjustöðinni til neytenda. Gróðurhúsin eru hituð upp með jarðhita úr borholu sem var tekin í notkun 1974. Garðyrkjustöðin er í nágrenni við tvo sögufræga hveri, Skriflu og Dynk. Heitt vatn frá hverunum hefur verið nýtt í Reyholti öldum saman en við fornleifauppgröft hafa fundist veitustokkar út frá Skriflu sem grafnir voru á miðöldum.



# Tómatbaka – ljúffeng og góð

*200 g hveiti*
*90 g smjör, skorið í bita*
*1 egg*
*3 msk sýrður rjómi (helst 36%) eða rjómi*
*1 msk dijon-sinnep*
*8 tómatar, vel þroskaðir*
*nýmalaður pipar*
*salt*
*nokkrar greinar af fersku timjani*



Hveiti og smjör sett í matvinnnsluvél og hún látin ganga smástund. Egginu bætt út í og vélin látin ganga þar til unnt er að hnoða deigið saman. Svolitlu hveiti bætt við ef deigið er of lint, köldu vatni ef það er of stíft. Vafið í plast og kælt í hálftíma. Ofninn hitaður í 180°C. Deigið er svo flatt þunnt út (gott að breiða bökunarpappír undir og fletja það út á honum), lagt yfir meðalstórt bökuform eða lausbotna form, þrýst létt niður og barmarnir snyrtir. Sýrðum rjóma og sinnepi blandað saman og smurt á botninn. Tómatarnir helmingaðir, fræin skafin úr þeim með teskeið og þeir síðan skornir í sneiðar eða geira sem raðað er á bökubotninn. Kryddað með pipar og salti, blöðin strokin af timjangreinunum og dreift yfir, og bakað í 40-45 mínútur, eða þar til tómatarnir eru byrjaðir að taka lit.

Nanna Rögnvaldardóttir

# Tómata trönuberjasafi!

**Góður fyrir hjartað**
*Djúsa 8 tómata ásamt ferskum engifer ca 2 cm og 4 stönglum og blöðum af myntu .*

Hræra síðan ½ glasi af trönuberjasafa saman við...

Helga Mogensen



# Saman í liði

Það er mjög ánægjulegt að sjá niðurstöður í nýrri könnun Capacent um viðhorfs til íslensks grænmetis. Könnunin var gerð í vor. Tæplega 95 prósent landsmanna eru jákvæð í garð grænmetisbænda sem er mjög ánægjuleg niðurstaða. Meirihluti landsmanna telur íslenska grænmetið bragðgott og ferskt og einnig nauðsynlegt að vita uppruna grænmetis. Það er einnig athyglisvert að fram kemur í könnuninni að nærri 40 prósent segjast vilja enn skýrari merkingar á grænmetinu. Þetta er áhugavert í ljósi þess að grænmetisbændur hafa oft kvartað undan því að sérstakir grænir kassar sem ætlaðir eru undir íslenskt grænmeti í lausu eru notaðir undir innflutt grænmeti. Þessu verður að breyta þannig að neytendur geti treyst því hvaðan grænmetið kemur. Neytendur standa þétt við bakið á garðyrkjubændum ef marka má könnun Capacent. Þá er einnig ljóst samkvæmt könnuninni að fólk styður kröfu grænmetisbænda um lækkað raforkuverð, eða 87 prósent þeirra sem spurðir voru.

Það er gott að finna stuðning landsmanna og hvetur garðyrkjubændur til að gera enn betur og auka fjölbreyttni. Aldrei hafa komið á markað jafn margar tegundir af íslensku grænmeti og í vor. Berjaræktun hefur aukist og nú er svo komið að garðyrkjubændur senda jarðarber og hindber á markaðinn frá því snemma vors og fram á haust.

Úrval af tómatvörum úr íslenskum tómötum er nú komið á markaðinn og hafa viðtökur verið mjög góðar. Mjög var vandað til verka við framleiðsluna og nú er fáanleg tómatsósa, pastasósa og tómatgrunnur úr íslenskum tómötum. En við höfum einnig unnið vöru úr íslensku gúrkunum, sýrðar gúrkur og gúrkurelish.

Lögð hefur verið rækt við að fá góðar uppskriftir sem henta vel íslenska grænmetinu. Í þessu blaði eru úrvalsuppskriftir úr nýju tómatvörunum eftir listakokka. Það er notalegt að finna það að garðyrkjubændur og landsmenn eru saman í liði og stefnan er sú að gera enn betur og auka úrvalið enn meira á næstu árum.



*Kristín Linda Sveinsdóttir*
Markaðsstjóri
Sölufélags
garðyrkjumanna

*kristin@sfg.is*



*Það er gott að finna stuðning landsmanna og hvetur garðyrkjubændur til að gera enn betur og auka fjölbreyttni. ...*

**Útgefandi:** Sölufélag garðyrkjumanna
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Linda Sveinsdóttir *kristin@sfg.is*
**Myndir:** Hari
**Umbrot:** Jón Óskar/Grái kötturinn *jonoskarin@gmail.com*
**Umsjón með útgáfu:** Katrín Pálsdóttir *katrin@sfg.is*

**islenskt.is**
Kíktu inn á nýju heimasíðuna okkar *islenskt.is* og á fésbókina okkar *facebook.com/islenskt.is*

## Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI




# Tómatvörur úr íslenskum tómötum

Nú er hægt að fá þrjár gerðir af tómatvörum úr íslenskum tómötum í verslunum. Þetta er í fyrsta sinn sem tómatvörur eru settar á markað úr íslenskum tómötum. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað undanfarna mánuði og nú er afraksturinn kominn í ljós. Nú eru þrjár gerðir af tómatvörum fáanlegar í verslunum, tómatsósa, tómatgrunnur og tómatpastasósa.

### TÓMATSÓSA

Tómatsósan sem nú er komin í verslanir er ólík öllum þeim sem þar eru fyrir. Hún er eingöngu úr íslenskum tómötum og engu öðru er bætt í hana nema auðvitað kryddum. Þeir eru soðnir niður og þá nær sósan réttri þykkt en við suðuna gufar hluti af vatninu upp, þannig að í 100 g af tómatsósu eru 160 g af tómötum. Síðan er sósan siktuð til að skilja frá hýði og fræ. Sósan hefur grófari áferð en flestar aðrar sósur og það helgast af aðferðinni sem er notuð. Tómatsósan er einstaklega bragðgóð enda var yngsta kynslóðin höfð í huga við gerð hennar.

Umbúðirnar eru nettar og handhægar. Þyngdin er 460 g. Ráðlegt er að geyma hana í ísskáp eftir að flaskan hefur verið opnuð.

### TÓMAT PASTASÓSA

Tómat pastasósan er eins og nafnið bendir til ætluð með pasta en einnig er hægt að nota hana t.d. á pizzu, í lasagne eða í alls konar rétti sem í eru tómatar. Tómatarnir eru soðnir þar til þeir þykkna, en í 100g. af pastasósu eru 110g. af tómötum. Síðan eru fræ og hýði siktað frá og tómatarnir hakkaðir. Pastasósan ber keim af basiliku og hvítlauk sem eru vinsælustu kryddin þegar pastasósur eru annars vegnar. Þyngdin er 390 g.

### TÓMATGRUNNUR

Í tómatgrunninum eru auðvitað íslenskir tómatar og ef það er hægt að tala um hreina vöru þá er það í þessu tilfelli. Í tómatgrunni eru eingöngu íslenskir tómatar og ekkert annað. Þeir eru soðnir niður þar til grunnurinn nær réttri þykkt og því eru í 100 g. af grunni 110 g. af tómötum. Nafnið tómatgrunnur var valið vegna þess að þetta er góður grunnur í þína eigin uppskrift af súpu eða sósu eða öðrum mat sem krefst tómata. Kryddaðu að vild og þú ert komin með úrvals grunn í matargerðina. Þyngdin er 380g.

Upplagt er að nota krukkurnar eftir að þær hafa verið tæmdar og nýta þær áfram fyrir heimatilbúin matvæli.

### SÝRÐAR GÚRKUR

Þessi frábæra afurð er unnin úr íslenskum gúrkum. Sýrðar gúrkur eru góðar með öllum mat t.d. kjöti, kjötbollum og fiski og gjarnan notaðar með smurbrauði. Í kryddleginum er m.a. sinnepsfræ, kóriander, dill og pipar sem gefur einstaklega gott bragð. Þyngdin er 400 g. þar af gúrkur 250 g.

### GÚRKU RELISH

Relish er upprunnið á Indlandi en þar gerðu menn það til að geta nýtt og geymt grænmeti betur. Þaðan barst kunnáttan til Bretlands og til Evrópulanda. Relish er í miklu uppáhalda hjá Bandaríkjamönnum sem nota það með flestum réttum en sérstaklega með hamborgurum og grilluðum mat.

Íslenskt gúrku relish, sem nú er komið á markað er unnið úr íslenskum gúrkum, íslenskri papriku og góðu kryddi. Gúrku relish hefur verið aðlagað að íslenskum bragðlaukum. Það er framleitt fyrir Sölufélag garðyrkjumanna af GEO matvælum í Hveragerði. Notaður er jarðhiti við framleiðsluna. Þyngdin er 410 g.

*Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað undanfarna mánuði og nú er afraksturinn kominn í ljós ...*



# Miðjarðarhafsþeytingur – suðræn stemming

4 vel þroskaðir tómatar
3 stilkar sellerí með laufunum
75 gr. fjallaspínat eða annað íslenskt spínat (góð 2 handfylli)
1 handfylli íslenskt klettasalat
1 avókadó (má sleppa)
½ bolli ferskt basil
safi úr einni sítrónu
0,4 l vatn

Allt sett í blandara og blandað vel

Margrét Leifsdóttir





**Gunnlaugur Karlsson framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumann** „Við getum ekki keppt í verði við grænmeti sem ræktað er í Suður-Evrópu þar sem sólin er ókeypis."

# Sólin er ókeypis

*- en raflýsing er svar norðursins*

Við sáum það strax þegar innflutningur á grænmeti var gefinn frjáls að við þurftum að gera eitthvað til að aðgreina íslenska grænmetið frá því innflutta og þess vegna fórum við út í að upprunamerkja okkar vöru", segir Gunnlaugur Karlsson framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna.

Gunnlaugur kom til starfa sem framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna árið 2002. Það sama ár voru innflutningstollar á grænmeti afnumdir og innflutningur gefinn frjáls. Gunnlaugur er uppalinn á Flúðum, þar sem foreldrar hans ráku garðyrkjustöð. Þar vann hann í skólafríum og hefur því mikil og góð tengsl við greinina. Gunnlaugur er markaðsfræðingur að mennt og sérhæfði sig í alþjóðlegri markaðsfræði. Eftir nám hóf hann störf á Íslensku auglýsingastofunni og þar starfaði hann þar til hann tók við framkvæmdastarfinu hjá Sölufélagi garðyrkjumanna.

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við neytendur.Við metum það samstarf mikils og viljum rækta það enn frekar t.d. í gengum heimasíðuna okkar, islenskt.is og facebooksíðuna okkar", segir Gunnlaugur.

„Mér finnst það réttur neytandans að fá upplýsingar um uppruna vörunnar og þess vegna er afskaplega ánægjulegt að sjá að forystumenn í Bændasamtökunum ætla að fara þessa leið og eru að móta stefnu um að upprunamerkja alla sína framleiðslu".

Garðyrkjubændur eru um þessar mundir að innleiða nýtt gæðakerfi í garðyrkjustöðvarnar í nánu samstarfi við MATÍS. „Það má alltaf gera betur, sú hugsun er það sem leiðir okkur afram til að skila enn betri vöru til neytandans", segir Gunnlaugur. Hann segir að garðyrkjubændur leggi áherslu á ferskeikann og hollustuna. Það sé hægt vegna nálægðar við markaðinn. Grænmetið sé tínt eða tekið upp að morgni og er oft komið til neytenda að kvöldi. Gunnlaugur segist vilja nefna tvennt þegar kemur að bragðgæðum. Í fyrsta lagi er það vatnið og í öðru lagi að grænmetið fær að þroskast vel á plöntunni. Garðyrkjubændur hafi ávallt vandað sig við að velja góð yrki sem skili góðri vöru. Hann segir að aðstæður á Íslandi til að rækta grænmeti séu mjög góðar. Meindýr séu í lágmarki og gott að beita lífrænum vörnum í ræktun.

„Við getum ekki keppt í verði við grænmeti sem ræktað er í Suður-Evrópu þar sem sólin er ókeypis", segir Gunnlaugur. Garðyrkjubændur greiða mjög hátt verð fyrir raforku og dreifingu hennar. Garðyrkjan er búin að vera stórnotandi í þrjá áratugi. Stöðvarnar greiða fyrir dreifinguna eftir því hvort þær eru staðsettar í dreifbýli eða þéttbýli. Orkukostnaðurinn er nú kominn upp í það sama og launakostnaðurinn. Garðyrkjubændur hafa lengi talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda um lækkun á raforkuverðinu og vonast þeir eftir því að biðin langa sé senn á enda þannig að neytendur geti notið góðs af.

Enn vantar mikið upp á að grænmetisneysla landsmanna uppfylli ráðleggirnar frá Landlækni. Þó að hún hafi aukist undanfarin ár þá vantar um helming upp á ráðlagðan dagskammt. „Stjórnvöld verða að fara að átta sig á því hvert framlag garðyrkjunnar er til lýðheilsu og meta þá vinnu sem garðyrkjubændur leggja í þjóðarbúið því framlag þeirra sparar landsmönnum gríðarlegar upphæðir í gjaldeyri", segir Gunnlaugur Karlsson framkvæmdastjóri Sölufélag garðyrkjumanna.

JARÐARBER



Hjónin Eiríkur Ágústsson og Olga Lind Guðmundsdóttir keyptu Silfurtún árið 2002 og héldu áfram þeirri ræktun sem fyrir var.

# Silfurtún á Flúðum

Garðyrkja hófst í Silfurtúni á Flúðum á sjöunda áratugnum. Eigandi stöðvarinnar Örn Einarsson var frumkvöðull í því að rækta jarðarber í gróðurhúsi. Hann ræktaði einnig tómata og gúrkur og var með útirækt. Hjónin Eiríkur Ágústsson og Olga Lind Guðmundsdóttir keyptu Silfurtún árið 2002 og héldu áfram þeirri ræktun sem fyrir var meðal annars jarðarberjaræktuninni.

Eiríkur og Olga Lind hafa lagt mikla alúð við jarðarberjaræktina og Silfurtún var eina garðyrkjustöðin sem sendi jarðarber á markaðinn í tíu ár. Það var ekki fyrr en fyrir tveimur árum sem fleiri garðyrkjustöðvar hófu jarðarberjarækt. Garðyrkjustöðin Silfurtún hefur vaxið og dafnað undanfarin ár og jarðarber eru nú ræktuð í um 4000 fermetra húsi og tómatar í um 3000 fermetrum.

Það þarf mikla nákvæmni við jarðarberjaræktina því þau eru viðkvæm í ræktun. Ræktunin er vistvæn en býflugur sjá um að frjóvga jarðarberjablómin og lífrænum vörnum er beitt. Uppskerutíminn er frá maí og til októberloka. Berin eru tínd ofan í öskjur. Starfsmenn gæta ítrasta hreinlætis og nota hanska þegar þeir tína af plöntunum. Berin fara samdægurs í verslanir. Íslensku jarðarberin eru einstaklega sæt og bragðgóð og þakka menn það íslenska vatninu sem notað er við ræktunina.

***Silfurtún var eina garðyrkjustöðin sem sendi jarðarber á markaðinn í tíu ár***

# C-vítamín bomba

*-þrisvar sinnum meira C-vítamín í rauðri papriku en í appelsínu*



Paprikuplantan er upprunnin í Mið-Ameríku og Suðaustur-Asíu. Spánverjar fluttu hana með sér frá Ameríku til Evrópu á sautjándu öld. Það var svo ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina að hún barst til norðanverðrar Evrópu. Orðið paprika er dregið af latneska orðinu piper og gríska orðinu piperi, sem þýðir pipar. Á hebresku er heitið paprika og á japönsku papurika. Lengi vel var paprika mest ræktuð í Ungverjalandi, Búlgaríu, Rúmeníu og Miðjarðarhafslöndunum en nú eru vinsældir hennar það miklar að hún er ræktuð í flestum löndum Evrópu, bæði utandyra og í gróðurhúsum.

Paprikan er af náttskuggaætt (Solanaceae) og því náskyld eggaldini, tómat og kartöflu. Í öllum tegundum papriku er kapsikín, efnið sem gefur þeim hið sterka og einkennandi bragð. Það finnst einkum í fræjunum og himnum innan í aldininu. Úr þessum hlutum aldinsins í kryddpapriku er unnið svokallað chilli duft. Himnurnar og fræin eru einnig nokkuð bragðsterk í venjulegri papriku. Paprika er samheiti yfir aldin tegundarinnar capsicum annuum sem eru stór og mild á bragðið. Til eru margar gerðir af papriku sem eru ólíkar að stærð, lögun og lit en einnig er talsverður munur á bragðinu. Plantan myndar fyrst græn aldin sem síðan verða rauð, gul, appelsínugul, hvít eða dökkfjólublá þegar þau eru fullþroskuð.

Rauð og gul paprika er því í raun fullþroskuð græn paprika sem hefur skipt um lit. Við meiri þroska eykst sætuinnihald aldina en efnið kapsikín minnkar þannig að lituð aldin eru að jafnaði bragðbetri en þau grænu. Sérstök sæt paprika er ræktuð hér á landi og er mjög vinsæl. Hún er í laginu eins og litla kryddpaprikan (chilli), en miklu stærri. Kryddpaprika myndar minni aldin en verjuleg paprika en er mun bragðsterkari.

**Næringargildi**

Best er að fá vítamín og steinefni úr fæðunni og þá sérstaklega úr grænmeti og ávöxtum. Allt grænmeti er hollt fyrir líkamann en dökkt og litsterkt grænmeti er almennt næringarríkara en það ljósara. Paprika er mjög rík af C vítamíni. Í rauðum aldinum er þrisvar sinnum meira C vítamín en í appelsínum og í grænum aldinum tvöfalt meira. Í papriku er einnig mikið af A vítamíni, B vítamíni, steinefnum og trefjum. Grænar og gular paprikur eru mjög ríkar af beta-karótíni sem umbreytist í A-vítamín í líkamanum.

Beta-karótín flokkast sem andoxunarefni og ver frumur líkamans gegn slæmum áhrifum súrefnis og mengunar. Einnig er talið að andoxunarefni eins og beta-karótín og C-vítamín minnki hættu á myndun krabbameins í líkamanum auk þess að draga úr oxun LDL kólesteróls í æðum sem hefur bein áhrif á lægri tíðni kransæðasjúkdóma.

Í papriku eru einnig svokölluð plöntuefni (phytochemicals) sem flokkast ekki með vítamínum en efla varnir líkamans og auka heilbrigði hans. Í papriku, eins og öllu grænmeti, eru trefjar sem eru nauðsynlegar fyrir heilbrigði meltingarkerfisins. Paprikur má nota á óteljandi vegu. Hráar eru þær notaðar í salöt, sem álegg ofan á brauð, með ostum og kexi eða með ídýfu. Paprikur eru einnig ljúffengar í kjöt- og fiskrétti, pastarétti, grænmetisrétti, súpur, á grillið og fylltar t.d. með kjöti og hrísgrjónum. Paprikur eru sérlega góðar með tómötum og ólífuolíu og í ýmis konar kryddlegi. Paprika er hitaeiningasnauð, í 100g eru 36 hitaeiningar (kcal).

**Geymsla**

Geymsluþol papriku er nokkuð mismunandi, þó geymast græn óþroskuð aldin best. Réttur hiti er 8 – 12 °C. Papriku hættir nokkuð til að tapa vatni í þurru lofti. Hún þolir illa að vera nálægt vörum sem mynda etýlen t.d. eplum, tómötum og perum.

# Balsam plómutómatar með tagliatelle

*6-8 plómutómatar, þroskaðir*
*4 msk ólífuolía*
*1 tsk sykur, helst hrásykur*
*nýmalaður pipar*
*salt*
*1/2 tsk basilíka, þurrkuð (má sleppa)*
*balsamedik*
*300 g pasta, t.d. tagliatelle*
*hnefafylli af íslensku klettasalati*



Ofninn hitaður í 140°C. Tómatarnir skornir í fjórðunga eftir endilöngu. Dálítilli olíu dreift í eldfast mót og tómötunum raðað í það (hýðið látið snúa niður). Svolitlum sykri dreift yfir, tómatarnir kryddaðir með pipar, salti og e.t.v. þurrkaðri basilíku, og síðan er balsamedikinu ýrti yfir ásamt afganginum af olíunni. Sett í ofninn og bakað í 45-60 mínútur, eða þar til tómatarnir eru hálfþurrir og unaðslega bragðmiklir. Pastað soðið í saltvatni samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum, hellt í sigti og síðan hvolft í skál eða á fat. Olíunni af tómötunum ýrt yfir og klettasalatinu blandað saman við. Tómötunum raðað ofan á.

Nanna Rögnvaldardóttir



TÓMATAR

# Eldrauðir og bráð hollir

*Uppskriftir: Helga Mogensen*





Tómatplantan er upprunnin í Mið-Ameríu og Perú en barst fyrst til Evrópu á tímum landafundanna miklu. Nafnið er komið frá Aztekum þar sem tómaturinn heitir tumatl. Lengi vel var tómatplantan ræktuð eingöngu til skrauts, þar sem menn töldu að hin dökkrauðu aldin hennar væru eitruð.

Upphaflega voru aldin tómatplöntunnar mun minni en þau eru nú eða á stærð við kirsuber, en þaðan er einmitt komið nafnið á litlu kirsuberjatómatana. Það var fyrst í byrjun 19. aldar sem ræktun á tómat sem matjurt hófst að marki en nú er tómatur eitt algengasta aldinmetið sem við leggjum okkur til munns.

## NÆRINGARGILDI

Í tómötum er A- og C-vítamín, en auk þess eru þeir ríkir af steinefnum og ávaxtasýru. Í þeim eru fáar hitaeiningar. Í 100 g. eru aðeins 23 hitaeiningar.

Lycopene sem er karótínefni gefur tómötum rauða litinn. Það er flokkað með plöntuefnum (phytonutrient) og liggur hollustugildi þess í því hversu öflugt andoxunarefni það er.Vísindamenn við Kuopio háskólann í Austur-Finnlandi hafa rannsakað áhrif lýkópens. Það dregur úr bólgum og kemur í veg fyrir að tappar myndist í blóði. Rannsóknin náði til um eittþúsund manns og stóð í 12 ár. Í ljós kom að þeir sem höfðu mest af lýkópen í blóðinu voru síður í hættu en aðrir að fá heilablóðafall. Í ljós kom að þeir sem borðuðu mikið af tómötum drógu úr hættu á heilablóðfalli um allt að 55 prósent.

Talið er að andoxunarefni verji frumur líkamans gegn stakeindum (free raidcals) sem geta skemmt frumuhimnur, valdið þránun (oxun) fitusýra og ráðist á DNA erfðaefnið og skemmt það. Þránun slæma kólesterólsins, LDL, er einmitt fyrsta skrefið í keðjuverkandi ferli þar sem LDL verður fyrir oxun og afleiðing þess er meiri viðloðun við æðaveggina sem að lokum getur orðið til þess að æðin stíflast.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að lycopene nýtist líkamanum betur þegar búið er að elda tómatinn og því er tilvalið að setja tómata á grillið, baka þá í ofni eða nota þá í ýmis konar rétti.Við hitunina rofna frumuhimnurnar í tómatinum og þannig á lycopenið greiðari leið út. Mest má finna af næringarefnum í vökvanum sem umlykur fræin og er því mikilvægt að sá vökvi sé hafður með í matreiðslunni.

## GEYMSLA

Tómatar eru ákaflega viðkvæmir fyrir kæliskemmdum og þá má ekki geyma í kæli, hitinn á að vera 10 – 12°C. Tómatar sem hafa orðið fyrir kæliskemmdum verða fljótt linir og bragðlitlir.

## TÍU TEGUNDIR AF TÓMÖTUM

Margar tegundir af tómötum eru á markaði frá íslenskum grænmetisbændum. Þeir hafa lagt sig fram við að þjóna íslenskum neytendur sem best og hafa því undanfarin ár bryddað upp á mörgum nýjungum í ræktun. Garðyrkjubændur rækta tómatana með fullkominni tækni á umhverfisvænan hátt með grænni orku, tæru vatni og lífrænum vörnum.

**Hefðbundnu tómatarnir** sem allir þekkja eru einstaklega bragðgóðir og ómissandi í hvers konar matargerð. Bragðgæði allra íslenskra tómata eru m.a. tilkomin af því að þeir fá að fullþroskast á plöntunni.

**Konfekttómatar** eru mjög bragðgóðir, sætir og mildir. Þeir eru minni en hefðbundnir tómatar en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar. Konfekttómatar sem og aðrir tómatar eru einnig hollt og gott snakk.

**Stórir Heilsutómatar**. Í þeim er þrefalt meira magn af andoxunarefninu lýkópene en í hefðbundnu tómötunum.

**Litlir Heilsutómatar**. Í þeim er einnig þrefalt meira magn af andoxunarefninu lýkópene en í hefðbundnum tómötum. Þessir eru sérlega bragðgóðir, sætir og mildir á bragðið.

**Kirsuberjatómatar** eru litlir og sérlega bragðgóðir. Bragðið er sætt og afgerandi. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt eða í nestisboxið.

**Plómutómatar** einkennast af góðu og kröftugu bragði. Þeir eru kjötmiklir og henta því vel í salöt, sem álegg og í hvers konar matreiðslu. Lögun plómutómata gerir þá ennfremur frábugðna öðrum tómötum í útliti.

**Buff tómatar** eru mildir og frískandi á bragðið. Þeir eru stórir og mjög kjötmiklir. Henta mjög vel í salöt og eru frábærir á hamborgara.

**Kokteiltómatar** eru dökkrauðir, frekar kjötmiklir og sætir. Þeir eru heldur minni en konfekttómatar.

**Piccolotómatar** eru litlir, rauðir, sætir og safaríkir. Það þarf sérstakt leyfi til að rækta þessa litlu og bragðgóðu tómata og aðeins útvaldir fá það. Þau Helena og Knútur á Friðheimum geta verið stolt af því að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir ræktuninni.

**Sólskinstómatar** eru á stærð við kokteiltómata. Þeir eru dökkrauðir, sætir og safamiklir og eru upplagðir í salatið og í nestisboxið.

### Bleik ídýfa, flott með öllu!!

100 ml tómata grunnur
1 dós sýrður
½ - 1 tsk gróft salt
2 tsk hunang eða agavesýróp
¼ tsk cayennapipar

*Hræra hráefnin vel saman og saxa nokkur blöð (ca 1 msk)af basil saman við. Góð sem ídýfa á grænmetið eða sósa með grillmatnum.*



### Tómatasósa með engifer...

1 dós sýrður rjómi
Hræra saman við 60 ml tómatasósa
Ásamt ½ tsk salt og 2 tsk engifer safi
Saxa smá myntublöð saman við og skreyta



### Tikka Masala sósa!

Þessi sósa er góð með grænmetisréttum , kjötréttum og fiski...
Sósan;
1 msk sítrónusafi
2 msk rifinn engifer ferskur
1 ½ tsp salt
1 hvítlauksgeiri smátt saxaður
½ tsk cayennapipar
2 msk olífuolía
200 ml hrein jógúrt
1 ½ stk laukur smátt skorinn laukur
3 tsk garam masala.
200 ml tómatasósa.
Handfylli af söxuðum kóríander.

*Byrjar á því að setja ólíu á pönnuna ásamt söxuðum lauk, hvítlauk og kryddum. Mýkja laukinn á lagum hita , bæta tómatasósu saman við . Láta malla í 15 mín . Slökkva undir og setja sítrónusafa og kóríander útí og jógúrtið hræra vel saman.*

### Heilhveitpastaréttur með pastasósu – þessi einfaldi

*Sjóða heilhveitipasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu*
*Hita pastasósuna upp.*
*Og setja yfir pastað .*
*Súper gott að rifa niður pharmasanost og njóta með góðu súrdeigsbrauði.*



### Tómatasúpa með steiktum brauðmolum

1 stk krukka tómatagrunnur
1stk laukur smátt saxaðir
2 stk gulrætur smátt saxaðar
2 stk hvítlaukur marinn og smátt saxaður
1 tsk lárviðrarlauf
Smátt saxaður steinselja 2 msk
2 tsk laukduft
1 tsk pipar
1 tsk paprikuduft
2 tsk gróft salt
3 msk olía

*Hita olíu í góðum potti, létt steikja laukinn og hvítlauk ásamt salti. Gulrætur og önnur krydd sett útí ásamt 100 ml af vatni. Láta suðuna koma upp þá að setja tómatagrunninn saman við. Lækka undir og láta malla í Ca 15 mín. Fjarlægja lárvirðalaufið. Taka fram töfrasprotann og mauka súpuna. Smakka til með salti. Skreyta súpuna með sýrðum og saxaðri steinselju. Þessi súpa er dásamlega góð með krydduðum brauðmolum.*





# Partýpizzur – tilvaldar í veisluna!

*1 pk nan brauð (má nota pizzubotn eða jafnvel smjördeig)*
*2 stk tómatar*
*40 g sólþurrkaðir tómatar*
*2 msk furuhnetur*
*50 g rjómaostur*
*1 stk shallottulaukur*
*1 rif hvílaukur*
*salt og pipar*
*Álegg á pizzuna:*
*Þunnt skornir tómatar og fersk basilikka.*
*Olivuolía*
*Gróft sjávarsalt og pipar*



Setjið tómatana (fersku og sólþurrkuðu), shallottulaukinn, hvítlaukinn og rjómaostinn í matvinnsluvél. Bætið furuhnetunum út í og maukið létt. Kryddði með salti og pipar. Stingið nan-brauðið út í litla hringi og smyrjið pesóinu á brauðið. Raðið svo tómatsneiðum og basil laufum til skiptis á pizzuna og kryddið með grófu sjávarsalti og svörtum pipar. Að lokum smá hellið smá olivuolíu á toppinn.
Hrefna Sætran





## Sumarlegar samlokur með relish rjómaosti!

150 gr Hreinn rjómaostur
1 stk hvítlauksrif
4 msk relish frá SFG
Gott brauð
Salat
Tómatar
Spírur

*Kreista hvítlaukinn saman við rjómaostinn og hræra saman við relish. Smyjra góðu þykku lagi ofan á brauðsneiðina, skreyta fallega með salati og tómötum og skreyta með spírum. Toppa með annari smurðri brauðsneið,. Fersktar og góðar hvenær sem er…*





## Lasagnasósa

Djúsi lasagna stútfullt af grænmeti með eða án kjöts...
1 krukka af tilbúni pastasósu.
150 gr sveppi smátt saxaðir
1 stk smátt söxuð gulrót skræld og skorin i litla bita.
½ stk sæt kartafla skræld og smátt skorin.
1 stk paprika fræhreinsaðar og smátt söxuð..
Handfylli af saxaðri steinselju og handfylli af basil
2 tsk tímían
1 tsk oregano
1 tsk salt og 1 tsk hvítur pipar
1 tsk paprika
50 ml góð repjuolia

*Hita olíuna á góðri pönnu ásamt kryddum, setja grænmetið saman við og steikja i 5 mín, hræra vel í.Setja 150 ml af vatni sama við og sjóða i nokkra mín til viðbótar . Þá kemur pastasósan saman við. Lækka undir og láta malla þar til að grænmetið er orðið mjúkt. Saxa fersku jurtirnar útí. Þessi grunnur er góður sem grænmetislasagna, setja pastaplötur á milli grænmetislaga . En þetta er lika dásamleg sósa fyrir kjötlasagna. Toppaðu þetta með kotasælu og góðum osti. Frábærlega einfalt og svo gott. Njótið í góðum félagsskap...*



## Kartöflusalat með sýrðum agúrkum!

600 gr kartöflur soðnar , kældar niður og skornar í bita
1 stk sellerístöng smátt söxuð
50 gr saxaðar ólíur
100 gr saxað agúrkur
Handfylli af smátt saxaðri steinselju
1 msk capers
½ stk rauð paprika smátt söxuð,
Sósan saman stendur af 1 dós sýrðum
1 msk sætt sinnep
2 tsk limesafi
1-2 tsk salt
½ tsk pipar.

*Hræra öllu hráefninu vel saman og blanda saman við kartöflurnar, láta standa í 1 klst áður en það er borið fram og borðað, Flott að skreyta salatið með sneiddum radísum.. Gott með grillmat…*
*p.s*
*En ekkert eins gott og smurt brauð að hætti dana að þessu sinni vel ég gott rúgbrauð með lifrakæfu og fullt af sýrðum agúrku, glas af góðum bjór. Vá er suarið komið?*



## Súpergóð og einföld pizzasósa!

1 krukka tómatagrunnur(maukaðir tómatar)
30 gr rifinn parmesan ostur
2 stk ríf af smátt söxuðum hvítlauk
1 msk af hunang
21/2 tsk laukkrydd
½ tsk þurrkað oreganó
½ tsk marjoram
½ tsk þurrkað basil
½ tsk svartur pipar
1/2 tsk cayennapipar
1 ½ tsk gróft salt.

*Setja hvítlaukinn og tilbúnu sósuna í pottinn og leyfa hitanum að koma upp. Lækka undir og láta malla í 5 mín, setja öll kryddin saman við , hræra vel. Láta sósuna taka sig á lágum hita.rífa pharmasanóstinn saman við. Þessi sósugrunnur geymist vel í góðu íláti í ísskáp..*



# Tómatsósa, pastasósa og tómatgrunnur úr íslenskum tómötum

*-Helga Mogensen þróaði nýju vörurnar*

Þetta er í fyrsta sinn sem framleiddar eru tómatvörur úr íslenskum tómötum. Þetta var mjög ánægjulegt og vandasamt“, segir Helga Mogensen en hún leiddi framleiðslu Sölufélags garðyrkjumanna á nýjum vörum úr íslenskum tómötum. Helga og samstarfsmenn hennar hjá Sölufélaginu hafa þróað tómatsósu, tómatgrunn og pastasósu.

Helga segir að í tómatsósuna, tómatgrunninn og pastasósuna séu notaðir íslenskir tómatar sem komast ekki í úrvalsflokk vegna stærðar. „Þetta er úrvalsvara en tómatarnir komast ekki í upprunamerktar neytendaumbúðir vegna þess að þeir eru t.d. of stórir eða of litlir. Þá er auðvitað upplagt að nota þá í alls konar tómatvörur. Með þessu ná garðyrkjubændur að fullnýta uppskeru sína. Tómatvörurnar eru auðvitað framleiddar samkvæmt ströngustu gæðakröfum og innihalds- og næringargildi eru einnig unnin samkvæmt nýjustu reglugerðum Matvælastofnunar – MAST“, segir Helga.

Helga Mogensen er brautryðjandi þegar kemur að hollu matarræði. Hún hefur leitt þróun í veitingahúsarekstri í áratugi. „Það hefur orðið bylting á neysluvenjum landsmanna og frábært að sjá hvað landsmenn eru orðnir meðvitaðir um gæði matvæla. Ég á mér þann draum að landsmenn geti orðið sjálfum sér nógir hvað varðar grænmeti og þurfi alls ekki að flytja það inn. Það sparar gjaldeyri og skapar störf. Ég ber mikla virðingu fyrir því sem grænmetisbændur eru að gera og þeir senda úrvalshráefni á markaðinn með mikilli fyrirhöfn“, segir Helga.

Þar sem þetta er í fyrsta sinn sem tómatvörur eru framleiddar úr íslenskum tómötum hér á landi þá hlýtur það að vera vandasamt verk að finna hið eina rétta bragðið. „Auðvitað var það stórmál, það veltur allt á bragðinu. Ég hef unnið við matargerð í um þrjátíu ár og hef gert óteljandi uppskriftir. Þetta kemur með æfingunni. Í þessu tilfelli studdi ég mig við ítalskar hefðir í matargerð og ég tel að okkur hafi tekist vel til.Við fengum í lið með okkar matgæðinga til að ná rétta bragðinu“, segir Helga.

Tómatsósan er krydduð með úrvalskryddum sem Helga valdi og eins pastasósan, en í tómatgrunninum eru engin krydd. Engin rotvarnarefni eru í sósunum né heldur þykkingar- eða bindiefni.

Sýrðar íslenskar gúrkur eru einnig komnar á markaðinn. „Sýrðar gúrkur er klassískt meðlæti t.d. með fiski og kjöti. Ég leitaði fyrirmynda í Danmörku þegar ég var að vinna þessa vöru“, segir Helga.

*„Ég á mér þann draum að landsmenn geti orðið sjálfum sér nógir hvað varðar grænmeti …*

# Grillaðir tómatar með gráðaosti og basil

*4 stk tómatar*
*1 pk gráðaostur*
*1 stk shallottulaukur*
*1 rif hvítlaukur*
*1 bréf basil*
*Salt og pipar*
*Álpappír*



Skerið toppinn af tómötunum og takið kjarnann úr þeim. Blandið kjarnanum við gráðaostinn, saxaðann shallottulaukinn og hvítlaukinn. Rífið basilblöðin niður, bætið þeim út í og kryddið með salti og pipar. Fyllið tómatana með fyllingunni og vefjið í álpappír. Grillið eða ofnbakið í c.a. 20 mín.

Hrefna Sætran

# Tómata – rauðrófuþeytingur

*Góður fyrir ræktina*
*1 stk Rauðrófur*
*6 stk tómatar*
*100 ml vatn*
*1 cm ferskar engifer.*

Skræla rauðrófuna og skera í litla bita, setja í blandarann ásamt tómötum og engifer og vatni.
Þeyta vel og lengi.

Helga Mogensen



JARÐARBER

# Íslensk jarðarber

*- Sæt og safarík*

Jarðarber hafa verið ræktuð frá ómunatíð. Þau voru í miklu uppáhaldi hjá rómverskum keisurum og þegar Spánverjar komu til Ameríku kynntust þeir jarðarberjarækt indíána. Þar voru berin smá og uxu víða villt. Frönskum garðyrkjumönnum tókst að rækta stór jarðarber snemma á 18. öld með því að blanda saman ræktun evrópskra berja og berja frá Chile. Jarðarber vaxa víða villt hér á landi en þau eru smá og oft ná þau ekki fullum þroska.

Jarðarber eru ekki eiginleg ber heldur blómbotn jarðarberjablómsins. Litlu örðurnar sem líta út eins og fræ eru hin eiginlegu aldin jarðarbersins. Þau geyma hvert um sig lítið fræ. Líkt og brómber og hindber eru jarðarber samsettur ávöxtur.

Jarðarber eru ræktuð í góðurhúsum hér á landi og koma á markað í apríl/maí og eru fáanleg fram í október.

Þau eru rómuð fyrir bragðgæði og ferkleika, enda stutt á markaðinn frá ræktunarstað.

Oft er sagt að jarðarber séu eru tákn ástar og rómantíkur. Þau eru oft borin fram súkkulaðihjúpuð með kampavíni þegar við á.



**NÆRINGARGILDI**
Jarðarber eru mjög rík af C-vítamíni. Í 100 gr. af ferskum jarðarberjum eru aðeins 45 hitaeiningar. Margir telja að jarðarber hafi góð áhrif á gigt.

**GEYMSLA**
Þegar velja á jarðarber er mikilvægt að þau séu stinn, þurr og vel rauð. Best er að fjarlægja ekki krónublöð og stilk fyrr en rétt áður en berin eru skoluð og þeirra er neytt. Ef krónublöð og stilkur eru fjarlægð áður en berin eru skoluð sjúga þau í sig vatn og linast.

Þegar frysta á jarðarber er best að skola þau undir rennandi köldu vatni með krónublöðunum á og frysta í bökkum. Þegar berin eru gegnfrosin má pakka þeim í aðrar umbúðir og frysta þannig.

# Jarðarberjaland í Reykholti

Astrid Kooij garðyrkjubóndi í Jarðarberjalandi í Reykholti á ekki langt að sækja græna fingur. Faðir hennar og afi voru garðyrkjubændur í Hollandi og hún segir að garðyrkjan sé í blóðinu. „Það kom ekkert annað til greina en að gerast garðyrkjubóndi“, segir Astrid, sem rekur garðyrkjustöðina ásamt sambýlismanni sínum Ehud Kafri.

Það má segja að það sé fyrir tilviljun að hún er nú garðyrkjubóndi í Jarðarberjalandi. „Pabbi minn var með viðskipti vegna garðyrkjunnar við ræktendur í Bandaríkjunum. Eitt sinn þegar hann var að huga að flugi til Baltimore þar sem hann ætlaði að hitta viðskiptavinin, rakst hann á hagstætt flug með íslensku flugfélagi sem hét Flugleiðir. Hann ákvað að stoppa á Íslandi og komst að því að Ísland væri tilvalinn staður fyrir uppeldi stofublóma sem þurftu að vera í köldum gróðurhúsum“, segir Astrid.

Faðir Astridar rak gróðurhús í nokkur ár í Reykholti eða þar til að hann þurfti ekki lengur á því að halda að ala upp stofublómin á Íslandi. Gróðurhúsið stóð autt um tíma, en árið 2011 tók Astrid við gróðurhúsinu. „Ég hafði komið til Íslands og er mjög ánægð hér og því var það sem ég ákvað að nýta gróðurhúsið undir jarðarberjarækt. Þetta er þriðja árið sem ég sendi jarðarber á markaðinn. Ég átti við smá byrjunarörðuleika að stríða fyrsta árið en nú gengur þetta eins og í sögu“, segir Astrid.

*Það kom ekkert annað til greina en að gerast garðyrkju-bóndi ...*

Í Jarðarberjalandi er notuð lýsing við ræktunina. Fyrsta uppskeran fæst í lok mars og sú síðasta í desember. Gróðurhúsin eru tæmd einu sinni ár ári og nýjar plöntur settar niður.

„Við erum að rannsaka hvort og þá hvernig við getum nýtt heitavatnið til að fá sulfat fyrir plönturnar“, segir Astrid. Í Jarðarberjalandi er vistvæn ræktun og Astrid segir að tínt sé af plöntunum og beint ofaní öskjur.



**Ehud Kafri og Astrid Kooij**
„Við erum að rannsaka hvort og þá hvernig við getum nýtt heitavatnið til að fá sulfat fyrir plönturnar.“

# Frísklegri með gúrku

Elstu heimildir um gúrkuræktun eru frá Indlandi en hún hefur verið ræktuð þar í þrjú þúsund ár. Gúrkan barst frá Indlandi til Grikklands og þaðan til Ítalíu. Rómversku keisararnir höfðu þær á borðum daglega en talið er að það hafi verið Tíberíus keisari sem ríkti frá árinu 14 til 37 e. kr. sem hóf að rækta þær í gróðurhúsum yfir veturinn. Rómverjar notuðu gúrku til að leggja á skordýrabit og til að leggja yfir augun til að fá frískara útlit og skerpa sjónina. Gúrkan barst með Spánverjum til Ameríku. Indíánar tóku henni vel og náðu þeir góðum árangri í ræktun hennar í Norður- og Suður Dakota.

Gúrkan er ekki grænmeti heldur ávöxtur eða stórt ber. Hún er aldin klifurjurtar af kúrbítsætt og er náskyld tegundum eins og melónu og graskeri. Hún hefur verið ræktuð hér á landi frá því á þriðja áratugnum, en neysla hennar jókst verulega eftir seinna stríð. Gúrkur geta verið mjög mismunandi að stærð og lögun, en litlar agúrkur er u oft bragðmeiri en þær stærri.

**NÆRINGARGILDI**
Gúrkur eru hollar og hitaeiningasnauðar, aðeins 12 hitaeiningar (kcal) í 100 g. Vökvainnihald þeirra er hátt, um 96 prósent. Í gúrkum er A,B og C vítamín auk þess er í þeim kalk og járn. Gúrkur eru eins og annað grænmeti, upplagðar sem snakk ásamt léttri ídýfu t.d. úr kotasælu eða jógúrt. Á Indlandi er algengt að brytja gúrkur út í jógúrt og nota sem meðlæti með sterkum karrýréttum.

**GEYMSLA**
Góðar og heilbrigðar gúrkur geymast í rúma viku án þess að dragi úr gæðum ef aðstæður í geymslunni eru réttar. Besti geymsluhiti fyrir gúrkur er 12°C. Þeim er mjög hætt við kæliskemmdum ef hitinn fer undir 10°C en hafi þær verið geymdar við lægri hita er réttast að halda honum eins út geymslutímann því gúrkur spillast fljótt við stofuhita eftir slíka meðhöndlun. Aðalatriðið er að græni liturinn sé jafn og að þær séu stinnar. Gott er að meta það með því að þrýsta létt á stilkendann því þar linast þær fyrst.



# Antipasti salatdiskur

*grand salat*
*3-4 íslenskir tómatar, vel þroskaðir*
*1-2 íslenskar paprikur, ferskar eða grillaðar*
*2 – 3 harðsoðin egg*
*½ höfðingi, dala-brie eða annar ostur*
*hráskinka eða annað kjötálegg í sneiðum*
*grænar eða svartar ólífur*
*½ knippi fersk basilika*
*nýmalaður pipar*
*sjávarsalt*



Salatið rifið sundur í blöð, þvegið og þerrað og síðan er blöðunum raðað á stóran, kringlóttan disk eða fat. Tómatarnir skornir í báta, paprikurnar í ræmur og eggin í báta. Osturinn í bita. Öllu raðað ofan á salatblöðin og basilikuknippi sett í miðjuna. Kryddað með pipar og sjávarsalti og berið fram með nógu af góðu brauði, annað hvort sem forréttur eða léttur aðalréttur.

Nanna Rögnvaldardóttir

HINDBER



**Hólmfríður Geirsdóttir** „Í dag eru ræktaðar skógarplöntur og stálpaðar sumarbústaðaplöntur ásamt hindberjum og jarðarberjum."

# Garðyrkjustöðin Kvistar í Reykholti í Biskupstungum

Við byrjuðum berjarækt árið 2010 en fyrstu hindberin sendum við á markað 2011", segir Hólmfríður Geirsdóttir garðyrkjubóndi á Kvistum í Reykholti í Biskupstungum. Hún lauk námi við Garðyrkjuskóla ríkisins árið 1982 og hefur starfað við garðyrkju síðan. „Við settum garðyrkjustöðina á fót árið 2000 og fluttum hingað í Reykholt. „ Í byrjun vorum við eingöngu með skógarplöntur. Í dag eru ræktaðar skógarplöntur og stálpaðar sumarbústaðaplöntur ásamt hindberjum og jarðarberjum", segir Hólmfríður. Hún og maður hennar Steinar Jenssen, sem er rafvélavirki, vinna saman við garðyrkjuna en Hólmfríður segir að þetta henti mjög vel því hún sjái um ræktunina og hann allt viðhald og uppbygginguna.

Hindberin á Kvistum eru ræktuð í glerhúsi. Uppskeran er frá maí og fram í október. Hólmfríður segir að hindberin séu viðkvæm og fara verði sérstaklega varlega þegar þau eru tínd af plöntunni. „Við leggjum mikla áherslu á hreinlætið og þeir sem tína þvo sér vel og rækilega og svo notum við handspritt. Berin eru svo tínd bein ofan í öskjur.

Jarðarberin eru ræktuð í plastsýlum. Notuð er yrkið Elsanta sem gefur af sér sæt og bragðmikil ber. Innan tveggja klst. eru berin komin inn á kæligeymslu.

Garðyrkjustöðin Kvistar hefur verið með í verkefninu Atlantberry frá upphafi. Ræktendur komu hingað til lands árið 2009 frá Noregi. „Norðmenn eru langt komnir í ræktun hindberja á norðlægum slóðum og þeir hafa miðlað okkur af dýrmætri reynslu sinni og árangurinn er góður, við höfum lent í áföllum en það er bara til að læra af", segir Hólmfríður.

Hindber eru ræktuð í 1800 fermetrum og jarðarber í 1000 fermetrum.

Vistvæn ræktun er á Kvistum og þar eru býflugur notaðar við frjóvgun plantna og notaðar eru lífrænar varnir.

Garðyrkjustöðin Kvistar er með heimasölu á plöntum og berjum.



*Norðmenn eru langt komnir í ræktun hindberja á norðlægum slóðum og þeir hafa miðlað okkur af dýrmætri reynslu ...*

# Holl og falleg

Hindber eru af rósaætt og hafa verið þekkt frá ómunatíð. Talið er að þau séu upprunnin í Austur-Asíu en hafi borist þaðan með þjóðflokkum yfir Beringssund til Ameríku. Það má lesa um hindber í grískri goðafræði. Þar kemur fram að berin voru eitt sinn hvít. Gríski guðinn Seifur sendi eina af þjónustustúlkum sínum til að ná í ber en hún stakk sig á þyrni og blóð draup úr fingri hennar á hvítu berin, þau urðu rauð af blóðinu og hafa verið það allar götur síðan. Gamlar heimildir herma að mikið hafi verið ræktað af hindberjum á Krít. Á miðöldum voru hindber notuð til lækninga, bæði berin og laufin og eru enn.

Evrópumenn fluttu hindberjarunna með sér til Ameríku en þar voru fyrir svört hindber. Árið 1771 var hafist handa við að rækta hindber í stórum stíl í Virginíu í Bandaríkjunum. Nú eru þekkt yfir 40 kvæmi af hindberjum, rauðum, svörtum og fjólubláum.

Hindber hafa verið ræktuð á norðlægum slóðum lengi. Norðmenn eru brautryðjendur í ræktun hindberja og jarðarberja á norðurslóðum. Þeir hafa öldum saman nýtt sér villt ber en smám saman hófu þeir útiræktun á harðgerðum yrkjum. Hindberja- og jarðarberjaræktun hefur aukist verulega undanfarin ár með nýrri ræktunartækni. Mest hefur verið ræktað í sunnanverðum Noregi og þar hefur mjög góður árangur náðst.

Árið 2009 fóru Norðmenn af stað með verkefni sem þeir nefndu Atlantberry, en þátttakendur í því eru Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar. Markmiðið með verkefninu var að auka berjarækt á norðlægum slóðum og nýta þá reynslu sem Norðmenn höfðu aflað sér í berjarækt. Megin áherslan var á ræktun hindberja og jarðarberja í köldum plastskýlum. Fyrir Íslands hönd tóku garðyrkjustöðvarnar Kvistar, Engi og Dalsgarður þátt í verkefninu. Þá kom Landbúnaðarháskóli Íslands að því.

Þegar verkefnið hófst var mjög lítið um berjarækt á Íslandi, fár stöðvar rætkuðu jarðarber og sendu á markað. Nú hefur reynsla Norðmanna heldur betur skilað sér hingað til lands því hér eru íslensk jarðarber og hindber á markaði frá apríl/maí og fram á haust.

Hindber eru eins holl eins og þau eru falleg. Berin eru rík af C- vítamíni og andoxunarefnum. Í þeim er einnig dálítið af K-vítamíni. Þau eru mjög trefjarík.

Hindber eru best fersk t.d. með rjóma eða ís. Þá eru þau góð í salatið, í sósur, sultu, saft og í þeyting. Einnig eru þau góð í bökur.

Hindber geymast í allt að 8 daga í kælir en eru þó farin að "leka" eftir 5 - 6 daga. Kjörhiti er 4 - 8 °C. Auðvelt er að lausfrysta hindberin, þau geymast vel í frysti. Berin eru ýmist fryst þurr eða í sykurlegi; þíðið þau hægt eftir frystingu. Mjög gott er að setja fryst hindber í þeyting.



# Fylltir konfekttómatar með mozzarella

*1 askja konfekt tómatar*
*1 poki litlar mozzarellakúlur*
*Gróft sjávarsalt og svartur pipar*
*(ef þið ætlið að steikja tómatana)*
*2 greinar rósmarin*
*Olivuolía*



Skerið tómatana í tvennt og kjarnhreinsið þá. Setjið mozzarellaostinn inn í miðjuna og stingið tannstöngli í gegnum tómatinn. Kryddið með salti og pipar. Einnig er hægt að léttsteikja tómatana á pönnu upp úr olíu með smá rósmarin á. Þá bráðnar osturinn smá og það kemur skemmtilegt bragð að rósmarininu.

Hrefna Sætran

# C - vítamín þruma

*2 paprikur (rauðar, gular eða appelsínugular)*
*1 handfylli kirsubjerjatómatar*
*½ gúrka*
*safi úr ½ sítrónu*
*0,3 lítrar kalt vatn*

Allt sett í blandara og blandað vel

Margrét Leifsdóttir





*Íslenskir fylltir grillsveppir eru ómótstæðilega góðir. Frábærir með grillmatnum. Gott er að grilla sveppina í álbakkanum á vel heitu grilli í 3 - 5 mínútur. Svo getur verið gott að strá smá salti yfir þegar búið er að grilla. Ennfremur er hægt að hita sveppina í ofni (180°C) eða smörsteykja þá á pönnu.*




**Sölufélag garðyrkjumanna** kynnir nú nýju tómatvörurnar sínar með því að stilla þeim fram í sérstökum stöndum og gera þær þannig enn aðgengilegri fyrir neytendur.

## JARÐARBER




**Kristjana Jónsdóttir og Einar Pálsson** Þegar þeim bauðst að kaupa Sólbyrgi ákváðu þau að gerast garðyrkjubændur.

# Sólbyrgi Kleppjárns-reykjum í Borgarfirði

*Nú eru aðallega ræktuð jarðarber á Sólbyrgi, en einnig kirsuberja-tómatar, salat, kryddjurtir og er þar nokkur útirækt.*

Í myndinni samtvinnast sögur þriggja ólíkra einstaklinga sem allir búa yfir leyndarmáli og reyna að fóta sig í íslensku samfélagi á árunum rétt fyrir hrun.

Unga leikkonan Hera Hilmarsdóttir leikur eitt af aðalhlutverkunum í myndinni – konu sem lifir tvöföldu lífi.

„Þessi karakter kemur úr fjölskyldu sem út á við virkar sem hin fullkomna fjölskylda og þar sem áhersla er lögð á að lifa eftir ákveðnum standard. Myndin gerist árið 2006 þar sem var kannski sérlega mikil pressa á að lifa á ákveðnin hátt og eiga hitt og þetta. Þessi stúlka stundar vændi á Íslandi og lifir tvöföldu lífi. Við notuðum sögu íslenskrar konu sem er til í raun og veru og ég veit ekki enn þann dag í dag hvort fjölskylda hennar veit að hún stundaði vændi um tíma,“ sagði Hera í viðtali við Fréttablaðið í byrjun janúar. Leikstjórinn, Baldvin Z, segir þessa tilteknu konu hafa verið í sinni fjölskyldu.

> **Ég vil ekki fara neitt nánar út í upphaflegu söguna, það eiga allar fjölskyldur fjölskylduleyndarmál og við erum einmitt að velta því upp í myndinni hvernig þöggun innan fjölskyldna virkar.**
>
> *Baldvin Z, leikstjóri*

„Það er gömul saga úr minni ætt sem liggur að baki hennar sögu. Mig hafði oft langað til að fjalla um það mál og sá tækifæri til að flétta hana inn í framvinduna í Vonarstræti. Ég vil ekki fara neitt nánar út í upphaflegu söguna, það eiga allar fjölskyldur fjölskylduleyndarmál og við erum einmitt að velta því upp í myndinni hvernig þöggun innan fjölskyldna virkar og hvað hún getur verið öflug og ógeðsleg,“ sagði hann í viðtali við helgarblað Fréttablaðsins um síðustu helgi.

Ásamt Heru fara þau Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Þorsteinn Bachmann með aðalhlutverkin í myndinni en sá síðarnefndi þykir eiga stórleik sem rithöfundur sem var einu sinni stórstjarna en er nú fylliraftur.

## Þekktur einstaklingur hótaði lögbanni

Það vakti mikla athygli í síðustu viku þegar aðstandendur myndarinnar sögðu frá því að hringt hefði verið í þá og lögbanni hótað á myndina. Talið er að ein persónan í myndinni hafi farið fyrir brjóstið á þeim sem hótaði kæru fyrir ærumeiðingar og lögbanni á myndina. Á þá sú persóna að hafa verið iðin við að skaffa fíkniefni og vændiskonur í gleðskap sem fram fór um borð í glæsilegri snekkju.

„Myndin er ekki að taka á neinum sérstökum einstaklingum á þessum góðæristímum en það var ýmislegt í gangi á þessum tíma. Það getur verið að margir kannist við sjálfa sig þarna og vorum við beðnir um að klippa ákveðin atriði úr myndinni,“ sagði Ingvar H. Þórðarson, einn af framleiðendum myndarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Bætti hann við að hótanir sem þessar hefðu engin áhrif og að myndin yrði frumsýnd 16. maí.

liljakatrin@frettabladid.is



# Graníthellur

Steypustöðin býður upp á mikið úrval af fallegum hellum og mynstursteypu fyrir heimili, garða, göngustíga og bílaplön.

YFIR 20 TEGUNDIR AF HELLUM

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

# DEBENHAMS





YVES SAINT LAURENT

**GLOSS VOLUPTÉ**

„VARIR Á VARIR" FREISTANDI AÐ KYSSA.



YVES SAINT LAURENT

KYNNING Í DEBENHAMS 15. TIL 21. MAÍ.

Tímapantanir í förðun í síma 522 8000

**20%** AFSLÁTTUR AF **BB KREMUM** OG **TOP SECRETS** LÍNUNNI

YSL snyrtibudda full af YSL sýnishornum fylgir þegar keyptir eru 2 eða fleiri hlutir úr línunni.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

## Trend á Twitter Rifrildi Solange og Jay Z gerir allt vitlaust í netheimum

Allt fór á flug í netheimum þegar TMZ birti myndband af rifrildi rapparans Jay Z og Solange Knowles, litlu systur Beyoncé, eiginkonu Jay Z. Twitter lét ekki á sér standa og kassamerkið #WhatJayZSaidToSolange fæddist. Færslur merktar því eru fullar af vangaveltum um hvað Jay Z sagði við Solange til að gera hana svona brjálaða –allt í gamansömum tón samt sem áður.



**Lil Mil**
@_MelVersace 13. maí
#WhatJayZSaidToSolange Solange: Þessi lyfta er ekki að fara neitt. Jay Z: Ekki ferillinn þinn heldur.

**Lisa-Lee Solomons**
@LisaLeeSolomon1 14. maí
„Solange: Hættu að kalla mig systur Beyonce!“ „JayZ: Ókei, frænka Blue Ivy.“ #WhatJayZSaidToSolange

**• A P O L L O •**
@IvanVos1 14. maí
Þú ert okkur til skammar, þú ert ekki einu sinni fræg #WhatJayZSaidToSolange #JusticeForSolange

**Patrick Arali Mugabi**
@tricpmg 14. maí
„Varirnar mínar eru stærri en ferillinn þinn!“ #WhatJayZSaidToSolange

**Mike Kelton**
@mikekelton 13. maí
#WhatJayZSaidToSolange Gerum allt vitlaust í þessari lyftu til að blása lífi í ferilinn þinn aftur.

# Tækifæri í bleikjunni

**Nemendur í Háskólanum í Reykjavík vinna nú að því að framleiða paté úr þeim hluta bleikjunnar sem yfirleitt er fargað en það er um helmingshluti fisksins.**

„Verkefnið snýst um að fullnýta bleikjuna en um 43 prósentum fisksins er fargað í dag,“ segir Halldóra Ársælsdóttir en hún vinnur að áhugaverðu verkefni í Háskólanum í Reykjavík ásamt systur sinni Guðbjörgu Erlu Ársælsdóttur, Hrannari Guðmundssyni, Bergi Ástráðssyni, Snorra Níelssyni og Birki Helgasyni.



„Við þekktum aðeins inn á fiskeldi og höfum séð vannýtingu á bleikjunni,“ segir Halldóra en systurnar sáu sér þá tækifæri í vannýtingunni. „Við fáum sem sagt afskornu dálkana, hryggjarsúlu bleikjunnar, tökum kjötið og búum til bleikju-paté úr því,“ segir Halldóra. Hópurinn er strax kominn af stað með verkefnið og hefur nú þegar framleitt nokkrar frumgerðir patésins. Hönnuðurinn Helga Dögg Ólafsdóttir hannaði umbúðirnar.

„Núna erum við að skoða réttu hráefnin og hvert besta framleiðsluferlið sé upp á endingartíma og þvíumlíkt,“ segir Guðbjörg Erla en stefnt er að því að koma patéinu á almennan markað eftir átta mánuði ef allt gengur eftir.

„Við erum að vinna uppskriftina með kokkum og matvælafræðingi og erum búin að finna skemmtilega leið til þess að reykja bleikjuna. Við viljum að þetta sé hágæðavara,“ bætir Halldóra við. Verkefnið er hluti af þverfaglegum nýsköpunaráfanga í HR en sjálf lærir Halldóra sálfræði, Guðbjörg viðskiptafræði og strákarnir fjórir verkfræði en einn þeirra, Birkir Helgason, hafði kynnt sér svipaða starfsemi í Noregi.

„Það eru dæmi um svona framleiðslu í Noregi þar sem menn vinna mikið með lax en þeir eru komnir á það stig að aukaafurðirnar eru farnar að skila meiri tekjum en flökin sem upphaflega voru seld,“ segir Birkir. „Draumurinn er að geta fullnýtt fiskinn eftir tíu eða tuttugu ár,“ segir Guðbjörg. „Þá væri kannski hægt að nýta hann í framleiðslu snyrtivara eða olía. Það er hægt að skapa fullt af raunverulegum verðmætum úr þessu hráefni sem er ekki nýtt.“



**SKAPANDI FRUMKVÖÐLAR** Nemendurnir hafa stórar hugmyndir um fiskeldi.

baldvin@frettabladid.is

Nú hitnar í kolunum
án reyks með Lotus kolagrilli



Fastus kynnir byltingarkennt borðgrill

• Innbyggð vifta sem tryggir kolum súrefni
• Tilbúið til matreiðslu eftir 3-4 mínútur
• Tvöfaldur veggur - kemur í veg fyrir að ytra byrði hitni
• Mjög góð hitastýring á kolum
• Hægt að færa grillið til eftir þörfum þegar það er í notkun
• Fitan lekur ekki á kolin
• Auðvelt að þrífa - hægt að taka alveg í sundur
• Má fara í uppþvottavél

FASTUS_F_14.04.14

MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA •
Grill og aukahlutir fást einnig í Búsáhöld, Kringlunni og Líf & list, Smáralind.


Grillpönnur


Tangir


Penslar

Framúrskarandi fyrirtæki 2013
FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

# Kaupa inn fyrir þá uppteknu

Fyrirtækið Eldum rétt keyrir sérútbúna matarpakka með fersku hráefni beint heim að dyrum. Uppteknir Íslendingar geta auðveldað sér matargerðina.

„Við heyrðum af hugmyndinni fyrir mörgum árum og fannst þetta rosalega sniðugt. Fyrir rúmu ári ákváðum við svo bara að keyra á þetta, enda er þetta frábær lausn fyrir Íslendinga sem vinna margir hverjir mjög mikið,“ segir Valur Hermannsson sem rekur Eldum rétt, en fyrirtækið sérhæfir sig í að útbúa matarpakka með fersku hráefni sem síðan er keyrt heim að dyrum.

„Það eina sem fólk þarf að gera er að matreiða úr hráefninu en við leggjum allt til nema olíu, mjólk, smjör, salt og pipar,“ segir Valur. Hann segir að fyrirtæki eins og Eldum rétt hafi sprottið upp víða í hinum vestræna heimi undanfarin ár.

„Fólk er alltaf svo upptekið nú til dags. Með þessu fyrirkomulagi getur fólk eldað eitthvað nýtt og spennandi reglulega, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af matarinnkaupunum,“ segir hann og bætir við að með hráefninu fylgi matreiðsluleiðbeiningar en réttirnir eru ýmist hugsaðir fyrir tvo eða fjóra.

**„Með þessu fyrirkomulagi getur fólk eldað eitthvað nýtt og spennandi reglulega.**

*Valur Hermannsson*

Nánari umfjöllun um uppskriftir og næringarinnihald má finna á vefsíðunni eldumrett.is. - ka



**GÓÐUR HÓPUR** Þessi hópur ætlar að einfalda matargerð landans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**NÓG AÐ GERA** Angelina og Brad plana brúðkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Börnin hjálpa til

Leikkonan Angelina Jolie segir í viðtali við tímaritið People að hún og unnusti hennar, leikarinn Brad Pitt, séu byrjuð að plana brúðkaup sitt.

„Við erum búin að ræða þetta við börnin og hvernig þau hafa ímyndað sér að þetta verði. Það er nánast óeðlilegt hvernig börn ímynda sér brúðkaup. Þau verða, á sinn hátt, brúðkaupsskipuleggjendur,“ segir Angelina en þau Brad eiga börnin Maddox, tólf ára, Pax, tíu ára, Zahara, níu ára, Shiloh, sjö ára og tvíburana Knox og Vivienne, fimm ára.

„Þetta verður annaðhvort Disney eða paintball,“ bætir Angelina við. - lkg



**HÓGVÆR** Jennifer telur sig ekki kynþokkafyllstu konu heims.

## Ekki kynþokkafyllst

Leikkonan Jennifer Lawrence segir að hún eigi ekki skilið að hafa verið krýnd kynþokkafyllsta kona heims af tímaritinu FHM. Á listanum skákaði hún konum á borð við Rihönnu, Beyoncé, Taylor Swift og Kaley Cuoco.

„Ég veit sannleikann. Ég veit að Beyoncé er drottning heimsins,“ segir Jennifer í viðtali við Entertainment Tonight.

Meðleikarar Jennifer í X-Men-myndunum eru hins vegar sammála um að Jennifer sé kynþokkafyllst og kallaði Hugh Jackman hana meðal annars undraverða. - lkg

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

TÆKNIDAGUR TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HR

Föstudaginn 16. maí í Háskólanum í Reykjavík

Gestum og gangandi er boðið að koma og kynna sér afrakstur verklegra og hagnýtra námskeiða og það öfluga starf sem unnið er í tækni- og verkfræðideild HR. Sérstakir boðsgestir Tæknidags eru afmælisárgangar tæknifræðinga.

Dagskrá:

13:30 - 14:15
**Gleði og grill fyrir nemendur í þriggja vikna verkefnum - í portinu við vélsmiðjuna**

14:15 - 15:15
**Uppskeruhátíð þriggja vikna námskeiða tækni- og verkfræðideildar HR - ALLIR VELKOMNIR!**
**Nemendur sýna verkefni sín, innandyra sem utan.**

- Sjálfráður iðnróbot í fullu fjöri. Stofa V207.
- Sjálfvirkur kafbátur leikur listir sínar í Djúpinu. Kafbáturinn verður framlag HR í alþjóðlegri keppni í San Diego í sumar.
- Tölvustudd hönnun og smíði á tvíhjóla kerru til að draga bíla og flytja rúllubagga. Stofa V104.
- Tölvustudd hönnun og smíði á fótstignu fjórhjóli. Stofa V118.
- Frá bensíni yfir í rafmagn - rafbílaverkefni HR. Stofa V117.
- Lokahönnun og smíði á gufuvél. Stofur V117 og V106.
- Endurhönnun á vind- og sólarorkuveri. Rauða húsið á lóð HR.
- Hittu í mark - rafræna handboltamarkið e-Goal mælir hraða, kraft og nákvæmni boltans með Arduino. Við stofu V114.
- Eftirlitskerfi fyrir ungabörn sem byggir á Raspberry Pi og myndavél. Stofa M113.
- Háspennulínur og jarðstrengir. Stofa V103.
- Flutningsgeta jarðstrengja. Stofa V103.
- Snjallnet. Stofa V103.
- Rafmagnsmótor öðlast nýtt líf. Stofa V207.
- Ómannaðar flugvélar. Á ganginum við mötuneytið.
- Vængir og loftbólur. Stofa V117.
- Veðurhjúpurinn - hönnun, framkvæmd, reynsla - skoðun á nýlegum skólabyggingum. Stofa V111.
- Burðarvirkjahönnun húsbygginga. Stofa V112.
- Tölvustudd hönnun og álagsprófun á álbitum. Stofa V116.
- Talandi róbot með sónar-sjón. Stofa V110.
- Eldflaugin Mjölnir. Stofa V114.
- Vöruþróun frá upphafi til enda - opnar kynningar á verkefnum nemenda. Stofa V107.
- Verkefnastjórnun, leiðin til árangurs - opnar kynningar á verkefnum nemenda. Stofa V105.

15:15 - 16:00 Stofa V102
**Viðurkenningar fyrir bestu lokaverkefni í tæknifræði - ALLIR VELKOMNIR!**
Ari Kristinn Jónsson, rektor, býður gesti velkomna í stofu V102 og ávarpar afmælisárganga.
Önundur Jónasson, formaður Tæknifræðingafélags Íslands, veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi lokaverkefni.
Nemendur sem hljóta viðurkenningar kynna lokaverkefni sín.

- Fjaðurstuðull steinsteypu. Þórdís Björnsdóttir.
- Aukið rekstraröryggi íslenska raforkukerfisins með kvikri álagsstjórnun Norðuráls. Gunnar Ingi Valdimarsson.
- Hönnun hreinsistöðvar fyrir reykköfunartæki. Birgir Þór Guðbrandsson.

16:00 Opni háskólinn í HR á 2.hæð.
**Móttaka fyrir afmælisárganga úr tæknifræði, tæknifræðinema og kennara.**
Guðrún A. Sævarsdóttir, deildarforseti, býður gesti velkomna.
Fulltrúi afmælisárganga ávarpar gesti.

hr.is
haskolinnireykjavik
#haskolinnrvk

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓ





| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | 6 | L |
| THE OTHER WOMEN | 8, 10:20 | 12 |
| SPIDERMAN 2 3D | 7, 10 | 12 |
| RIO 2 2D | 5 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH | KL. 10:10 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 - 10:35 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 7:40 - 10:10 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 4:50 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TRANSCENDENCE | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| THAT AWKWARD MOMENT | KL. 10:50 | 12 |
| DIVERGENT | KL. 8 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR. | | |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OLDBOY | KL. 10:20 | 16 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| TRANSCENDENCE | KL. 8 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS LÚXUS | KL. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL. 3.30 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| RIO 2 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | L |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 3.30 - 6 - 8 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VONARSTRÆTI | KL. 8 (FORSÝNING) | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| THE OTHER WOMAN | KL. 5.30 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 10 | 7 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Stefnumótabylting graða fólksins

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



**ÉG** hitti kærustuna mína í fyrsta skipti í raunheimum. Hún kom í vísindaferð í þáverandi vinnuna mína og ég addaði henni á Facebook daginn eftir. Hún samþykkti reyndar ekki vinarbeiðnina og nokkrum vikum síðar dró ég beiðnina til baka. Nokkru síðar fékk ég óvænt vinarbeiðni frá henni.

**AÐ** sjálfsögðu reyndi ég að spila mig fjarlægan og dularfullan með því að leyfa henni að eiga fyrsta orðið. Ég hélt hins vegar út í sirka fimm mínútur og var búinn að segja „hæ“ áður en hún gat smellt á „turn on chat“. Það sem gerðist svo hefði alveg eins getað gerst árið 1975: Ég bauð henni út í ís, við fórum til New York, lifðum það af og núna liggur hún inni í svefnherberginu okkar og hrýtur.

**LÍF** á jörðinni hefur þróast mikið frá því að við kynntumst árið 2013. Í dag notar ungt fólk nefnilega allt aðrar aðferðir til að kynnast: Appið Tinder. Það er einfalt. Notendur byrja á að skrá sig inn í gegnum Facebook. Appið keyrir svo saman upplýsingar notendanna, raðar þeim upp eftir áhugasviðum ásamt því að nota GPS til að reikna út fjarlægðina á milli þeirra (án gríns). Notendur fletta svo í gegnum aðra notendur sem deila áhugamálum ásamt því að vera í hæfilegri fjarlægð og samþykkja þá eða hafna. Ef tveir notendur samþykkja hvor annan leiðir appið þá saman sjálfkrafa.

**SEM** sagt. Tæpu ári eftir að ég bauð stelpu út í ís, eins og hver annar Neanderdalsmaður, er búið að stytta leiðina niður í app sem virkar eins og Dominos-appið, nema með kynlíf í staðinn fyrir pitsur. Þetta er í raun fyrsta byltingin á sviði netstefnumóta því Ircið, MSN, Myspace og Facebook létu notandann sjá um skítverkin. Með hjálp Tinder hefur fyrsta og erfiðasta skrefinu verið eytt og gratt fólk þarf þannig séð ekki lengur að nota orð. Nú vantar bara einhvers konar smokkaapp því þetta Evrópumet í klamydíu haggast ekki ef fólk fer alltaf berfætt út í rigninguna.

# Cannes trekkir að

Kvikmyndahátíðin í Cannes í Frakklandi hófst í gær. Fjölmargar stórmyndir eru frumsýndar á hátíðinni og keppa um hinn eftirsótta Gullpálma. Margir frægustu leikarar heims eru farnir að streyma til Cannes með tilheyrandi fjölmiðlafári.



**DÝRLEG** Leikkonan Jane Fonda veifar aðdáendum.

**DÍVA PAR EXELLANS** Kynbomban Pamela Anderson dönnuð í Cannes.

**LÆTUR LÍTIÐ YFIR SÉR** Audrey Tautou með sólgleraugu á flugvellinum.

**ÖLLU VANUR** Willem Dafoe pollrólegur á flugvellinum.

**VINSÆL** Leikkonan America Ferrera gefur eiginhandaráritanir.

**ÁNÆGÐ MEÐ SIG** Nicole Kidman leikur í Grace of Monaco sem sýnd er á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FRIÐURINN ÚTI** Kendall Jenner fær lítinn frið í Frakkland.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



GLEÐILEGT
SUMAR
SJÓÐHEIT SUMARVERÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
4BLS
NÝR SJÓÐHEITUR SUMARBÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)
LIVE SAFE 2014
VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI HEIMILISINS. TÖLVUR, SÍMA OG SPJALDTÖLVUR
6.990
McAfee
An Intel Company
ÖRYGGISVÖRN
Heildarlausn á öllu öryggi í tölvunni þinni, öflugasta öryggisvörnin ásamt eldvegg sem ver heimanetið
2.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
lenovo
7" IDEATAB
Öflug 7" Dual Core spjaldtölva með björtum og skörpum 7" LED skjá og hágæða Dolby Digital Plus hljóðkerfi
16.900
ÓMISSANDI Í SUMARFRÍIÐ:)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
15.6"
FARTÖLVA
Frá Packard Bell með Intel Dual Core örgjörva, 4GB Minni, 500GB harðdisk, Windows 8.1 og nýjustu tækni
49.900
SJÓÐHEITT SUMARVERÐ:)
AÐEINS 100STK Á ÞESSU VERÐI!
ALGENGT VERÐ 69.900
ENN BETRA VERÐ
SAMSUNG
10" GALAXY TAB3
Stórglæsileg Galaxy Tab 3 með ótrúlegum 10.1" fjölsnertiskjá, öflugum Dual Core örgjörva
44.900
8" 39.900 | 7" 29.900
USB 3.0
10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA
4.0
HÁHRAÐA BLUETOOTH GAGNAFLUTNINGUR
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
### 28 DAGAR Í FYRSTA LEIK



**Í FYRSTA SINN Í HM-SÖGUNNI** taka átta þjóðir þátt í heimsmeistarakeppninni sem eiga það allar sameiginlegt að hafa orðið heimsmeistarar. Fyrir fjórum árum varð Spánn áttunda þjóðin til að vinna HM í fótbolta og spænska liðið er með á HM í Brasilíu alveg eins og hinar sjö þjóðirnar sem hafa unnið heimsmeistaratitilinn í gegnum tíðina: Brasilía (1958, 1962, 1970, 1994, 2002), Ítalía (1934, 1938, 1982, 2006), Þýskaland (1954, 1974, 1990), Úrúgvæ (1930, 1950), Argentína (1978, 1986), England (1966) og Frakkland (1998). Þessar sjö þjóðir voru einnig með í Suður-Afríku 2010 sem og þegar keppnin fór fram í Japan og Suður-Kóreu árið 2002 sem var fyrsta keppnin eftir að Frakkar urðu sjöunda þjóðin til að vinna HM-gull.



**SIGUR** Ragna Lóa fagnaði sigri með Fylkiskonum í fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fylkir vann nýliðaslaginn

**FÓTBOLTI** Fylkir vann ÍA, 1-0, í nýliðaslagnum í Pepsi-deild kvenna í fótbolta á Akranesi í gærkvöld en með leiknum lauk 1. umferð deildarinnar. Carys Hawkins skoraði eina mark leiksins á 44. mínútu þegar hún skallaði hornspyrnu Rut Kristjánsdóttur í netið. Flott byrjun hjá stúlkunum hennar Rögnu Lóu. **- tom**

## PEPSI-DEILDIN 2014

**ÚRSLIT 1. UMFERÐAR**

**ÍA - Fylkir 0-1**
0-1 Carys Hawkins (44.).

**Þór/KA - Valur 1-1**
1-0 Dóra María Lárusdóttir (67.), 1-1 Helena Rós Þórólfsdóttir (86.).

**Selfoss - ÍBV 1-2**
1-0 Shaneka Gordon (72.), 2-0 Vesna Smiljkovic (79.), 2-1 Guðmunda B. Óladóttir (82.).

**Afturelding - FH 1-3**
1-0 Steinunn Sigurjónsdóttir (8.), 1-1 Jóhanna S. Gústavsdóttir (40.), 1-2 Heiða Dröfn Antonsdóttir (68.), 1-3 Ana Victoria Cate (72.).

**Breiðablik - Stjarnan 0-1**
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (49.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 1 | 1 | 0 | 0 | 3-1 | 3 |
| ÍBV | 1 | 1 | 0 | 0 | 2-1 | 3 |
| Breiðablik | 1 | 1 | 0 | 0 | 1-0 | 3 |
| Fylkir | 1 | 1 | 0 | 0 | 1-0 | 3 |
| Valur | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| Þór/KA | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| Selfoss | 1 | 1 | 0 | 1 | 1-2 | 0 |
| ÍA | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-1 | 0 |
| Stjarnan | 1 | 0 | 0 | 1 | 0-1 | 0 |
| Afturelding | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-3 | 0 |



**ODDALEIKUR** Hrafnhildur Skúladóttir fagnar sínum síðasta sigri á Hlíðarenda en hún hættir eftir tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alla leið þrjú ár í röð

Valskonur tryggðu sér oddaleik eftir sigur á Stjörnunni í gærkvöldi.

**HANDBOLTI** Úrslitin í Olísdeild kvenna munu ráðast í oddaleik, þriðja árið í röð. Valur knúði fram oddaleik með sigri á deildarmeisturum Stjörnunnar, 23-19, í æsispennandi framlengdum leik í Vodafone-höllinni í gær.

Eins og í öðrum leikjum í rimmunni var það markvarsla og varnarleikur sem einkenndi fyrst og fremst leikinn. Fyrri hálfleikur var kaflaskiptur en Stjarnan náði undirtökunum rétt áður en flautað var til hálfleiks og hélt þeim lengst af í þeim síðari.

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skoraði svo jöfnunarmark Vals þegar 20 sekúndur voru eftir og hún skoraði svo öll fimm mörk liðsins í framlengingunni gegn aðeins einu marki Stjörnunnar.

„Þetta var bara vilji og græðgi," sagði Anna Úrsúla. „Við vorum staðráðnar í því að halda bara áfram og jafna leikinn. Það tókst, sem betur fer. „Við vildum fá oddaleikinn í Mýrinni."

Anna gerði sér reyndar ekki grein fyrir því að hún hafði skorað síðustu sex mörk Vals í leiknum. „Var það?" spurði hún og brosti. „Við fengum að vera fjórar saman í sókninni sem erum alltaf saman á æfingum. Ég átti bara að gera eitthvað og þetta endaði alltaf með því að ég fékk boltann. En það skiptir engu máli hver skorar mörkin," sagði hún.

Anna sagði að liðið ætti talsvert inni, sérstaklega í sókninni. „Við höfum ekki náð að sýna okkar rétta andlit að undanförnu og vonandi kemur það í úrslitaleiknum, þegar þörfin verður sem mest."

Hrafnhildur Skúladóttir lék sinn síðasta heimaleik fyrir Val í gær en hún leggur skóna á hilluna eftir tímabilið. „Hún er drottning. Hvað er hægt að segja meira? Þvílíkur leiðtogi sem er frábært að vera með í sínu liði," sagði Anna. **-esá**





# Úrslitastund í kvöld

Eyjamenn þurfa að enda sextán leikja sigurgöngu heimaliða í oddaleikjum ætli þeir sér titilinn.

**HANDBOLTI** Leikmenn Hauka og ÍBV fá ekki langan tíma til að jafna sig eftir leik fjögur í Vestmannaeyjum á þriðjudagskvöldið því í kvöld spila þessi tvö bestu handboltalið landsins nefnilega hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn.

Þetta er fyrsti oddaleikurinn um Íslandsmeistaratitilinn í fjögur ár og aðeins sá annar á síðustu ellefu árum. Í nítján úrslitakeppnum karlahandboltans frá upphafi hafa úrslitin aðeins fjórum sinnum áður ráðist í hreinum úrslitaleik. Leikurinn í kvöld er því sjaldgæf veisla fyrir íslenska handboltaáhugamenn sem láta sig örugglega ekki vanta á pallana á Ásvöllum klukkan 19.45 í kvöld.

Heimavöllurinn hefur verið ósigrandi vígi í oddaleikjum síðustu tólf ár sem gerir verkefnið enn vandasamara fyrir Eyjamenn.

Frá sögulegum sigri KA-manna í oddaleik um titilinn 10. maí 2002 hafa farið fram sextán oddaleikir í úrslitakeppni karla og þeir hafa allir unnist á heimavelli. Haukarnir sjálfir hafa unnið fimm þeirra á Ásvöllum, þar á meðal spennuleik við nágrannana í FH í undanúrslitaeinvígi liðanna í ár.

Reynslan úr oddaleikjum er öll Haukamegin því enginn í liði ÍBV hefur tekið þátt í svona leik áður. Haukarnir tryggðu sér níunda Íslandsmeistaratitilinn sinn í oddaleik og geta nú endurtekið leikinn fjórum árum síðar. **- óój**



**ÁFRAM Í STRANGRI GÆSLU** Róbert Aron Hostert þarf að eiga góðan leik ætli ÍBV sér titilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ODDALEIKIRNIR Í LOKAÚRSLITUM KARLA

**1995**

**28. MARS 1995 VALUR – KA 30-27**

**Fyrri hálfleikur:** Jafnt (12-12) Seinni: Jafnt (11-11)

**Framlenging:** Valur +3 (7-4).

**Ólafur Stefánsson, Val 8**
**Partrekur Jóhannesson, KA 7**
**Valdimar Grímsson, KA 7**
**Dagur Sigurðsson, Val 6**
**Jón Kristjánsson, Val 6**
**Alfreð Gíslason, KA 6**

**2001**

**5. MAÍ 2001 KA – HAUKAR 27-30**

**Fyrri:** Haukar +4 (14-10) Seinni: KA +1 (17-16)

**Rúnar Sigtryggsson, Haukum 10**
**Halldór Jóhann Sigfússon, KA 10**
**Óskar Ármannsson, Haukum 7**
**Guðjón Valur Sigurðsson, KA 5**

**2002**

**10. MAÍ 2002 VALUR – KA 21-24**

**Fyrri:** Valur +1 (10-9) Seinni: KA +4 (15-11)

**Halldór Jóhann Sigfússon, KA 8**
**Sigfús Sigurðsson, Val 6**
**Snorri Steinn Guðjónsson, Val 5**
**Sævar Árnason, KA 4**
**Jóhann G. Jóhannsson, KA 4**

**2009**

**8. MAÍ 2010 HAUKAR – VALUR 25-20**

**Fyrri:** Haukar +1 (10-9) Seinni: Haukar +4 (15-11)

**Arnór Þór Gunnarsson, Val 7**
**Sigurbergur Sveinsson, Haukum 6**
**Pétur Pálsson, Haukum 4**
**Björgvin Þór Hólmgeirsson, Haukum 4**
**Guðmundur Árni Ólafsson, Haukum 4**
**Sigurður Eggertsson, Val 4**


PORSCHE
Spennandi hjólreiðakeppni
á Völlunum í kvöld
Porsche
Criterium
Hjólreiðafélag Reykjavíkur efnir til
Porsche Criterium hjólreiðamótsins í samstarfi
við Bílabúð Benna. Criterium keppnisformið á sér
langa sögu erlendis og hefur verið stundað hér heima
í nokkur ár við vaxandi vinsældir.
Criterium hjólreiðakeppnin er stutt og
annáluð fyrir mikinn hraða og mikla spennu og
einmitt þess vegna kemur Porsche við sögu.
Við hvetjum sem flesta til að mæta, en mótið er
sérlega skemmtilegt og spennandi.
Mótið verður haldið í iðnaðarhverfinu á Völlunum
í Hafnarfirði og hefst kl. 19:00 í kvöld.
Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega
velkomnir. Nánari upplýsingar um stað
og stund á benni.is og hfr.is
Porsche Macan S Diesel
258 hestöfl • 580Nm tog • CO2 159 g/km
Hröðun 6.3 sek. 0-100 km/klst.
Eyðsla 6.3 l/100 km í blönduðum akstri.
Verð: 11.950.000 kr.
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
HFR
Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími: 590 2000 • porsche@porsche.is • www.benni.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10
### Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.

## Í KVÖLD



### True Blood

**STÖÐ 3 KL. 21.55** Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman.



### Tekinn 2

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.05** Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt.



### Best í Brooklyn

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.35** Brooklyn Nine-Nine. Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.

## FM957 kl. 10.00
### Heiðar Austmann



Heiðar Austmann er aldursforseti stöðvarinnar en er samt yngstur í anda, að eigin sögn. Heiðar kom til starfa á FM957 árið 1998 og hefur unnið samfleytt á stöðinni í ríflega 15 ár.


FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



**Sundföt**

**Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**
Allt að **60%**
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

**Bikiní**
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**
Allt að **75%**
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**

**Sundskýlur**
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**
Allt að **40%**
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

**Watershorts**
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**
Allt að **55%**
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 Loonatics Unleashed**
**08.05 Malcolm in the Middle**
**08.30 Man vs. Wild**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 60 mínútur**
**11.05 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Five-Year Engagement**
**15.00 The O.C**
**15.40 Loonatics Unleashed**
**16.05 Frasier**
**16.30 Mike and Molly**
**16.50 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Fóstbræður**
**19.45 Friends With Better Lives** *(5:13)* Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi.
**20.10 Masterchef USA** *(19:25)*
**20.55 The Blacklist** *(22:22)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington, sem gefur sig fram við FBI og býður fram aðstoð sína við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.
**21.40 NCIS** *(13:24)* Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**22.25 Person of Interest** *(16:23)*
**23.10 Íslenskir ástríðuglæpir**
**23.40 24. Live Another Day**
**00.25 24. Live Another Day**
**01.15 Shameless**
**02.05 Direct Contact**
**03.35 The Five-Year Engagement**
**05.35 Fóstbræður**
**06.00 How I Met Your Mother**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Sevilla - Benfica**
**13.00 Miami - Brooklyn**
**14.50 Fram - Þór**
**16.40 Pepsímörkin 2014**
**18.00 Sevilla - Benfica**
**19.50 RN Löwen - Melsungen**
**21.10 Atletico Madrid - Malaga**
**22.55 Spænsku mörkin**
**00.15 Valladolid - Real Madrid**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.10 Hull - Everton**
**14.50 England and Italy**
**15.20 Sunderland - Swansea**
**17.00 Man. City - West Ham**
**18.40 Enska 1. deildin. Rotherdam - Preston** Bein útsending
**20.40 Premier League World**
**21.10 France, Porto Alegre and Honduras**
**21.40 Messan**
**23.05 Enska 1. deildin. Rotherdam -**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.30 Top 20 Funniest**
**18.15 Free Agents**
**18.40 Community**
**19.00 Malibu Country**
**19.25 Family Tools** *(3:10)*
**19.45 American Idol** *(36:39)*
**21.10 Supernatural** *(15:22)*
**21.55 True Blood** *(3:12)* Fimmta þáttaröðin um gengilbeinuna Sookie Stackhouse, vampírurnar Bill Compton og Eric Northman sem hafa slegist um ástir hennar í smábænum Bon Temps í Louisiana þar sem menn, vampírur og aðrar skepnur búa saman, þó ekki alltaf í sátt og samlyndi.
**22.55 Malibu Country**
**23.15 Family Tools**
**23.35 American Idol**
**01.00 Sons of Anarchy**
**01.45 Supernatural**
**02.25 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.23** Latibær **07.47** Skoppa og Skrítla **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Hvellur keppnisbíll **09.55** UKI **10.00** Lukku láki **10.25** Skógardýrið Húgó **10.47** Hello Kitty **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Brunabílarnir **11.23** Latibær **11.47** Skoppa og Skrítla **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Hvellur keppnisbíll **13.55** UKI **14.00** Lukku láki **14.22** Skógardýrið Húgó **14.44** Hello Kitty **14.52** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Brunabílarnir **15.23** Latibær **15.47** Skoppa og Skrítla **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Hvellur keppnisbíll **17.55** UKI **18.00** Lukku láki **18.22** Skógardýrið Húgó **18.44** Hello Kitty **18.52** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Puss N'Boots **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.30 Friends**
**18.55 Seinfeld**
**19.20 Modern Family**
**19.40 Two and a Half Men** *(5:24)*
**20.05 Tekinn 2** *(12:14)*
**20.30 Weeds** *(12:13)* Gamanþættir um ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.
**21.00 The Killing** *(6:13)*
**21.45 Without a Trace** *(11:24)*
**22.30 Harry's Law** *(2:12)*
**23.15 World Without End**
**00.00 Tekinn 2**
**00.25 Weeds**
**00.55 The Killing**
**01.40 Without a Trace**
**02.25 Harry's Law**
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.00 Another Cinderella Story**
**12.30 You've Got Mail**
**14.30 Silver Linings Playbook**
**16.30 Another Cinderella Story**
**18.00 You've Got Mail**
**20.00 Silver Linings Playbook**
**22.00 Hitch**
**23.55 Sherlock Holmes. A Game of Shadows**
**02.05 Five Minutes of Heaven**
**03.35 Hitch**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Einar Áskell**
**17.33 Kafteinn Karl**
**17.45 Ævar Vísindamaður**
**18.11 Skrípin**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.30 Í garðinum með Gurrý**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Price-bræður bjóða til veislu** *(1:5) (Spise med Price)* Matgæðingarnir í Price-fjölskyldunni töfra fram kræsingar við öll tækifæri. Adam Price er einnig þekktur sem aðalhandritshöfundur og framleiðandi sjónvarpsþáttanna Borgen.
**20.35 Best í Brooklyn** *(16:22) (Brooklyn Nine-Nine)* Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**21.00 Gátan ráðin II** *(1:4) (Bletchley Circle II)* Breskur myndaflokkur um fjórar konur sem unnu í dulmálsstöð hersins í Bletchley Park í stríðinu og hittast aftur árið 1952 til að leysa dularfullar morðgátur.
**21.50 Svipmyndir frá Noregi** *(Norge Rundt)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(21:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.05 Dansað á ystu nöf**
**00.35 Kastljós**
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.45 Solsidan**
**15.10 The Millers**
**15.35 The Voice**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Design Star**
**19.15 Everybody Loves Raymond**
**19.40 Trophy Wife** *(18:22)*
**20.05 Læknirinn í eldhúsinu** *(5:8)* Læknirinn Ragnar Freyr Ingvarsson hefur lengi haldið úti dagbók um matargerð á netinu og um síðustu jól gaf hann út sína fyrstu matreiðslubók sem ber heitið Læknirinn í eldhúsinu.
**20.30 Royal Pains** *(5:16)*
**21.15 Scandal** *(17:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi.
**22.00 Agents of S.H.I.E.L.D.**
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 CSI**
**00.15 Royal Pains**
**01.00 Beauty and the Beast**
**01.45 The Good Wife**
**02.30 Scandal**
**03.15 The Tonight Show**
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **14.30** Golfing World 2014 **15.20** LPGA Tour 2014 **17.20** PGA Tour Latinoamerica **17.45** Golfing World 2014 **18.35** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** PGA Tour Latinoamerica

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Þú gætir eignast nýjan
Skoda Citigo ef þú drífur
bílinn í skoðun!
GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM
Frumherji
OPIÐ Á LAUGARDAG Í
SKEIFUNNI
Opið frá kl. 9:00-14:00 þ. 17.05
AUKIN ÞJÓNUSTA!
Við komum til móts við þarfir viðskiptavina okkar og höfum opið á morgun laugardag. - Nýttu tækifærið og komdu í skoðun. - Heitt könnunni.
Engar tímapantanir (frjáls mæting).
HAPPDRÆTTI
Þeir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta skráð sig í happdrætti á heimasíðu Frumherja og þannig öðlast möguleika á því að eignast stórglæsilegan Skoda Citigo sem verður dreginn út 1. júlí 2014.
Bifreiðaskoðun
Frumherji
SKODA CITIGO
Frumherji
Bifreiðaskoðun Skeifunni
Sími: 570 9237 · Netfang; frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

## GOTT Á GRILLIÐ



**„Ég grilla mér oftast stóran safaríkan hamborgara eða gott nautakjöt.“**

Kristinn Steindórsson, atvinnumaður í knattspyrnu.

# Sömdu óvart þjóðhátíðarlag

Gleðigjafarnir í Baggalúti voru svo spenntir yfir að fá að spila á Þjóðhátíð í Heimaey að hljómsveitin samdi óvart þjóðhátíðarlagið í staðinn fyrir Jón Jónsson.

„Okkur var nú bara svo mikið í mun að fá að spila á Þjóðhátíð,“ segir Karl Sigurðsson, söngvari Baggalúts, en hljómsveitin samdi óvart þjóðhátíðarlag á dögunum. „Við höfum aldrei fengið að spila áður á Þjóðhátíð, þannig að við erum búnir að bíða í tíu ár eftir tækifærinu,“ segir Karl. „Það bara varð óvart til þjóðhátíðarlag af tilefninu, við erum svona að pæla hvað við eigum að gera við það núna,“ segir tónlistarmaðurinn og bætir því við að þetta hafi gerst allt frekar hratt. „Það er nú Bragi Valdimar sem á lagið. Án þess að vilja gera lítið úr textahöfundinum þá semja þessir textar sig eiginlega sjálfir. Þegar maður er að fjalla um Heimaey og brekkusöng þá raðast þetta heppilega vel saman,“ segir Karl en þjóðhátíðarlag strákanna er meira og minna klárt. „Ég held að við eigum ekki annarra kosta völ en að leyfa fólki að heyra það,“ segir söngvarinn.

„Ef við þorum að taka þetta á hátíðinni, mér skilst að það hafi ýmsir lent í þjóðhátíðarnefnd þannig að maður veit ekki hverju maður á að eiga von á,“ segir Karl en eins og kunnugt er þá skipaði nefndin tónlistarmanninn Jón Jónsson til þess að semja þjóðhátíðarlagið í ár. „Við vonum bara að allir taki þessu vel. Það er bara gaman að hafa fleiri en eitt þjóðhátíðarlag.“



**HLUPU Á SIG** Baggalútsmenn voru aðeins of fljótir á sér að semja þjóðhátíðarlagið.








**GÓÐUR MEÐ GÍTARINN** Guðmundur Þórarinsson er hér með einn af sínum bestu vinum, gítarinn. MYND/EINKASAFN



**TVEIR TÖFFARAR** Bræðurnir Ingólfur og Guðmundur Þórarinssynir á góðri stundu. MYND/EINKASAFN

# Nýr hjartaknúsari

Guðmundur Þórarinsson hefur vakið mikla athygli með nýju lagi og hefur meðal annars ratað í norska fjölmiðla en hann er atvinnumaður í knattspyrnu í Noregi.

„Ég samdi þetta lag þegar ég var að spila í Vestmannaeyjum sumarið 2012, eru ástarlög ekki alltaf tengd einhverri sérstakri manneskju,“ segir knattspyrnukappinn og tónlistarmaðurinn Guðmundur Þórarinsson en lag hans, sem nefnist Bálskotinn, hefur slegið í gegn á netinu.

Lagið gaf hann út á Youtube fyrir um mánuði. „Ég er mjög ánægður með viðtökurnar, það er frábært að sjá að fólk er að fíla þetta.“ Lagið hafði gerjast í höfði Guðmundar í um eitt ár áður en hann hljóðritaði lagið. „Ég fékk aðstoð frá góðum vini mínum, Fannari Frey Magnússyni, en hann hefur verið mín hægri hönd í tónlistinni,“ bætir Guðmundur við. Lagið er meðal annars þekkt fyrir að vera eitt aðallagið af svokölluðum klefalögum hjá ýmsum íþróttafélögum, og þá sérstaklega í kvennadeildunum.

Hann leikur knattspyrnu með Sarpsborg 08 í Noregi og hefur verið þar í rúmt ár. „Ég kann ágætlega við mig hérna og er aðeins að ná tökum á norskunni,“ segir Guðmundur spurður út í lífið í Noregi. Hann hefur samið eitt lag á norsku. „Ég á góðan vin sem aðstoðaði mig við að semja norskan texta, það er samt mjög langt í að það fari á Youtube,“ segir Guðmundur og hlær.

Hann hefur flutt tónlist sína í norskum fjölmiðlum en sækist þó lítið eftir því að skemmta í norskum fjölmiðlum eða á norskum skemmtistöðum. „Aðstandendur liðsins eru oft að reyna að fá mig til þess að syngja og spila hér og þar en stundum verður maður bara að kunna að segja nei.“ Þá má meðal annars finna myndbönd af honum leika tónlist sína á vefsíðu norska ríkisútvarpsins, NRK.

Hann langar að starfa við tónlistina samhliða knattspyrnunni í framtíðinni og hefur nú þegar samið um tíu lög. „Öll lögin sem ég hef samið eru frekar hress og skemmtileg, ætli ástæðan sé ekki sú að ég er frekar hress náungi sjálfur.“ Hans helstu fyrirmyndir fyrir utan bróður hans, Ingólf Þórarinsson eða Ingó Veðurguð, eru Justin Timberlake, Jón Jónsson og Friðrik Dór svo nokkrar séu nefndar. „Ég hlusta mikið á íslenska tónlist og finnst mikilvægt að syngja á íslensku. Það er svo magnað að tala tungumál sem aðeins um þrjú til fjögur hundruð þúsund manns kunna og við eigum að vera stolt af tungumálinu okkar,“ bætir Guðmundur við. Hann segist þó ekki hafa hugsað út í það að gefa út plötu á næstunni. „Ég ætla að sjá til hvað gerist, þetta kemur bara í ljós.“

gunnarleo@frettabladid.is

## Þekkt knattspyrnu- og tónlistarfólk

Ingólfur Þórarinsson, eða Ingó Veðurguð, er þjálfari Hamars og lék áður með Selfossi, Fram og Víkingi.

Jón Jónsson leikur með FH en var áður hjá Þrótti.

Guðmundur Reynir Gunnarsson spilar með KR en lék áður með GAIS.

Kristín Ýr Bjarnadóttir leikur með Val en lék áður með Avaldsnes IL í Noregi.

# Kaffi list er arftaki Næsta bars

Nýr staður, Kaffi list, verður opnaður á Klapparstíg í kvöld. Hann er eins konar arftaki Næsta bars en fyrrverandi eigandi Næsta bars, Augustin Navarro, er eigandi hans.

„Þessi staður verður mjög svipaður og Næsti bar, þarna verður róleg músík og þægileg stemning,“ segir Augustin Navarro Cortés. Hann opnar nýjan skemmtistað í kvöld sem ber nafnið Kaffi list og stendur hann við Klapparstíg 38.

Augustin átti hinn sívinsæla stað Næsta bar en lokaði honum í marsmánuði. „Helsti munurinn er sá að ég ætla að bjóða upp á tapas, smárétti og ýmsa rétti,“ bætir Augustin við. Hann hefur gjörbreytt staðnum og hefur unnið að kappi í um sex til sjö vikur við að gera staðinn tilbúinn.

Hann opnaði Kaffi list fyrst árið 1992 en lokaði staðnum árið 1999. Hann opnaði Næsta bar árið 2008 og var hann einn vinsælasti staður bæjarins.

„Ég ætla að hafa alls kyns tilboð eins og á Næsta bar. Ég ætla líka að bjóða upp á smárétti með ákveðnum drykkjum. Þetta verður í raun eins og endurbættur Næsti bar,“ útskýrir Augustin.



**OPNAR Á NÝ** Augustin Navarro Cortés, fyrrverandi eigandi Næsta bars, opnar nýjan stað í kvöld, Kaffi list. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kaffi list verður opnað klukkan 19 í kvöld. „Ég mun bjóða upp á ýmsa drykki og rétti í kvöld og það verður opið í kvöld til klukkan eitt. Það eru allir velkomnir, ég hlakka líka til að hitta gömlu kúnnana mína frá Næsta bar og gamla Kaffi list.“ - glp






FRANCIS PEYSA 9900
**TILBOÐ 5990**



CASUAL SKYRTA 9900
**TILBOÐ 5990**



HARRY SKYRTA 8990
**TILBOÐ 4990**



JEAN GALLAVESTI 12900
**TILBOÐ 6990**

**ÁSAMT FLEIRI TILBOÐUM**



SELVAGE GALLASKYRTA 8990
**TILBOÐ 4990**



SURFER BOLUR 5990
**TILBOÐ 3490**



CARLOS JAKKI 17990
**TILBOÐ 8990**



JAMIR JAKKI 15900
**TILBOÐ 8990**

**JACK & JONES®**
**KRINGLUNNI / SMÁRALIND**

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND

INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla og Vesturbergi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Eftirsóttur íþróttaálfur

**Magnús Scheving**, fyrrverandi íþróttaálfur, er með mörg járn í eldinum en auk þess að sinna starfi sínu sem forstjóri Latabæjar er hann líklega eftirsóttasti íslenski fyrirlesarinn í útlöndum.

Í síðustu viku var Magnús í Mexíkó þar sem hann hélt erindi um leiðtogahæfni fyrir framan sex hundruð manns í fyrirlestrasal í einum virtasta viðskiptaháskóla landsins, Anáhuac University. Magnús var þar meðal annarra fyrirlesara á borð við Kevin O'Leary, en sá er vinsæll stjórnandi bandarísku raunveruleikaþáttanna Shark-Tank þar sem frumkvöðlum eru gefin tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.



### Subterranean snýr aftur

Sá sögulegi atburður mun eiga sér stað á laugardag að hipphoppsveitin Subterranean mun koma aftur saman í allri sinni dýrð, sem sérlegur gestur á tónleikum **Cell 7**.

Sveitin hefur ekki komið fram síðan 1998 þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir tónleikahaldara.

Þau Cell 7, Magsee og Charlie D eru öll búsett hér á landi en Blackfist er flogið alla leið frá Stokkhólmi til að taka þátt í þessum stórviðburði í íslenskri hipphoppsögu.

Tónleikarnir fara fram á skemmtistaðnum Húrra og hefjast á slaginu 22. Magnús, Andri og Steingrímur úr hljómsveitinni Moses Hightower spila undir.

- ssb



## Mest lesið Vísir

1. Vigdísi sagt að þegja á þingi og hún kölluð „leiðinda friðarspillir"
2. Umfjöllun, viðtöl og myndir: ÍBV–Haukar 27-20 | Haukar komust ekki í gegnum Heimaklett
3. Líklegt að flugvallarstarfsmenn leggi niður störf til að sýna samstöðu
4. Stúlkan lagði sjálf fram myndbandsupptökuna
5. Bieber í bullandi vandræðum

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Útskriftarfötin!


40% afsláttur
af öllum jakkafötum frá
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI collezione